FRÉTTABLAÐIÐ
1. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 2. JANÚAR 2016

# Þorir, getur og vill

**Andri Snær Magnason** rithöfundur segir farsæld íslenskrar þjóðar felast í baráttu fyrir stórauknu lýðræði og vernd íslenskrar náttúru. Hann segir komið að ögurstundu í baráttunni um vernd hálendisins og að embætti forseta Íslands ætti að nýta í meiri mæli til náttúruverndar. ➔20



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## 20 ár í þjónustu við þjóðina ➔4





## Völvan spáir í spilin ➔28

## Frægir strengja áramótaheit ➔50



PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI
BÍÓSTÖÐIN ER Í SKEMMTIPAKKANUM
Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.
365.is | Sími 1817
365


Útsalan er hafin
Opið 11-18 í dag
SMÁRALIND






**Í dag** er spáð suðaustlægri átt, um 5-10 m/s og él sunnan- og vestantil á landinu, en þurrt og bjart norðanlands. Dregur smám saman úr vindi þegar líður á daginn og styttir upp. Hægt kólnandi veður.
SJÁ SÍÐU 62

## Íslenskt par handtekið í Brasilíu

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskt par var handtekið í Fortaleza í Brasilíu á milli jóla og nýárs, grunað um að ætla að smygla kókaíni út úr landinu. Karlinn er 26 ára og konan tvítug. Frá þessu greina brasilískir fjölmiðlar. Þar segir að þau hafi verið handtekin á gistiheimili í Fortaleza og að í fórum þeirra hafi fundist fjögur kíló á kókaíni.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins, segir að aðstandendur fólksins hafi haft samband við ráðuneytið. **- ngy**



Fyrsta barn ársins er drengur.

## Mætti eina mínútu yfir tólf

**SAMFÉLAG** „Það var óvenju mikið að gera í gær. Það er alltaf lágmarksmönnun á svona dögum en allt hefur þó gengið vel. Við hlaupum bara svolítið meira,“ segir Birna Gerður Jónsdóttir, ljósmóðir á Landspítalanum.

Fyrsta barn ársins var drengur og kom hann í heiminn eina mínútu yfir miðnætti.

Um sjö leytið í gærkvöldi höfðu sjö strákar og ein stelpa fæðst á fyrsta degi ársins. „Þetta er ekki búið í dag og það eru fleiri börn væntanleg í kvöld,“ segir Birna. **- ngy**

# Svangir ferðamenn á nýársdag




**Gott að gera** „Það var stórkostlega gott að gera og var stór partur af viðskiptavinunum ferðamenn,“ segir Baldur Ingi Halldórsson, framkvæmdastjóri Bæjarins beztu, en löng röð var eftir pylsum í gær við pylsuvagninn. Tugir veitinga- og kaffihúsa voru með opið á nýársdag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR

## Sjö slys vegna handblysa

**SAMFÉLAG** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sinnti 116 útköllum frá klukkan ellefu á gamlárskvöld til ellefu á nýársmorgun. Útköllin voru flest vegna hávaða og ölvunar. Mest var að gera rétt eftir miðnætti og voru þrír vistaðir í fangageymslu vegna líkamsárása, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni.

Starfsfólk bráðadeildar Landspítalans hafði í nógu að snúast þessa nýársnótt líkt og áður. Færri leituðu þó á deildina eftir flugeldaslys en áður.

Fest af þeim flugeldaslysum sem urðu á gamlárskvöld voru af völdum handblysa eða sjö af tíu slysum. „Ég man ekki til þess að hafa séð þessi slys í svona miklum mæli. Það er líklegt að einhver galli hafi verið í blysunum,“ segir Jón Magnús Kristjánsson, bráðalæknir á bráðadeild Landspítalans. **- ngy**

# Árinu 2016 stungið í samband upp í fjalli

**Unglingadeild björgunarsveitarinnar Ernis í Bolungarvík eyðir áramótum fjarri fjölskyldunni og uppi í Traðarhyrnu sem trónir yfir bænum. Bensínknúið skilti markar upphaf nýs árs. Þessi skemmtilegi siður hófst um aldamótin síðustu.**

**ÁRAMÓT** „Þetta er besta útsýnið yfir bæinn. Þú ert að minnsta kosti ekki með hálsríg að horfa á flugeldana,“ segir Ragnar Högni Guðmundsson, meðlimur í björgunarsveitinni Erni í Bolungarvík.

Ragnar hefur síðastliðin átta ár, ásamt unglingadeild björgunarsveitarinnar, séð um ljósaskilti í hlíðum Traðarhyrnunnar sem skiptir um ártal á miðnætti um áramót. Fjallshlíðin er frekar brött svo það er töluvert basl að komast upp.

„Við förum upp seinnipart dags á gamlársdag og setjum skilti þess árs upp. Það er knúið með ljósavél. Svo förum við aftur upp á miðnætti, fyllum vélina og látum hana ganga þar til hún verður bensínlaus. Svo fara allir að sofa og hún deyr bara einhvern tíma undir morgun,“ segir Ragnar.

Skiltið sjálft er heimatilbúið ef svo má segja. Ártalið er stafað með jólaseríu á stálgrind og á miðnætti er liðnu ári kippt úr sambandi og hið nýja ár gengur í garð þegar því er stungið í samband við fjöltengi. Ragnar segir að sami háttur hafi verið á í ár.

Það er snjóþungt í Bolungarvík, nyrsta bæ Vestfjarðarkjálkans, og niðamyrkur þegar hópurinn leggur af stað á fjallið þegar miðnætti nálgast. „Ég held að það hafi einu sinni komið fyrir hjá mér að við höfum þurft að kveikja á nýárskvöldi. Þá þurfti að fresta áramótunum um sólarhring vegna veðurs,“ segir Ragnar.

Árið 2011 voru vígðir snjóflóðavarnargarðar í Traðarhyrnunni sem ekki komu í veg fyrir að skiltið væri sett upp. „Við höfum í raun farið upp á keilurnar sem eru fyrir ofan varnargarðinn. Það er í ágætis hæð. Það er ákveðin stemning að hópurinn fari saman upp í fjall. Þú ert kominn upp í þá hæð sem flugeldarnir eru að springa og horfir beint inn í þá, sem er mjög gaman og öðruvísi.“

Að sögn Ragnars hófst siðurinn um aldamótin síðustu, og hefur haldist með smá hléum.




**Björgunarsveitin Ernir fer upp á Traðarhyrnuna hver áramót og kveikir á ljósaskiltinu á miðnætti.** MYND/RAGNAR HÖGNI

> **Þú ert kominn upp í þá hæð sem flugeldarnir eru að springa og horfir beint inn í þá, sem er mjög gaman og öðruvísi.**
>
> Ragnar Högni Guðmundsson



snaeros@frettabladid.is






KRINGLAN.IS

Kringlan

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA • 156166

**TÖLUR VIKUNNAR** 28.12. 2015 TIL 03.01.2016



**214** sinnum hafði Landhelgisgæslan sent þyrlur sínar í útköll á árinu 2015.



**25.680** börn fengu fyrir áramótin gjafabréf fyrir flugeldagleraugum.

**70 metrar** á sekúndu mældist sterkasta vindhviðan í óveðrinu á Austurlandi.




konur dvöldu í Kvennaathvarfinu á árinu 2015.

**213.279** E-töflur höfðu fundist á landinu í september.



**15.000** lítrar af freyðivíni seldust á tveimur síðustu dögum 2014.

**35%** ferðamanna sem koma til landsins að sumri koma til Norðurlands.



## Þrír í fréttum
### Forstjóri, athvarf og hluthafi í DV



**Árni Oddur Þórðarson**, forstjóri Marel, er viðskiptamaður ársins að mati dómnefndar Markaðarins, Stöðvar 2 og Vísis. Hann tók við stjórn fyrirtækisins undir lok árs 2013 og réðst strax í miklar breytingar á rekstrinum sem skiluðu betri rekstrarafkomu. Í viðtali við Markaðinn sagði Árni að þegar hann hefði hafið störf hefði honum orðið ljóst að starfsfólkið var jafnvel sterkara en hann bjóst við.



**Sigþrúður Guðmundsdóttir**, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, greindi frá því að að minnsta kosti 120 konur yrðu í athvarfinu á árinu sem var að líða. Árið þar á undan dvöldu 100 konur í Kvennaathvarfinu. Sigþrúður sagði umræðu í þjóðfélaginu skila sér jafnframt í fjölgun. Þá væri fagfólk duglegra að ráðleggja konum að leita til athvarfsins.



**Reynir Traustason**, fyrrverandi ritstjóri DV, segist ekki hafa fengið nein svör frá stjórnendum DV um hvenær aðalfundur verði haldinn né um hvort DV skuldi vörslugjöld eða um stöðu fjármála fyrirtækisins. Reynir á 13 prósenta hlut í DV og 20 prósenta hlut í fjölmiðlinum Stundinni. Hann fékk þau svör að hann væri samkeppnisaðili og fengi því ekki svör við spurningunum.

# Kveður eftir 20 ára þjónustu

**Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands mun ekki gefa kost á sér til endurkjörs í embætti forseta Íslands. Hann er þaulsetnasti forseti lýðveldisins en segist þó hvergi nærri hættur í að leggja þjóðfélaginu lið.**

**STJÓRNMÁL** „Ég met mikils traustið sem allt það góða fólk sýnir mér en bið það og landsmenn alla að íhuga vel lýsinguna á kjörstöðu Íslands sem ég hef í dag gert að meginboðskap. Í ljósi hennar og á grundvelli lýðræðisins sem er okkar aðalsmerki finnast mér blasa við hin réttu vegamót til að færa ábyrgð forseta á aðrar herðar og hef því ákveðið að bjóða mig ekki fram til endurkjörs,“ sagði Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, í nýársávarpi sínu í gær.

Til rökstuðnings fyrir því að gefa ekki kost á sér aftur í embætti forseta Íslands nefndi Ólafur þá staðreynd að óvissutímar meðal þjóðarinnar eru að mestu að baki og það hafi verið ástæðan sem margir hafi sett fyrir sig þegar Ólafur gaf aftur kost á sér fyrir fjórum árum.

„Sú margþætta óvissa sem fyrir fjórum árum leiddi til áskorana um að ég gegndi áfram embætti forseta mótar því blessunarlega ekki lengur stöðu okkar Íslendinga,“ sagði hann.

Hann nefndi að Icesave-málinu væri lokið, umsókn að aðild að Evrópusambandinu væri ekki haldið áfram án undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, uppgjör vegna föllnu bankanna og afnám gjaldeyrishafta væri á lokametrunum auk þess sem deila um stjórnskipan landsins væri komin í sáttafarveg.

Ólafur hefur setið sem forseti í 20 ár en hann var kosinn forseti þann 29. júní 1996. Hann er sautjándi þaulsetnasti þjóðarleiðtogi heims sem er ekki aðalborinn.

Ólafur hefur sett mark sitt á embættið en hann er eini forsetinn frá lýðveldisstofnun sem hefur beitt 26. grein stjórnarskrárinnar um málskotsrétt forseta. Árið 2004 synjaði hann fjölmiðlafrumvarpinu og hafnaði tveimur Icesave-samningum árin 2010 og 2011.

> **Hann hefur gert embættið miklu pólitískara. Hann steig inn á hið pólitíska svið kannski fyrst og fremst með því að synja lögum staðfestingar; fyrst fjölmiðlalögin og svo Icesave.**
>
> Guðni Th. Jóhannesson

Í ávarpi sínu sagðist Ólafur hvergi nærri vera hættur að starfa í þágu þjóðar. „Þótt annar muni halda um forsetastýrið verð ég áfram reiðubúinn að sinna verkum á þjóðarskútu okkar Íslendinga; er á engan hátt að hverfa frá borði; verð ætíð fús að leggjast með öðrum á árar,“ sagði hann.

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur segir Ólaf hafa sett mark sitt á embættið og að ákvörðun hans um að hætta muni skapa honum sess í sögubókunum.

„Hann hefur gert embættið miklu pólitískara. Hann steig inn á hið pólitíska svið kannski fyrst og fremst með því að synja lögum staðfestingar, fyrst fjölmiðlalögin og svo Icesave,“ segir Guðni.

„Svo er hann ólíkur síðustu tveimur forsetum, Kristjáni og Vigdísi, að því leyti að þau höfðu ekki verið virk í pólitík en þegar hann settist á Bessastaði átti hann sér langa pólitíska fortíð. Hann hefur ákveðið þarna sjálfur að það væri í verkahring forseta að láta meira til sín taka á hinu pólitíska sviði.“

Guðni telur að það verði vafalaust erfitt fyrir næsta forseta að feta í fótspor Ólafs.

„Ólafur hefur setið það lengi og verið það áberandi að menn, að minnsta kosti fyrst um sinn, beri arftakann saman við Ólaf og spyrji sig: „Hvað hefði Ólafur gert?“ eða eitthvað í þá veruna.“

Forsetakosningar árið 2016 fara fram þann 25. júní. Nýr forseti tekur formlega við embætti 1. ágúst 2016. **stefanrafn@frettabladid.is**



Ólafur hefur notið nokkurs trausts upp á síðkastið. Könnun á vegum MMR sýndi að 48 prósent landsmanna væru ánægð með störf Ólafs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Þau hafa verið nefnd til leiks

Nokkrir einstaklingar hafa verið orðaðir við embætti forseta Íslands og vafalaust mun fjör færast í leikinn nú þegar Ólafur hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér. Þorgrímur Þráinsson rithöfundur lýsti því í lok nóvember að honum þætti það líklegt að hann myndi gefa kost á sér í embættið. Elísabet Jökulsdóttir skáld hefur þá ákveðið að bjóða sig fram til forseta. Í Fréttablaðinu í dag segist Andri Snær Magnason rithöfundur ekki geta neitað áskorun um að bjóða sig fram sökum þess hve áhugaverðir tímar eru. Þá hefur Hrannar Pétursson, fyrrverandi upplýsingafulltrúi, sagst hafa íhugað framboð af fullri alvöru. Stefán Jón Hafstein, fyrrverandi borgarfulltrúi, íhugar málið einnig og Halla Tómasdóttir fjárfestir hefur sagst íhuga framboð. Enn fremur hafa nöfn Jóns Gnarr, framkvæmdastjóra dagskrársviðs 365, eða Katrínu Jakobsdóttur, formann VG, oft borið á góma.

## Ferill Ólafs Ragnars Grímssonar í embætti forseta Íslands

| 1996 | 1998 | 2000 | 2003 | 2004 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **29. júní** Ólafur Ragnar Grímsson er kjörinn forseti Íslands með 40,9 prósentum greiddra atkvæða. | **12. október** Guðrún Katrín Þorbergsdóttir forsetafrú deyr eftir harða baráttu við hvítblæði. | Ólafur er sjálfkjörinn forseti Íslands. | **14. maí** Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff ganga í hjónaband á afmælisdegi forsetans. | **2. júní** Ólafur Ragnar synjar fjölmiðlalögunum staðfestingu og beitir synjunarvaldi forseta í fyrsta sinn frá stofnun lýðveldisins. | **26. júní** Ólafur er endurkjörinn forseti Íslands með 67,5 prósentum greiddra atkvæða. |

| 2005 | 2008 | 2010 | 2011 | 2012 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| **3. maí** „You ain‘t seen nothing yet.“ Ólafur flytur eftirminnilega ræðu í Lundúnum þar sem hann mærir víkingaeðli útrásarvíkinganna. | Ólafur er sjálfkjörinn forseti Íslands. | **5. janúar** Ólafur Ragnar beitir synjunarvaldinu í annað sinn og hafnar Icesave-samningnum. | **20. febrúar** Í annað sinn hafnar Ólafur Icesave-samningnum. | **30. júní** Ólafur er endurkjörinn forseti Íslands með 52,78 prósent greiddra atkvæða. | **1. janúar** Ólafur tilkynnir að hann muni ekki gefa kost á sér aftur sem forseti Íslands. |





**BAKLEIKFIMI & SAMBALEIKFIMI**

UNDIR LEIÐSÖGN SJÚKRAÞJÁLFARA Í HEILSUBORG, FAXAFENI 14

Þriðju- og fimmtudaga kl. 12.05, 16.20 og 17.20
Upplýsingar og skráning á www.bakleikfimi.is

BREIÐU BÖKIN

# EINN EINN TVEIR
# Í BLÍÐU OG STRÍÐU Í 20 ÁR

Evrópska neyðarnúmerið 112 var tekið í notkun á Íslandi 1. janúar 1996. Það leysti af hólmi 146 mismunandi númer sem almenningur notaði til að fá neyðarþjónustu. Síðan höfum við gengið í gegnum súrt og sætt með þjóðinni.

Stór hluti þjóðarinnar, ungir sem aldnir, hefur hringt í 112 í aðstæðum sem kalla á faglega og skjóta aðstoð. Saman höfum brugðist við náttúruhamförum, óveðrum, slysum, eldsvoðum, glæpum og mörgu öðru sem kallar á aðstoð viðbragðsaðila.

Það gleður okkur að samkvæmt mælingum er þjóðin ánægð með þjónustu okkar. Við höldum áfram að standa vaktina og leysa úr erindum ykkar eftir bestu getu.



# Grunur um ógn í München

**ÞÝSKALAND** Lögreglan í München greip til harðra varúðarráðstafana yfir áramótin vegna hættu á hryðjuverkum, sem grunur var um að væri í bígerð.

Síðdegis í gær var hættuástandi aflýst en enn var þó leitað manna, sem grunaðir voru um að hafa ætlað að láta til skarar skríða um áramótin. Lögreglan talaði um fimm til sjö grunaða menn, sem allir væru frá Sýrlandi eða Írak. Talið var að nokkrir tugir manna hefðu verið handteknir og færðir til yfirheyrslu í tengslum við málið. **- gb**



**Obama Bandaríkjaforseti.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Obama herðir byssureglur

**BANDARÍKIN** Í næstu viku hyggst Barack Obama Bandaríkjaforseti kynna nýjar takmarkanir á skotvopnasölu í Bandaríkjunum.

Í bandarískum fjölmiðlum er fullyrt að hann ætli að ganga fram hjá þinginu, sem er andsnúið þessum breytingum. Þess í stað muni hann beita forsetaákvörðunum. Ekki hefur verið greint frá nákvæmu innihaldi nýju reglnanna né hvenær nákvæmlega þær verði kynntar.

Obama hefur lengi gagnrýnt harðlega hve ofbeldismenn eiga auðvelt með að komast yfir skotvopn í Bandaríkjunum og hvatt þingið til að herða reglurnar, án árangurs. Í Bandaríkjunum láta fleiri lífið af völdum skotvopna en í umferðarslysum. **- gb**

## Áramótin í Moskvu



**Flugeldar lýsa upp himininn yfir Frelsaraturninum, dómkirkju heilags Basils og Rauða torginu þegar nýju ári var fagnað** NORDICPHOTOS/AFP

# Ellefu sæmdir orðunni

**SAMFÉLAG** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sæmdi ellefu manns heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu í gær við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Sex konur og fimm karlmenn hlutu orðuna. Síðast voru konur í meirihluta orðuhafa árið 2000.

Orðuhafar eru Björgólfur Jóhannsson forstjóri, Elísabet Ronaldsdóttir kvikmyndagerðarmaður, Geirmundur Valtýsson tónlistarmaður, Guðrún Ása Grímsdóttir rannsóknarprófessor, Helga Guðrún Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður UMFÍ, Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, Hrafnhildur Schram listfræðingur, Hörður Kristinsson grasafræðingur, Ólafur Ólafsson, formaður Aspar, Steinunn Kristjánsdóttir prófessor og Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur fyrir framlag til íslenskra bókmennta. **- srs**


ALVÖRU ÚTSALA
Ríflegur afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI
Sturtuhorn og klefar 15-30% AFSLÁTTUR
Stálvaskar 30% AFSLÁTTUR
Keramik handlaugar 20-50% AFSLÁTTUR
Plastkassar 20-25% AFSLÁTTUR
Harðparket 20-30% AFSLÁTTUR
Asaki bor-/skrúfvélar 25-50% AFSLÁTTUR
Flísar 15-50% AFSLÁTTUR
WC 20-25% AFSLÁTTUR
Ryksugur (Iðnaðar & heimilsryksugur) 20-22% AFSLÁTTUR
Verkfæri 25-40% AFSLÁTTUR
Gúmmímottur 25% AFSLÁTTUR
Háþrýstidælur 20% AFSLÁTTUR
Smávörur allt að 50% AFSLÁTTUR
Verkfærakistur 20-30% AFSLÁTTUR
BoZZ hitastýrð blöndunartæki 20% AFSLÁTTUR
og ótal margt fleira!
Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Ósátt við söluaðferðir einkaaðila á flugeldum

**Jón Ingi Sigvaldason frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg segir einkaaðila í flugeldasölu fara óhefðbundnar leiðir í sölu. Einnig að þeir hefji sölu á flugeldum áður en lögbundinn sölutími hefst. Salan í ár var með svipuðu móti og í fyrra.**

**SAMFÉLAG** „Aukin samkeppni í flugeldasölu hefur áhrif á okkur. Við höfum reyndar aldrei sett okkur upp á móti samkeppni frá íþróttafélögum og öðrum félögum. Það er helst einkabransinn sem er að trufla en hann fer óhefðbundnar leiðir í sölu," segir Jón Ingi Sigvaldason frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Jón nefnir dæmi um að einkaaðilar hafi boðið vöru á fjörutíu prósenta afslætti sem hefur ekki verið til sölu áður. „Svo finnst mér mjög skrítið að einkaaðilar séu byrjaðir að selja flugelda áður en lögbundinn sölutími flugelda hefst. Minn skilningur er þannig að jafnvel þótt þú seljir á netinu er það sala," segir Jón en samkvæmt lögum má aðeins selja flugelda á ákveðnu tímabili.

Endanlegar sölutölur eru ekki komnar yfir flugeldasölu ársins en Jón er nokkuð viss um að salan hjá Landsbjörg hafi verið svipuð og í fyrra.

„Salan var mjög svipuð á flestum stöðum. Hún fór reyndar upp á einhverjum sölustöðum og niður á öðrum," segir Jón og bætir við að salan hafi þó verið fjölbreyttari í ár. „Það var ekki eitthvað eitt sem var vinsælast eins og venjulega er."

Jón kveðst vera ánægður með stuðninginn. „Þetta er stuðningur sem við gætum ekki verið án. Landsmenn virðast vera tilbúnir að aðstoða okkur hvenær sem er." **nadine@frettabladid.is**



**Jón Ingi Sigvaldason frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg segir flugeldasölu ársins svipaða og í fyrra. Endanlegar sölutölur liggja þó ekki fyrir.** MYND/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

> Þetta er stuðningur sem við gætum ekki verið án. Landsmenn virðast vera tilbúnir að aðstoða okkur hvenær sem er sem er frábært.
>
> Jón Ingi Sigvaldsson
> Slysavarnarfélagið Landsbjörg

**40%**

**afslátt hafa einkaaðilar veitt á vöru sem hefur ekki verið til sölu áður.**


SVELLKALDAR
ÁRAMÓTAKVEÐJUR
Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegs nýárs og þökkum samfylgdina á liðnu ári. Risastórt takk til allra sem mættu á Ingólfssvell Nova, sem kveður í bili eftir helgina.
Ingólfssvell er opið í dag, laugardag og á morgun, sunnudag frá kl. 12:00 til 22:00.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

# Við höfum ekkert lært af sögunni

**Meðal þess sem hæst bar í erlendum fréttum á árinu 2015 er hinn sívaxandi straumur flóttafólks til Evrópu. Þorleifur Arnarsson segist vonast til þess að þýska fordæmið verði ofan á og Björn Teitsson segir meintan vanda í Evrópu sáralítinn í hinu stóra samhengi.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is





Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða krossins, og Þorleifur Arnarsson leikstjóri ræddu það sem hæst bar í fréttum ársins af erlendum vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stuttu fyrir áramótin settust þeir Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða krossins á Íslandi, og Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri, sem er nýbúinn að frumsýna Njálu, stundarkorn niður með blaðamanni á kaffihúsi í miðbænum til að fara yfir sitthvað af öllu því sem hæst bar í erlendum fréttum ársins.

Þorleifur segir að helsta fréttaþema ársins hafi verið tvíþætt, en þó samtengt: „Það er annars vegar flóttamannakrísan í Evrópu og svo þessi uppgangur bæði íhaldsafla, og ekki síður næstum því öfgahægriafla, þetta skringilega sambland af popúlisma og nasjónalisma sem byggir að svo miklu leyti á fáfræði og óupplýstri umræðu en svo sannarlega ekki á staðreyndum. Þessu tengt má svo segja að ljósið í skugganum hafi verið það land sem við tengjum hvað helst við nasjónalisma og nasjónalsósíalisma, Þýskaland, sem er minn heimavöllur.“

Þorvaldur hefur lengi búið í Þýskalandi og segist hafa fylgst grannt með umræðunni þar. Hann segir vini sína hafa brugðist fúslega við ákalli um aðstoð, sumir snúið heim úr sumarbústað til Berlínar að kaupa hluti til að fara með til flóttamanna. Margir þeirra séu líka komnir með flóttamenn inn til sín.

„Þjóðverjar hafa opnað landamæri sín og Merkel leggur allt sitt pólitíska kapítal í þetta, með gríðarlega andstöðu í eigin flokki. Þetta er samfélag sem byggir svo mjög á upplýstri umræðu að óttastjórnmálin ná ekki í gegn nema að mjög litlu leyti og það er pólitísku forustunni að þakka og náttúrlega öflugum fjölmiðlum. Og þetta gerist á meðan við erum næstum því að horfa upp á fasistaumræðu í Bandaríkjunum, sem tekur varla á móti nokkrum manni frá Sýrlandi úr stríðinu sem þeir bera í rauninni ábyrgð á, því þetta fer allt til baka til lygainnrásarinnar í Írak. En maður vonar að þetta sem er að gerast í Þýskalandi verði ofan á, sem maður hlýtur þá að kalla þýska fordæmið.“

## Engin krísa í Evrópu

Björn tekur undir að þessi mál hafi verið mjög áberandi á árinu, en varar við því að tala um krísu eða eitthvað þaðan af verra.

„Til að setja þetta í samhengi þá er flóttafólkið sem hefur komið yfir Miðjarðarhafið í kringum milljón en í Evrópu búa alls yfir sjö hundruð milljónir manna. En ef við förum aftur til stríðsins í Írak þá flúðu til dæmis milli þrjár og fjórar milljónir Íraka til Sýrlands sem er alla jafna 20 milljón manna land, og akkúrat núna eru hátt í tvær milljónir flóttamanna í Líbanon sem er alla jafna svona sex milljón manna land. Þegar maður sér þetta í samhengi þá er Evrópa ekki að takast á við neina krísu. Sé pólitískur vilji þá er alltaf hægt að finna einhverjar lausnir,“ segir Björn.

„Einmitt núna,“ bætir hann við, „þegar við sjáum svo mikla mannflutninga að annað eins hefur ekki sést síðan í seinni heimsstyrjöldinni þá hljóta bæði ríkisstjórnir og samfélög að spyrja sig að því hvort við viljum í rauninni horfast í augu við það eftir nokkra áratugi að hafa ekki gert betur núna. Myndirnar frá Ungverjalandi voru til dæmis ógnvekjandi, vægast sagt, og við getum alls ekki látið þetta viðgangast að láta fólk vera á hrakhólum úti um alla Evrópu.“

„Við erum að sjá myndir eins og úr seinni heimsstyrjöldinni. Það er verið að kasta matarpökkum og sprauta á fólkið úr slöngum,“ segir Þorleifur. „Og þetta er birtingarmyndin af Evrópu. Við getum alveg setið hérna á kaffihúsum og haft nóg og allt til alls, en er gjaldið í alvörunni þetta? Auðvitað vonum við að þetta sé bara sjokk sem svo jafnar sig, því hættan er engin. Allar tölur sýna að efnahagslegur ávinningur af innflytjendum er mun meiri en kostnaðurinn af þeim. Auðvitað koma upp einhver aðlögunarvandamál sem þarf bara að takast á við, en við getum ekki látið eins og við séum bara litlir lokaðir ættbálkar eins og á 19. öld.“

> Ef það er frétt í þessu þá er hún það að við lærum ekki af sögunni. Frakkar, sem stóðu í hárinu á Bandaríkjunum árið 2003, eru í rauninni að endurtaka sömu mistökin
>
> Þorleifur Arnarsson

> Þetta er í fyrsta skipti frá seinni heimsstyrjöldinni sem Rauði krossinn hefur þurft að senda hjálparteymi til Evrópu, og það er mjög furðulegt.
>
> Björn Teitsson

Björn, sem starfar hjá Rauða krossinum, segir að verkefni samtakanna krefjist stundum undarlegra hluta, eins og að nú hafi norski Rauði krossinn þurft að senda starfsmenn, bæði lækna og hjálparteymi, til Berlínar til að sinna flóttafólki þar: „Þetta er í fyrsta skipti frá seinni heimsstyrjöldinni sem Rauði krossinn hefur þurft að senda hjálparteymi til Evrópu, og það er mjög furðulegt. En það er verið að taka þarna á móti fólki sem er hrakið og hefur verið á vergangi kannski í margar vikur. Þetta fólk þarf á sálfélagslegri aðstoð að halda og jafnvel læknisaðstoð líka.“

## Galin hugmynd

Hryðjuverkin í Evrópu hafa ekki síður verið áberandi í fréttum ársins. Evrópa hefur orðið í áfalli þótt í raun sé mannfallið lítið miðað við þær hörmungar sem ganga yfir fólk í Mið-Austurlöndum.

„Það er mjög skiljanlegt að þetta sé sjokkerandi,“ segir Björn. „Flestir af minni kynslóð hafa til dæmis farið til Parísar oftar en einu sinni. Sjálfur er ég mikill Parísarmaður og hefði ég verið í París á föstudagskvöldi þá hefði ég verið á nákvæmlega þessum stað. Þetta eru hverfin mín, og í þessi hverfi þar sem hryðjuverkin áttu sér stað býr líklega skilningsríkasta og opnasta fólkið gagnvart bara hverju sem er. Og kannski var það nákvæmlega markmiðið að skapa einhverja sundrungu meðal þessa fólks, sem ég held samt að hafi ekki tekist. Ætli það sé ekki frekar fólk sem er innilokað einhvers staðar annars staðar sem er mjög óttaslegið.“

„Auðvitað var þetta mjög sjokkerandi,“ segir Þorleifur. „Vinur minn til dæmis er tónlistarmaður og spilar á Bataclan tvisvar á ári. Ég náði ekki í hann fyrr en seint um nóttina. En það sem var meira sjokkerandi fyrir mig voru viðbrögðin. 2001 lýsa Bandaríkin yfir stríði gegn hryðjuverkum, sem er bara eins og að lýsa yfir stríði gegn norðanvindinum. Þetta er algerlega galin hugmynd og nú koma Frakkar, sem brugðust við Charlie Hebdo árásinni með samúð og samstöðu, eins og Norðmenn gerðu eftir Útey, en bregðast svo í annað skiptið. Því nú er Hollande undir pólitískri pressu og þarf að kaupa sér vinsældir. Hann byrjar á að lýsa yfir stríði gegn einhverjum hryðjuverkasamtökum og neyða alla vini sína með á samúðinni. Þannig að ef það er frétt í þessu þá er hún það að við lærum ekki af sögunni. Frakkar, sem stóðu uppi í hárinu á Bandaríkjunum árið 2003, eru í rauninni að endurtaka sömu mistökin.“

## Mikilvægasta frétt ársins

Þorleifur nefnir svo að loftslagssamningurinn, sem gerður var í París undir lok ársins, sé kannski mikilvægasta frétt ársins: „Við erum þarna mögulega að átta okkur á því að fjallsbrúnin, sem við erum að keyra fram af, er í alvörunni frekar há.“

Björn tekur undir þetta, en bætir við að svipaðir samningar hafi auðvitað verið gerðir áður: „Nú þurfum við bara að bíða og sjá hvort staðið verði við stóru orðin.“

## Gamlir jálkar

Fjölmargir aðrir stórir viðburðir hafa ratað í fréttir ársins, svo sem jarðskjálftinn mikli í Nepal, tímamótakosningar í Mjanmar og svo kosningaárið mikla í Grikklandi.

Björn nefnir líka hinn nýja forsætisráðherra í Kanada, Justin Trudeau, sem hefur hrist verulega upp í hlutunum bæði heima fyrir og á heimsvísu.

„Það er líka skemmtilegt á þessu ári að kosningar í Bretlandi hafi orðið til þess að Ed Miliband hætti og þá erum við komin með Corbyn, sem er mjög spennandi stjórnmálamaður. Svo erum við með svipaðan mann í Bandaríkjunum, Bernie Sanders. Þetta eru tveir jálkar, gamlir hippar, en samt einhvern veginn á svipaðri bylgjulengd og Trudeau. Ég held að verði mjög skemmtilegt að fylgjast með þessu breytta stjórnmálalandslagi. Þessum týpum sem eru miklir umhverfisverndarsinnar, láta sig kvenfrelsisbaráttuna miklu varða og reyna að verja þá sem veikari eru í löndum þar sem er mjög óbeislað markaðshagkerfi.“

„Já, það er held ég að verða einhver stór breyting í heiminum,“ segir Þorleifur. „Ég veit samt ekki hvort þessir menn séu endilega með svarið. Mér finnst gaman að fylgjast með Bernie Sanders, og mér finnst líka gaman að fylgjast með Corbyn í Bretlandi. En þetta er ofboðslega skrítið að horfa til manna sem eru undir áttræðu til að horfa fram á veginn.“

„En þetta er sannarlega búið að vera mjög áhugavert kosningaár,“ heldur Þorleifur áfram. „Í Bretlandi tekur íhaldið við og hótar að taka Bretland út úr Evrópusambandinu. Í Grikklandi tekur við harðkjarnavinstriflokkur sem er bara stillt upp við vegg af Evrópusambandinu, það er búinn til samningur, þeir bakka, losa sig við öfgafyllstu öflin en halda í raun og veru völdum. Í fyrsta skipti í mörg ár, held ég, er Grikkland nokkurn veginn að komast á beinu brautina, þótt auðvitað taki það mörg ár að byggja upp aftur.“

## Ebólan farin

Björn segir einnig ástæðu til nefna þá jákvæðu frétt að Gínea sé nú laus við ebólu: „Þá eru öll þessi þrjú lönd, líka Líbería og Síerra Leóne, laus við ebóluna. Þetta var stóra fréttamálið í fyrra og það er mjög ánægjulegt að við höfum rétt náð að útkljá það fyrir áramótin.“

Þorleifur segist hafa fylgst grannt með og grúskað í Volkswagen-málinu: „Sjálfur er ég mjög hrifinn af Þjóðverjum. Þetta er bara svo merkilegt að eitt af traustustu fyrirtækjum heims hafi verið staðið að slíkri heimsku. Stóru fyrirtækin eru stundum alveg jafn vitlaus og einhverjir smákrimmar. Hvernig geta menn í alvöru haldið að þeir verði ekki staðnir að verki ef þeir senda 14 milljón eintök af einhverju sem er með svindlmæli. Þetta er algerlega galið. Mér fannst þetta vera viðskiptafrétt ársins.“

Loks nefnir Þorleifur að á árinu hafi mannkynið eignast fyrstu ljósmyndirnar af Plútó: „Ég nefni þetta af því ég er sérstakur áhugamaður um geimferðir. Mér finnst geimferðir vera skýrasta birtingarmyndin um drauma mannkynsins. Og það verður í fyrsta sinn á næsta ári sem Bandaríkin hækka framlög til NASA gríðarlega. Kannski er mannkynið aftur byrjað að láta sig dreyma. Þetta væri þá fallegasta frétt ársins þegar við sigldum fram hjá Plútó. Fyrir utan að sjá Þjóðverja taka á móti fyrstu flóttamönnum á lestarstöðinni í München.“

F&F

# ÚTSALA

# 30-50%

AFSLÁTTUR

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

# Hann breytti embættinu



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ólafur Ragnar Grímsson ætlar ekki að gefa kost á sér til endurkjörs. Íslendingar sem ekki hafa náð miðjum aldri, muna ekki eftir öðrum forseta á Bessastöðum.

Tuttugu ár eru langur tími. Ólafur Ragnar sat ekki auðum höndum. Raunar má segja að á köflum hafi hann verið aðsópsmeiri en flestir fyrirrennara hans á heilum forsetaferli. Flestir forverar Ólafs, ef ekki allir, lögðu upp úr því að sitja á friðarstóli.

Það er ekki stíll Ólafs Ragnars. Hann er forsetinn sem sagði og gerði. Á meðan mótaði hann embættið. Kosningar í sumar munu öðrum þræði snúast um hvort halda eigi áfram þeirri vegferð Ólafs Ragnars að hefja forsetaembættið til raunverulegra pólitískra áhrifa.

Af áramótaávarpi forsetans mátti lesa milli línanna hvað hann telur til sinna helstu afreka á síðustu árum. Þar standa Icesave-samningarnir hæst. Ólafur Ragnar synjaði sem kunnugt er tvennum lögum staðfestingar er leggja áttu grunn að sátt í málinu. Þjóðin hafnaði lögunum í báðum tilvikum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ísland vann að lokum fullnaðarsigur í málinu. Forsetinn tefldi þar djarft, var ekki bara öryggisventill þegar á reyndi, heldur líka öflugasti talsmaður þjóðarinnar.

Ólafur Ragnar nefndi líka að tekist hefði að stöðva vegferð Alþingis í átt að ESB aðild. Nú sé öllum ljóst að slíkar grundvallarbreytingar á fullveldi þjóðarinnar verði ekki gerðar nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann telur sig einnig hafa átt þátt í að koma í veg fyrir breytingar á stjórnarskránni.

Þessi tvö síðastnefndu mál eru sumpart táknmynd þeirra breytinga sem Ólafur hefur gert á embættinu. Það er ekki endilega hvað hann gerir, heldur óttinn við hvað hann kunni að gera sem hefur stærst áhrif á daglegt pólitískt amstur á Íslandi. Stærsta einstaka atvikið í því samhengi var synjun hans á fjölmiðlalögunum árið 2004. Með því virkjaði Ólafur Ragnar stjórnarskrárbundinn málskotsrétt forseta sem legið hafði í dvala frá lýðveldisstofnun.

Allar götur síðan hafa stjórnvöld þurft að hugsa til þess möguleika að málskotsrétti verði beitt. Sennilega hefur þetta orðið til að auka vandvirkni á Alþingi. Líklegast er að makrílfrumvarpið umdeilda hafi að endingu strandað vegna ótta stjórnarliða við skoðun Ólafs á málinu. Ekki má heldur taka af Ólafi að hann er öflugur málssvari þjóðarinnar á alþjóðavettvangi.Þessi styrkur hans var öllum ljós í tengslum við Icesave-deiluna. Engum tókst betur að flytja málstað Íslendinga. Þessi óumdeildi styrkur hans hefur líka gert honum kleift að taka forystu á alþjóðavísu um málefni norðurheimskautsins.

Ólafur Ragnar er umdeildur forseti. Andstæðingar loka þó varla augunum fyrir því að forsetatíð hans er söguleg. Hann er forsetinn sem talaði máli okkar á alþjóðavettvangi, virkjaði málskotsréttinn og sat lengst allra. Það fer ekki hver sem er í fötin hans Ólafs Ragnars.

> **Raunar má segja að á köflum hafi hann verið aðsópsmeiri en flestir fyrirrennara hans á heilum forsetaferli.**




## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Ótvíræður skúrkur ársins 2015

Kenning nokkur kveður á um að aldrei skuli skrifa það á illgirni sem hægt er að rekja til heimsku. Ég sat með tveggja ára dóttur minni fyrir framan sjónvarpið þegar brúðumyndin Klaufabárðarnir birtist á skjánum. Dóttirin veltist um af hlátri. Á mig runnu hins vegar tvær grímur.

Síðustu daga höfum við keppst við að heiðra þá sem létu gott af sér leiða á liðnu ári, sköruðu fram úr eða vöktu almenna aðdáun. Því miður voru þeir þó jafnmargir sem teljast mega skúrkar ársins. Margir eru kallaðir. Einn skarar þó fram úr en sá lét illgirni sína – eða heimsku – skína allt fram á síðasta dag ársins.

### Að gera, lifa og upplifa

„Það kemur enginn bíll að ná í mig,“ sagði hún í símann. Klukkan var þrjú á aðfangadag. Það voru þrír tímar í að hún átti að mæta í jólaboðið.

„Nú,“ sagði gestgjafinn hinum megin á línunni. „Kemstu þá ekki?“

Í raun var svarið nei. En sumir láta hvorki lífið, veðrið né mannvonsku opinberrar þjónustu stoppa sig. „Jú, jú, ég kem.“

Ónefnd kjarnakona mér tengd lenti í slysi fyrir þremur árum og lamaðist illa. Hefur hún verið bundin við hjólastól síðan. Fyrir slysið var hún á stöðugum þeytingi – að gera, lifa og upplifa. Ótrúlegt en satt hefur það lítið breyst. Þrátt fyrir að vera bundin við stóran rafmagnshjólastól þeysist hún um bæinn, sinnir vinnu, sækir menningarviðburði og heimsækir fjölskyldu og vini. En til að komast leiðar sinnar þarf hún því miður að reiða sig á „skúrk ársins“.

### Gleymdist í bílnum

Árið 2015 byrjaði ekki vel hjá Ferðaþjónustu fatlaðra. Eftir að Strætó bs. var falin umsjón með Ferðaþjónustunni á höfuðborgarsvæðinu var eins og notendur hennar hefðu sogast inn í þátt af Klaufabárðunum. Ferðalangar voru sóttir seint og illa og stundum alls ekki. En ekki nóg með það:

- Í janúar hugðust tveir fjölfatlaðir bræður fara í mat til foreldra sinna. Bílstjóri Ferðaþjónustunnar vildi hins vegar bara aka öðrum þeirra til veislunnar.
- Í febrúar týndist átján ára þroskaskert stúlka. Fannst hún loks í bifreið á vegum Ferðaþjónustu fatlaðra fyrir utan heimili verktaka sem sinnti akstrinum.
- Í haust var níu ára einhverfur drengur skilinn eftir á bílaplani við matvöruverslun í nágrenni við heimili sitt í stað þess að honum væri ekið beint heim eftir skóla. Og svo mætti lengi telja.

### Aulaháttur eða illska

En aftur að kjarnakonunni í hjólastólnum. Í ljós kemur að fatlaðir eiga ekki að halda jól á sama tíma og við hin. Ferðaþjónusta fatlaðra hættir nefnilega akstri klukkan þrjú á aðfangadag. Mín lét það þó ekki stöðva sig. Hún klæddi sig í fjögur lög af útivistarfatnaði. Því næst hélt hún út í kuldann og ók á stólnum sínum eftir illfærum gangstéttum og akbrautum þegar ekki var kostur á öðru. Var hún mætt í jólaboðið á tilsettum tíma.

Seint verður sagt að við sem samfélag dekrum við þá sem þurfa aðstoðar við. Aðgengi fyrir fatlaða er víða bágborið. Grunnbætur öryrkja eru langt frá mannsæmandi launum. Þótt flestar stéttir á vinnumarkaði hafi fengið afturvirkar launahækkanir á árinu, meðal annars ráðamenn þjóðarinnar, þótti ekki þörf á að láta slíkt hið sama gilda um bætur til öryrkja og lífeyrisþega.

Rétt er að láta Ferðaþjónustu fatlaðra njóta vafans. Líklega skýrist bágborin þjónustan af aulahætti fremur en illsku; hún á meira skylt við Klaufabárðana en Svarthöfða. En það breytir því ekki: Að hætta akstri klukkan þrjú á aðfangadag – og gamlársdag – og útiloka þannig frá fjölskyldusamkomum þá sem ekki komast milli húsa með hefðbundnum hætti er ómannúðlegt. Það eru ekki allir sem treysta sér til að brjótast gegnum snjóskaflana á hjólastól í fjórum lögum af útivistarfatnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



AAB EINKUNN
6 KG
HRAÐVAL
Electrolux
FW-20L6120 Þvottavél
Vinsæl þvottavél frá Electrolux með A+ orkunýtni og hraðvali.
1200 snúninga stillanlegur vinduhraði
14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi, ullarkerfi og handþvottur.
Framstillt ræsing.
TimeSave - þvoðu á mettíma.
AutoSense þvottatækni.
A+++/A/B orkunýtni, þvottagæði og vinda.
Fullt verð kr. 74.900.-
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
49.900
SPARAÐU 25.000
XL 7 KG
BARKALAUS
RAKASKYNJARI
Electrolux
EDC-2074PDW barkalaus þurrkari
Barkalaus þéttiþurrkari með fullkomnum rakaskynjara, krumpuvörn og skjá.
Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara.
14 þurrkkerfi þ.á.m. bóullarkerfi, kerfi fyrir gerviefni, gallabuxnakerfi og blandað kerfi.
Hljóðmerki í lokin (valkvætt).
Stór lúga 43 x 33 cm.
Framstillt ræsing möguleg.
Fullt verð kr. 94.900.-
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
64.900
SPARAÐU 30.000
Electrolux
ESF-5511LOW/LOX Uppþvottavél
Hljóðlát vél með A+/A/A einkunn, Autokerfi, skjá og vandaðri innréttingu.
6 þvottakerfi þ.á.m. sjálfvirkt kerfi, sparnaðar- og erfiðiskerfi ásamt skolun.
2 hraðkerfi 30"og 60" með þurrkun.
Framstillt ræsing 1-24 klst.
Hljóðlát, 47 dB(A).
EnergySmart óhreinleikaskynjari.
HxBxD: 81,8-88 x 59,6 x 59 cm
Fullt verð kr. 73.900 / 84.900.
AAA EINKUNN
HLJÓÐLÁT
HRAÐVAL
STÁL
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
SPARAÐU 15.000
HVÍT
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
59.900
SPARAÐU 14.000
SPANHELLUR
Electrolux
EZB-3400AOX og EHH-6240ISK
Blástursofn með klukku og span elluborð með snertitökkum
Ofn með blæstri
8 kerfa blástursofn með þrívíddar blæstri, grilli ásamt undir og yfirhita.
Stafræn klukka með hringingu.
Fingrafarafrítt burstað stál.
Fullt verð kr. 74.900.
Spanhelluborð
4 spanhellur þ.á.m. 1 XXL hella.
Snertitakkar og barnalæsing.
Glerkantur.
Fullt verð kr. 84.900.
PR. STK
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
49.900
SJÁÐU VERÐIÐ!
185 CM HÁR
A+ ORKA
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
66.666
SPARAÐU 33.234
Electrolux
EN-13601AOW Kæli- og frystiskápur
185 cm hár kæli- og frystiskápur í hvítu
SpacePlus XXL að innan.
HxBxD: 185 x 59,5 x 63,2 cm.
Fullt verð kr. 99.900.
VERÐ FRÁ KR.
Þvottavélar............39.900,-
Þurrkarar...............39.900,-
Uppþvottavélar......39.900,-
Kæliskápar............14.990,-
Frystiskápar..........29.900,-
Frystikistur............29.900,-
Helluborð..............14.990,-
Ofnar.....................39.900,-
Háfar......................19.900,-
Viftur........................7.990,-
Örbylgjuofnar...........8.990,-
Í DAG KL. 11.00 HEFST
ÚTSALA
OPIÐ ALLA HELGINA
Electrolux
EEQ-10 Equipt ryksuga
Góð heimilisryksuga með frábærum sogkrafti. 1400W orkusparandi mótor sem skilar heilum 2200W.
3 lítra S-Bag örtrefjapoki.
Stillanlegur sogkraftur.
Air Clean II öragnasía.
Hægræsing, sprengir ekki öryggið.
7,5 metra vinnuradíus.
Fullt verð kr. 16.990.
7,5M VINNURADÍUS
1400W = 2200W
s.bag
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
9.990
SPARAÐU 7.000
SMÁTÆKI MEÐ ALLT AÐ
70%
AFSLÆTTI
Hundruð gerða af smátækjum með miklum afslætti. Sjáðu allt úrvalið á www.rafha.is
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
5.555
63% AFSLÁTTUR
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
3.490
50% AFSLÁTTUR
TRISTAR
GR-2843 Mínútugrill
Nett mínútugrill úr stáli.
Fullt verð kr. 6.990.
Electrolux
ESB-2300 PerfectMix blandari
Kraftmikill blandari með glerkönnu og stiglausri hraðastillingu. Malar ís.
Fullt verð kr. 14.990.
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
2.990
40% AFSLÁTTUR
REMINGTON
MD-4010 Skeggsnyrtir
Nett mínútugrill úr stáli.
Fullt verð kr. 4.990.
25-70%
AFSLÁTTUR AF
POTTUM & PÖNNUM
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
19.990
60% AFSLÁTTUR
sola THE NETHERLANDS
Diamond lúxuspottasett
Toppmódel frá Sola úr 18/10 hágæðastál. Hentar á allar hellur. Lífstíðarábyrgð og 30 daga ánægjuábyrgð.
Fullt verð kr. 49.900.
YFIR 60 GERÐIR!
Sjáðu allt úrvalið á rafha.is
Rafha ehf
Opið
virka daga 9-18
laugardag 11-17
sunnudag 11-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Komdu og gerðu
**frábær kaup!**

# Útsalan er hafin

**Opið 11–18** í dag

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT



SMÁRALIND

# Íþróttaárið 2016

Íslenskir íþróttamenn verða áfram í sviðsljósinu á nýju ári og Fréttablaðið skoðar í dag mögulega íslenska íþróttahápunkta á næstu tólf mánuðum.



## EVRÓPUMEISTARAMÓTIÐ Í FRAKKLANDI 10. júní til 10. júlí

Það verður einhver stærsta stund íþróttasögu Íslands þegar A-landslið karla í knattspyrnu keppir á sínu fyrsta stórmóti. Ísland verður í F-riðli með Portúgal, AUsturríki og Ungverjalandi og hefur keppni gegn sjálfum Cristiano Ronaldo og portúgölskum löndum hans þann 14. júní í St. Etienne. Búist er við fjölda stuðningsmanna Íslands til Frakklands og er líklegt að almennt knattspyrnubrjálæði leggist yfir Ísland fyrri part sumars.



## UNDANKEPPNI EM 2017

Kvennalandslið Íslands í knattspyrnu, körfubolta og handbolta eru öll að keppa um að komast á lokakeppni EM í sínum greinum. Knattspyrnukonurnar standa vel að vígi eftir sigra í fyrstu þremur leikjunum sínum en búast má við því að róðurinn verði þyngri fyrir handbolta- og körfuboltakonurnar.



## EM Í SUNDI 9.-22. MAÍ

Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eygló Ósk Gústafsdóttir komust báðar í úrslit á HM í 50 m laug í fyrra og ættu því að eiga möguleika á að berjast um verðlaun á EM í 50 m laug sem fer fram í London, þar sem þær kepptu báðar á Ólympíuleikunum 2012. Anton Sveinn McKee er einnig líklegur til afreka.



## EVRÓPUMÓTARÖÐIN Í GOLFI

Ísland eignaðist fullan þátttakanda á Evrópumótaröð kvenna í golfi þegar Ólafía Þórunn Kristinsdóttir varð á meðal 30 efstu á lokaúrtökumótinu fyrir mótaröðina undir lok síðasta árs. Þann magnaða árangur tryggði hún með því að fá fugl á síðustu holu sinni í mótinu. Valdís Þóra Jónsdóttir tók einnig þátt í úrtökumótinu og var nálægt því að fara jafnlangt og Ólafía Þórunn, sem fylgir nú í fótspor Ólafar Maríu Jónsdóttur og Birgis Leifs Hafþórssonar.

Fram undan er því langt og strangt keppnistímabil hjá hinum 22 ára Reykvíkingi en það hefst í Nýja-Sjálandi í febrúar. Svo taka við mót í Ástralíu, Kína og Marokkó áður en mótin koma til Evrópu.



## ÓLYMPÍULEIKARNIR Í RÍÓ 5.-21. ágúst

**Risastórt íþróttaár** nær hámarki í Brasilíu sem verður gestgjafi Ólympíuleikanna í þetta sinn. Þeir fara fram í Ríó de Janeiro, næststærstu borg Brasilíu, og er búist við stórfenglegum leikum. Fimm íslenskir íþróttamenn eru þegar öruggir með þátttökurétt á leikunum - frjálsíþróttakonurnar **Aníta Hinriksdóttir** og **Ásdís Hjálmsdóttir** og svo sundfólkið **Anton Sveinn McKee, Eygló Ósk Gústafsdóttir** og **Hrafnhildur Lúthersdóttir**.

Fleiri vinna að því að vinna sér keppnisrétt á leikunum. Meðal þeirra má nefna keppendur sem hafa farið áður á Ólympíuleika, svo sem júdómanninn **Þormóð Jónsson**, skyttuna **Ásgeir Sigurgeirsson**, karlalandsliðið í handbolta og boðsundssveit kvenna í sundi. Fjöldi annarra sérsambanda er svo að vinna að því að koma sínu fólki á leikana en þeirra á meðal má nefna fimleika, taekwondo, bogfimi, skylmingar, badminton, hnefaleika og lyftingar.

## EM Í FRJÁLSUM 6.-10. JÚLÍ



Aníta Hinriksdóttir og Ásdís Hjálmsdóttir hita upp fyrir Ólympíuleikana í Ríó á EM sem fer fram í Amsterdam í sumar. Þar geta þær blandað sér í baráttu um efstu sæti. Þetta verður síðasta tækifæri til að vinna sér inn þátttökurétt á ÓL fyrir aðra íslenska keppendur sem fara til Amsterdam.

## KRAFTLYFTINGAR



Ísland á fjölda keppenda í fremstu röð í heimsvísu í kraftlyftingum. Fanney Hauksdóttir er ríkjandi Evrópumeistari í bekkpressu í sínum þyngdarflokki og þeir Viktor Samúelsson og Júlían J. K. Jóhannsson hafa unnið til fjölda verðlauna í alþjóðlegum keppnum. Öll eiga möguleika á að gera enn betur í ár.

## GUNNAR NELSON



Tap Gunnars Nelson fyrir Demian Maia í Las Vegas í síðasta mánuði var lærdómsríkt fyrir okkar mann. Vonir standa til að hann verði fljótur að hrista það af sér og að hann taki minnst þrjá bardaga á þessu ári, þar sem hann mun freista þess á ný að klífa metorðastiga UFC.

## EUROBASKET 2017



Þátttaka Íslands á Eurobasket í Berlín í fyrra er mönnum enn í fersku minni. Undankeppni fyrir næstu keppni, sem fer fram í fjórum löndum (Finnlandi, Ísrael, Tyrklandi og Rúmeníu) á næsta ári, hefst 31. ágúst og lýkur 17. september. Leikið verður í fjögurra liða riðlum en dregið verður í þá í Þýskalandi þann 22. janúar.



## EM Í PÓLLANDI 15.-31. janúar

Strákarnir okkar fara enn og aftur á stórmót í handbolta í upphafi nýs árs og nú er það Evrópumeistaramót. Árangurinn á HM í Katar voru vonbrigði, sérstaklega þar sem Íslandi mistókst að komast inn í forkeppni Ólympíuleikanna í Ríó. Sá möguleiki er enn fyrir hendi en til þess þarf liðið að ná góðum árangri í Póllandi, sem þetta sterka og þaulreynda landslið sem Ísland á hefur vissulega alla burði til að gera.



## EM Í HÓPFIMLEIKUM 10.-16. OKTÓBER

Ísland varð Evrópumeistari kvenna í greininni árin 2010 og 2012 en missti titilinn til Svíþjóðar þegar mótið fór fram hér á landi fyrir tveimur árum síðan. Í ár verður EM haldið í Slóveníu og munu stelpurnar þá gera atlögu að því að fá Evrópumeistaratitilinn aftur heim.



## ÓLYMPÍUMÓT FATLAÐRA 7.-18. SEPTEMBER

Helgi Sveinsson og Jón Margeir Sverrisson munu berjast um verðlaun í Ríó í haust og ekki er útilokað að fleiri muni láta til sín taka. Jón Margeir vann gull í London fyrir fjórum árum og Helgi er heimsmethafi í spjótkasti í sínum fötlunarflokki.


Framtíðin er
full af möguleikum
Öllum þykir gaman að velta fyrir sér hvað framtíðin muni færa þeim af spennandi viðfangsefnum og áskorunum.
Okkar hlutverk er að auðvelda þér að leggja grunn að farsælli framtíð með traustri fjármálaráðgjöf.
Kynntu þér það sem við höfum að bjóða á arionbanki.is eða komdu við hjá okkur til að ræða þína framtíð.
Arion banki
– fyrir framtíðina



Páll og Andrea syngja með stórsveitinni en Sigurður er hljómsveitarstjórinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Öllu tjaldað til hjá Stórsveitinni

Andrea Gylfadóttir og Páll Rósinkrans syngja gullaldarsveiflur með Stórsveit Reykjavíkur á nýárstónleikum á sunnudaginn. Tónleikarnir eru haldnir í Hörpu. Andrea segist alltaf hafa gaman af að syngja með Stórsveitinni.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



„Við vorum að æfa í dag og það gekk alveg hreint stórvel, enda meistarar í hverju horni hjá Stórsveit Reykjavíkur,“ segir Andrea Gylfadóttir söngkona. Hún verður gestasöngvari á tónleikunum Gullöld sveiflunnar í Silfurbergi í Hörpu á sunnudaginn ásamt Páli Rósinkrans.

Þar fagnar Stórsveit Reykjavíkur nýja árinu með því að flytja lög í frumgerð þeirra frá árunum 1930 til 1945. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem stórsveitin heldur stórtónleika helgaða gullöld sveiflunnar, en tónleikarnir eru orðnir að árvissum viðburði. Þessir tónleikar um helgina eru í fjórða sinn sem Stórsveit Reykjavíkur fagnar nýju ári með þessum hætti.

Sjálft kveðst Andrea oft hafa sungið með Stórsveitinni gegnum tíðina bæði nýtt og gamalt efni og alltaf haft gaman af.

> **ÞAÐ VORU MARGIR SNILLINGAR Í TÓNLISTINNI Á ÞESSUM TÍMA**

„Þetta verða galatónleikar,“ segir hún.

„Ég fékk lög sem voru útsett fyrir söngkonur af stjórnendum bigbanda á þessu magnaða swing-tímabili sem var mjög skemmtilegt. Það voru margir snillingar í tónlistinni á þessum tíma,“ segir Andrea og nefnir Benny Goodman, Artie Shaw, Jimmy Lunceford, Cab Calloway, Charlie Barnet, Les Brown, Glenn Miller, Duke Ellington og Count Basie meðal þeirra sem séu hvað eftirminnilegastir.

Andrea segir söngvarana ekki í aðalhlutverkum á tónleikunum, heldur eins og hljóðfæri með part af lögunum.

„Bigböndin voru svo big,“ útskýrir hún og tekur fram að tónleikarnir hefjist klukkan 17 í Silfurbergi og stjórnandi þeirra og kynnir sé Sigurður Flosason.

## Hvað á að gera um helgina?



### FARÐU
Á leikritið ≈ [um það bil] í Kassanum í Þjóðleikhúsinu eftir Jonas Hassen Khemiri, þekktasta samtímaskáld Svía.



Erna Hrund lífsstílsbloggari

### GIFTIR SIG UM HELGINA
Um helgina rennur loks upp einn af stóru dögunum í lífi mínu því þá ætla ég að giftast ástinni minni og fagna því með okkar nánustu. Ég hlakka mikið til og vona að veðurguðirnir verði góðir við okkur því giftingin á að fara fram úti í garði!
Erna Hrund Hermannsdóttir



### SJÁÐU
Annan þáttinn af Ófærð sem sýndur er á RÚV á sunnudag.



Eva Laufey sjónvarspkona

### ENDURNÆRÐ INN Í NÝTT ÁR
Ég ætla að eyða helginni á Akranesi með fjölskyldunni minni. Borða, spila, hitti vini og almennt hafa það huggulegt. Kem endurnærð inn í nýtt ár.

### HLUSTAÐU
Á tónleika með hljómsveitunum Útidúr, Orphic Oxtra og MIRI sem haldnir eru 3. janúar á Húrra! Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og kostar 1.500 kr. inn.





Hannes Óli Ágústsson leikari

### LEIKHÚS OG BOLTINN
Ég hugsa að ég glápi á Manchester United gegn Swansea í dag, þó að það sé orðin hálfgerð kvöl að horfa á mína menn undanfarið. Svo ætla ég að reyna að skella mér í leikhús, helst báða daganna. Fullt á boðstólunum þar sem ég á eftir að sjá.




### LESTU
Bókina um Brynhildi Georgíu Björnsson eftir Ragnhildi Thorlacius sem kom út fyrir jólin. Ótrúleg ævisaga óvenjulegrar konu.

# DAGBÆKUR FYRIR ALLA




paperblanks
**Dagbók 2016**
**French Ornate Midi**
**VILDARVERÐ: 3.679.-**
Fullt verð: 4.599.-

paperblanks
**Dagbók 2016**
**Maya Blue Midi**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Fullt verð: 4.999.-

paperblanks
**Dagbók 2016**
**Hummingbird Midi**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Fullt verð: 4.999.-

paperblanks
**Dagbók 2016**
**Shadow Mini**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Fullt verð: 3.999.-




paperblanks
**Dagbók 2016**
**Poe Mini**
**VILDARVERÐ: 2.959.-**
Fullt verð: 3.699.-

MOLESKINE
**Vasadagbók - Hörð kápa**
**Star Wars**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Fullt verð: 4.999.-

MOLESKINE
**Vasadagbók -**
**Hörð kápa**
**VILDARVERÐ: 3.519.-**
Fullt verð: 4.399.-

**Dagbók Pennans**
**2016**
**TILBOÐSVERÐ: 1.349.-**
Verð áður: 1.799

## MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM DAGBÓKUM FYRIR ÁRIÐ 2016!

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gilda til og með 10. janúar. Önnur tilboð gilda út janúar 2016. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



## VESTA
Tungusófi hár, hægri og vinstri tunga. Grátt áklæði.
Stærð: 295 x 94/160 x 80 cm

**259.994 kr.** ~~399.990 kr.~~

**35%** AFSLÁTTUR



## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinsti. Grátt áklæði.
Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

**151.992 kr.** ~~189.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



## FRIDAY
Hornsófi með tungu 2H3/3H2.
Brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 330 x 260 x 90 cm

**229.993 kr.** ~~319.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR



## ELLY
Þriggja sæta. Margir litir.
Slitsterkt áklæði
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**59.994 kr.** ~~99.990 kr.~~

**40%** AFSLÁTTUR



**40%** AFSLÁTTUR

## SEATTLE
Borðstofustóll. Svartur.

**5.394 kr.** ~~8.990 kr.~~



## LEVANTO
Hægindastóll með skemli.
Svart leður.
Stærð: 77 × 75 × 109 cm

Leðurstóll með skemli.

**99.990 kr.** ~~149.800 kr.~~

**33%** AFSLÁTTUR



## KENYA
Hægindastóll.
Svart slitsterkt áklæði.

**37.493 kr.** ~~49.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR



## EIFFEL
Borðstofustóll. Hvítur
með svörtum löppum.

**8.992 kr.** ~~11.990 kr.~~



## STANLEY
La-Z-Boy hægindastóll úr
svörtu, brúnu eða vínrauðu leðri.
Stærð: 81 × 94 × 103 cm

**125.993 kr.** ~~179.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR



## DREAMTIME
La-Z-Boy hægindastóll.
Svart leður.
Stærð: 95 × 100 × 105 cm

**132.993 kr.** ~~189.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

Risa

# ÚTSALA

Allt að

# 60%

afsláttur

HEFST Í DAG – 2. JANÚAR

HÚSGAGNA
HÖLLIN



Þegar alræði meirihlutans kemur saman við flokksræði – þá er niðurstaðan hreint einræði, segir Andri Snær og segir ótal dæmi þar sem umdeildum málum er meðvitað haldið utan kosningabaráttunnar en fylgi keypt með rándýrum loforðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Komið að ögurstundu

Andri Snær telur komið að ögurstundu í baráttu fyrir vernd hálendisins. Hann hefur í mörg ár talað fyrir auknu lýðræði og framtíðarsýn sem byggir á hugviti og sköpunarkrafti. Hann hefur ekki tekið ákvörðun um að bjóða sig fram til forseta. En spyr sig í anda þeirra kvenna sem hann lítur upp til. Þori ég, get ég, vil ég?



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Andri Snær býr í austurborginni með eiginkonu sinni Margréti Sjöfn Torp og börnum þeirra fjórum, Hlyn Snæ, Kristínu Lovísu, Elínu Freyju, Huldu Filippíu og hundinum Trommu. Tromma gægist út um dyragættina, sérstakur á að líta, mjóleitur, grannur með silkisléttan feld með eins konar tígrismynstri og blíðleg augu. „Hann gæti verið blanda af kengúru og tígrisdýri eða ketti,“ segir Andri Snær léttur í lundu. „Hann geltir svona tvisvar í viku.“

Tromma er tveggja ára og af tegundinni Whippet. Andri Snær lýsir því að þegar hann eignaðist hundinn hafi hann séð fyrir sér að hann myndi bæta ráð sitt og fara með hann oft út að hlaupa. „En hann hleypur á sextíu kílómetra hraða, þess á milli vill hann kúra eins og köttur.“

Intróvert eins og eigandinn? „Já, ég er ansi hræddur um það.“ Tromma kemur sér fyrir við stóran stofugluggann, teygir upp hálsinn og sperrir upp eyrun meðan hún fylgist með smáfuglum í garðinum.

Andri Snær sest við borðstofuborðið. Jón Sigurðsson gægist svarthvítur og innrammaður á svífandi konu í mynd eftir Kristínu Blöndal. Til vinstri í holinu er blá og grænmáluð Herðubreið Stórvals og forvitnileg gömul svarthvít mynd af pari í fjallgöngu.

## Messur í stofunni

Andri Snær er fjórðu kynslóðar Árbæingur. „Það er áhugavert að alast upp í úthverfi sem virðist á yfirborðinu ekki eiga neina sögu eða merkingu, hvorki hinn sögulegi miðbær né sveitin né sjávarþorpið. Í dag alast langflestir Íslendingar upp í nýbyggðum sögulausum úthverfum og oft fylgja þau skilaboð um að sá sem býr þar sé ekki „alvöru,“ að maður hafi ekki kynnst „lífinu“. Langafi og langamma voru frumbyggjar í Árbænum, langafi var múrarameistari og byggði mörg helstu stórhýsin í Reykjavík eins og Landspítalann og Arnarhvál, Hann reisti stórt íbúðarhús áður en hverfið sjálft var skipulagt. Allir Árbæingar sofa í dag hornrétt á svefnherbergi langafa og langömmu. Húsið hét Selás 3 og það var stórt og reisulegt og þannig séð sögulegt fyrir þetta hverfi, stofan var vígð til að halda þar messur og þar var lengi vel eini síminn í hverfinu. En húsið var rifið einn daginn þegar ég var rúmlega tvítugur. Okkur þótti það leiðinlegt en við gerðum ekkert í því. Þá sá ég svo skýrt að ef maður tekur ekki afstöðu hefur maður engin áhrif á heiminn. Stundum verður maður bara að taka slaginn og stíga fram.“

Andri Snær steig fram og gaf út sína fyrstu ljóðabók Ljóðasmygl og skáldarán árið 1995 þá tuttugu og tveggja ára gamall. Ári seinna gaf hann út Bónusljóð sem vöktu athygli og voru lengi vel mest selda ljóðabók á Íslandi.

## Að vernda það sem maður elskar

„Ein af fyrirmyndum mínum er Þórður Helgason skáld. Þórður er vinur pabba míns og var mér mikil stoð þegar ég gaf út mína fyrstu bók. Hann las yfir ljóðin og sagði mér hvað ég ætti að halda áfram að vinna með og hverju ég ætti að sleppa. Hann hleypti í mig kjarki. Seinna meir kynntist ég merkilegu fólki í náttúruverndarbaráttunni, einn þeirra var Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur og rithöfundur. Hann var einstaklega fjölhæfur listamaður, ljósmyndari, kafari, líffræðingur, rithöfundur og náttúra Íslands varð hans ævistarf. Hann átt sér skýra sýn um hvernig þekking og skilningur gæti gert okkur kleift að umgangast jörðina betur. Einkunnarorð hans voru þessi: Þú verndar aðeins það sem þú elskar, þú elskar aðeins það sem þú þekkir. Þú þekkir aðeins það sem þér er kennt.“

## Sterkar kvenfyrirmyndir

Fyrirmyndir hans í lífinu eru fjölmargar. „Ég er kominn af miklu fjallafólki, amma og afi voru frumkvöðlar í Jöklarannsóknarfélaginu og svo afi og amma í Teigagerði sem héldu uppi villimannabúskap á Melrakkasléttu en þar geymir fjölskyldan sjálfsmyndina. Pabbi er fæddur á Norðfirði en þaðan var Herdís amma sem var mikill húmoristi og kjarnakona. Björn afi er fæddur á Bíldudal en hann varð skurðlæknir í New York og nýtur elliáranna á Florida, 94 ára gamall, en ég leit mest upp til móðurbróður míns sem varð einn fremsti krókódílasérfræðingur í heimi. Svo er það Árni Þór frændi minn sem keppti í Sarajevo 1984, sem hafði eðlilega mikil áhrif á 11 ára strák.

Það eru margar sterkar konur í kringum mig. Mamma er eineggja tvíburi svo ég á næstum tvær mömmur. Hulda amma fékk reiðhjól í fermingargjöf og hjólaði frá Reykjavík til Stykkishólms til að heimsækja ömmu sína en hún varð síðan fyrsta konan sem fékk svifflugupróf. Hulda systir mín er fyrsta íslenska konan til að verða heilaskurðlæknir. Magga konan mín er hjúkrunarfræðingur á Landspítalanum, hún er minn besti vinur og nánasti samstarfsmaður, hún er eitilharður yfirlesari og hefur lyft bókunum mínum á hærra plan.“

## Mótandi ár í Bandaríkjunum

Ungum var Andra Snæ kennt að umgangast náttúruna af virðingu.

> ÞÚ VERNDAR AÐEINS ÞAÐ SEM ÞÚ ELSKAR, ÞÚ ELSKAR AÐEINS ÞAÐ SEM ÞÚ ÞEKKIR, ÞÚ ÞEKKIR AÐEINS ÞAÐ SEM ÞÉR ER KENNT.

„Þegar við vorum komin heim keypti pabbi Volvo Lapplander og við hossuðumst um allt hálendið. Maður skynjaði vel hversu stórbrotið en um leið viðkvæmt landið okkar er og ég held að þessi ferðalög hafi skilið nokkuð mikilvægt eftir sig.“

Andri flutti með foreldrum sínum til Bandaríkjanna þegar hann var þriggja ára og bjó þar fram til níu ára aldurs. „Ég þóttist mjög sigldur þegar ég kom heim til Íslands. Þótt ég hafi ekki verið gamall fannst mér margir vankostir Íslands vera kostir, ég fékk einhverja íróníska fjarlægð eða kannski bólusetningu og ég sá hluti einhvern veginn frá öðru sjónarhorni. Mér finnst enn þá eins og við séum stundum ginnkeypt og hendum því sem er einstakt og sérstakt fyrir einhvern misskilning.“

## Of mikið vald stórfyrirtækja

Í bókum sínum hefur hann átt það til að spegla samfélagið með ýmsum hætti. „Ég held að í öllu því sem ég tek mér fyrir hendur sé ég að leika mér að hugmyndum og mér finnst áhugavert að reyna nýja hluti og ný sjónarhorn, það á ekki bara við um skáldskapinn heldur áhugamálin og hugsjónirnar líka.

Mér finnst hugmyndir áhugaverðar og stórar spurningar sem varða samfélagið og framtíðina. Síðustu ár hef ég verið upptekinn af stórum ákvörðunum sem hafa verið teknar á Íslandi varðandi fórn á náttúru landsins og virðist byggja á eftirsókn í öryggi sem færir í rauninni of mikið vald í hendur örfárra stórfyrirtækja. Oft heyrir maður rök um að ekkert annað sé hægt að gera en fólk hefur alltaf val, ekki síst hér á Íslandi. Ef menn vilja stjórna fólki er merkilega einfalt að taka frá þeim valkostina, mér finnst fólki hafa verið stýrt inn í stóriðjustefnuna.

## Aukið vald með nýrri stjórnarskrá

Hann nefnir að vinna að nýrri stjórnarskrá sé mikilvæg í þessu samhengi. „Nýja stjórnarskráin er mjög fallegt plagg og hún færir fólki aukið vald. Allt ferlið frá grasrótinni til þúsund manna þjóðfundar til stjórnarskrárnefndar var fallegur gjörningur og dæmi um eitthvað sem Íslendingar geta gert og ættu að vera stoltir af, eitthvað sem lýsir héðan.

Að henda þessari vinnu og skera á þetta lýðræðislega ferli er táknrænt fyrir hvernig við núllum út kraftana hjá hvert öðru og eyðileggjum gríðarlega vinnu.“

## Önnur framtíðarsýn

Andri Snær vill aðra framtíðarsýn. „Menn geta spurt af hverju menn eru ekki bara kátir? Er ekki excelskjalið að lagast? Er ekki allt komið í fullan gang? En ég held að ósamstaðan liggi í stórum málum þar sem meirihlutinn virðist vera að sigra en ekki að ná sáttum eða sameiginlegri niðurstöðu. ➡

LED SJÓNVÖRP
OLED SJÓNVÖRP
24“ LÍTIL SJÓNVÖRP
98“ STÓR SJÓNVÖRP
32“ SJÓNVÖRP
49“ SJÓNVÖRP
48“ SJÓNVÖRP
50“ SJÓNVÖRP
55“ SJÓNVÖRP
60“ SJÓNVÖRP

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 67% AFSLÁTTUR

65“ SJÓNVÖRP
79“ STÓR SJÓNVÖRP
ÚTVÖRP
HLJÓMTÆKI
84“ STÓR SJÓNVÖRP
HEIMABÍÓ
BLU-RAY SPILARAR
HEYRNARTÓL
BÍLGRÆJUR
MYNDAVÉLAR
SKJÁVARPAR
HÁTALARAR
SJÓNAUKAR
BLUETOOTH HÁTALARAR

LG PHILIPS THOMSON Panasonic
YAMAHA KENWOOD Nikon GRUNDIG UNITED EPSON JBL
harman/kardon OLYMPUS Dantax tasco TOSHIBA JVC SanDisk

OPIÐ LAUGARDAG 11-18 OG SUNNUDAG 12-18 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

Þetta virðist vera ósiður inni á þingi en síðan er þessu varpað út í samfélagið – þar sem frjáls félagasamtök og grasrótarhópar eru meðhöndlaðir eins og hver önnur stjórnarandstaða sem ber að sigrast á. Auðvitað er niðurstaðan neikvæð fyrir samfélagið. Þegar alræði meirihlutans kemur saman við flokksræði – þá er niðurstaðan hreint einræði. Almenningur býr í fjölbreyttu samfélagi og á vini, ættingja og vinnufélaga með margvíslegar skoðanir, en þegar menn setja hlemminn á hálft samfélagið þá hlýtur að sjóða upp úr. Dæmin eru ótal mörg þar sem umdeildum málum er meðvitað haldið utan kosningabaráttunnar en fylgi keypt með rándýrum loforðum.

Við höfum allt of veika framtíðarsýn, það er einhver tilfinning fyrir því að við séum að bítast um sömu bitana, að samfélagið sé á ystu nöf.“

**Lýðræði snýst um val**

Íslenskt lýðræði segir Andri Snær eigi að snúast um marga valkosti, ekki þrönga „Mér finnst sérkennilegt að ég hafi þurft að taka þátt í baráttu fyrir verndun Þjórsárvera á sjálfri 21. öldinni. Þegar fólk segir: Það er engin önnur hugmynd, þá ættum við að hugsa okkar gang. Við vitum að það eru alltaf til aðrar leiðir. Við megum ekki njörva heimsmyndina. Lýðræði snýst um val, og ef þú ætlar að hafa val þá þarftu að hafa valkosti. Ef fólk hefur verið barið niður í það að það sé bara einn kostur, þá er það ekki lýðræði. Og þess vegna sjáum við þessar miklu tilfinningar kringum stóriðjustefnuna. Við sjáum síðan hvernig menn tefla saman landsbyggð og höfuðborg eða níðyrðið 101 Reykjavík þegar raunin er sú að það eru jafn margir eða fleiri náttúruverndarsinnar úti á landi. Heimili fólks og heimabyggð er fólki heilagt og hálendið er sömuleiðis mörgum heilagt. Þegar þessu er stillt upp sem andstæðum verður niðurstaðan fullkomlega klofið samfélag.“

**Það á ekki allt að vera í rugli**

Andri Snær leiðir hugann að auðlindum landsins, öðrum en Íslendingum.

„Ísland veiðir um 1% af öllum fiski í heiminum, það er meira en Þjóðverjar, Danir og Frakkar veiða til samans. Ísland bræðir um 2% af öllu áli í heiminum, meira en Þjóðverjar og Frakkar til samans, við erum með uppsetta orku sem gæti nánast knúið Danmörku, hitaveiturnar skila okkur orku á við tvö kjarnorkuver, hreint og ókeypis, við erum með sex hundruð þúsund tonn af hreinu vatni á mann, sem er kannski dýrmætasta auðlindin. Við erum með fleiri ferðamenn á mann heldur en flestar Evrópuþjóðar. Ímyndum okkur allar þessar auðlindir samankomnar í einni 300.000 manna borg í Evrópu. Borg eins og Árósar, Malmö eða Kiel. Þessi Íslandsborg væri sjálfkrafa orðin stærsta iðnaðarborgin, mesta fiskveiðiborgin, mesta orkuborgin, stærsti ferðamannastaðurinn og hún ætti jafnframt mestu ósnortnu náttúruna, flestar lóur miðað við höfðatölu, gott listalíf ásamt því að öll kjöt- og mjólkurframleiðsla fer fram innan borgarmúranna. Myndu menn telja að þeir væru svo aðkrepptir að þeir hefðu ekki efni á myndarlegum þjóðgarði?

Það á ekki að vera allt í rugli hérna. Hér eru grunninnviðir fyrir milljón manna samfélag. Og ef við erum ekki „Noregur norðursins“ af þessum auðlindum þá eru sumar þeirra kannski ekki auðlindir, kannski bara gildrur sem draga athyglina frá því sem skiptir meira máli í menntun, viðskiptum eða vísindum. Ef við horfum á lönd með 10% af bananarækt heimsins eða mestu demantanámurnar þá er auðlegð ekki endilega fylgifiskur hráefnanna. Framtíðin býr ekki í því að sækja í fleiri auðlindir, við gætum fullvirkjað hálendið án þess að fá fleiri störf eða peninga. Mér hugnast ekki þessi framtíðarsýn að markmiðið sé saxa og saxa á náttúrugæðin og í hvert skipti er það alveg bráðnauðsynlegt.“

**Vanrækt hálendi**

Hann segir mikils virði ef Íslendingar eignuðust þjóðgarð. „Við eigum núna hálendi sem er afar verðmætt og skilar okkur tekjum á við sjálfa landhelgina en það er vanrækt. Menn skera niður í landvörslu. Það er svo skrítið að ástæðan gæti varla verið annað en hugmyndafræðileg. Að eiga glæsilega þjóðgarð yrði okkur mikils virði, hálendið er þarna núna, en það þarf að passa upp á það. Við þurfum á sérstöðu að halda til að bæta upp vankosti Íslands, við verðum að eiga eitthvað sem er öfgafullt og heilagt.“

**Baráttumaður**

Andri Snær segist aðspurður baráttumaður. „Þetta gæti verið barátta fyrir ljóðinu, ljóðið á heima víðar eða að það skorti skáldskap í umhverfið, það gæti verið að mér finnist barnabækur ekki njóta þeirrar virðingar sem þær eiga skilið. Það gæti verið eitthvað slíkt. Það gæti verið eins og nýjasta dæmið þar sem það kemur eins og skipun að ofan að ráðamaður ákveður bara að ríkið eða þjóðin eigi að byggja hús eftir eigin höfði. Eins og þetta sé hans persónulega mál.“

Andri Snær vísar í ósk forsætisráðherra um byggingu í gömlum stíl Guðjóns Samúelssonar. „ Ég er sammála því að húsið er fallegt í sjálfu sér en vinnubrögðin ganga ekki upp. Skipulagsmál eru víða í ólestri og mistök blasa alls staðar við. En ríkið hefur byggt glæsilegustu hús landsins og sum þeirra eru á viðkvæmum stöðum eins og nýi Hæstiréttur og viðbygging Alþingis sem Batteríið hannaði. Ef við viljum eignast Guðjón Samúelsson í samtímanum verðum við að trúa á fólk og gefa því tækifæri. Við getum ekki sniðgengið heila fagstétt. Hæfir arkitektar hafa hrökklast úr landi vegna verkefnaskorts. Ef maður þekkir arkitektúr almennt eða sögu Guðjóns Samúelssonar frá svona dönskum skólaverkefnum til Hallgrímskirkju og Þjóðleikhúss þá byggjum við ekki Disney-hús þótt það líti vel út á jólakortinu. Þú málar ekki eitthvað sem á að líkjast Kjarval eða biður Gus Gus að semja lag í anda Rick Ashley til að framkalla vellíðunartilfinningu.“

Á sama tíma viðurkennir hann að grunnhugsunin sé skiljanleg. „Menn verða að byggja hús sem falla að umhverfinu og það hefur allt of oft mistekist. En við verðum líka að hugsa um nýju hverfin. Ef ráðherra hefur raunverulegan áhuga á skipulagsmálum og arkitektúr þá væri mikilvægt að ræða gæði byggingarlistar almennt á Íslandi. Það lagast ekki með því að vantreysta samtíðarfólki. Það er í grundvallaratriðum rangt.“

**Firrt elíta gegn salti jarðar**

Þessi ósk finnst Andra kristalla þau skil sem hafa orðið á milli skapandi stétta á Íslandi og þeirra sem virðast ráða. „Menn hafa verið að keyra upp þennan klofning þar sem 101 Reykjavík og landsbyggðin eru settar upp sem andstæður. Hin firrta elíta gegn salti jarðar. Í rauninni eru þetta tveir viðkvæmir hópar sem þurfa á hinum að halda enda verða allar framfarir við blöndun og skörun hugmynda. Frábært dæmi er verkefni Listaháskólans, stefnumót hönnuða og bænda. Úthverfakrakkar sem vissu ekkert um búskap unnu með völdum bæjum og útkoman var mjög spennandi.“

Í pistli Andra, Í landi hinna klikkuðu karlmanna segir hann að hérlendis sé fjallað um sturlun sem norm, jafnvel lífsnauðsyn og æði sé æðsta dyggðin – allt sé talið eðlilegt ef „heimamaður“ vill þetta. Síðast en ekki síst segir hann ekkert jafn klikkað á Íslandi og hinn heilagi heimamaður.

„Heilagi heimamaðurinn er útgáfa af freka karlinum. Bæjarstjóri í þrjú hundruð manna sveitarfélagi í samningaviðræður við óþekkt rússnenskt olíufyrirtæki á meðan annar smábær hefur látið teikna alþjóðlegan flugvöll og malbikaðan Finnafjörð. Heilagi heimamaðurinn talar eins og hann sé handhafi landsbyggðarinnar. Sá sem efast er sjálfkrafa á móti landsbyggðinni. En hvað með fólkið úti á landi sem er á móti honum? Er það á móti sjálfu sér? Það er ekki skemmtilegt að horfa upp á landsbyggðinni blæða út og þorp leggjast af. Það er harmleikur. Stóri harmleikurinn væri að spilla landinu vegna þess að grunnþörf þorps er allt í einu orðin orka sem gæti knúið Kaupmannahöfn. Landsbyggðinni er gert að þróast út frá skammtímahagsmunum verktaka og orkufyrirtækja, annars er enginn áhugi á þeim. Vestfirðir eru gott dæmi. Hvað myndi gerast þar í menningu, listum, hátækni, landbúnaði, ferðaþjónustu og menntun ef þeir fengju fimm milljarða eins og kísilverið á Bakka fær í meðgjöf? Í rauninni finnst manni eins og það sé verið að spila á fólk.“



Ólafur Ragnar braut blað og færði þjóðinni kosningarétt í stóru máli og þjóðin kaus. Ég held að fólk vilji þetta vald, segir Andri Snær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

FJÖGUR ÁR VIRÐAST SKIPULÖGÐ Í MEGINATRIÐUM Í EINNI SUMARBÚSTAÐAFERÐ FLOKKSLEIÐTOGA OG SVO Á AÐ FRAMKVÆMA ÁN UMRÆÐU. EINA VALD ALMENNINGS ER AÐ BÖLVA VIÐKOMANDI Á SAMFÉLAGSMIÐLUM.

**Þori ég, get ég, vil ég?**

Nú horfum við fram í tímann. Í júní verða forsetakosningar. Hefur hann hugsað um að bjóða sig fram til forseta?

„Ég hef forðast þessa spurningu eins og heitan eldinn en hugsaði fyrst alvarlega um það þegar Guðmundur Páll ræddi það fyrir nokkrum árum. Vinkona mín spurði um þetta og ég hugsaði: Þori ég? Get ég? Vil ég? Eina ástæðan fyrir því að ég hef ekki neitað er hversu áhugaverðir tímarnir eru einmitt núna. Ég held að flestir vilji aukin völd og ný stjórnarskrá færir öryggisventilinn frá forseta til þjóðarinnar. Þarna er kafli um hvernig ákveðinn hluti landsmanna getur skotið málum til þjóðaratkvæðis. Icesave-málið er reyndar gott dæmi. Ólafur Ragnar braut blað og færði þjóðinni kosningarétt í stóru máli og þjóðin kaus. Ég held að fólk vilji þetta vald. Með nýju stjórnarskránni er öryggisventillinn færður til grasrótarinnar.“ segir hann og vísar í InDefence-hópinn sem var stofnaður í október 2008 af nokkrum Íslendingum sem ofbauð framferði breskra stjórnvalda gegn Íslandi við bankahrunið 2008. „ Þarna var komin grasrótarhreyfing sem aflaði sér meiri þekkingar og víðara tengslanets en sjálf ríkisstjórnin. Ríkisstjórnin fól að vanda ákveðinni skrifstofu í ráðuneytinu að sjá um verkefnið. En þeir voru í rauninni liðfærri en grasrótarhópurinn þar sem hver virkjar sitt tengslanet. Píanókennari úti í bæ gat náð sér í sérþekkingu sem jafnaðist á við upplýsingar þingheims og embættismanna. Mér finnst þetta spennandi tilhugsun sem styrkir tiltrú mína á aukið lýðræði. Með auknu lýðræði og þátttöku almennings í að taka ákvarðanir. Lýðræði er lifandi ferli og aukið aðgengi að upplýsingum hlýtur að kalla á þróun og það gerðist með stjórnarskránni.

**Ögurstund hvað varðar hálendi Íslands**

Síðan finnst mér við standa á ögurstund hvað varðar hálendi Íslands. Mér finnst náttúra Íslands ekki eiga sér málsvara hjá íslenskum stjórnvöldum og svo er heimurinn allur að breytast og ég hef sett mig vel inn í þau mál. Ég er reyndar í miðju verkefni hvað varðar bráðnun jökla og hnattrænar breytingar og hef rætt við marga helstu sérfræðinga heims á því sviði. Þar naut ég góðs af fólki sem Ólafur Ragnar bauð til landsins.“

Andri Snær nefnir Evrópu og flóttamannstrauminn. Hann segir mikilvægt að forseti Íslands styðji við Evrópu á umbrotatímum. „Mér finnst að forsetinn þurfi að vera mjög jákvæður gagnvart Evrópu. Ekki endilega hvað varðar að ganga í Evrópusambandið. Það eru leiðindaraddir komnar upp í allri Evrópu sem minna of mikið á það fólk sem kveikti í álfunni tvisvar á tuttugustu öld. Við getum ekki flúið þennan veruleika sem flóttamannastraumurinn er en það er hægt að leysa hann. Hvenær hefur Evrópa verið betri en hún er núna? Ekki 1940. Ekki 1980. Hún hefur aldrei verið betri,“ segir hann og leiðir hugann að stríðsárunum, kreppunni og þegar austurblokkin var í járnum. „Það er ekki sjálfsagt að það sé ekki stríð í Evrópu og Ísland á að styðja álfuna og tala hana upp, en ekki niður.“

Tromma og Andri Snær kveðja. Á leiðinni fram að dyrum tekur hann fram svarthvíta innrammaða ljósmynd af ömmu sinni og afa úr móðurætt sem er stillt upp í holinu. Þar sem þau standa brosandi með glampa í augunum á snævi þakinni jörð. „Þarna eru þau í brúðkaupsferðinni sinni uppi á Vatnajökli árið 1956 og á jöklinum er nefnd eftir þeim Brúðarbunga. Það er eitthvað við þessa mynd og þau sem minnir mig stundum á hvað er mikilvægt og hvað ekki.“

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu inni á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti
**Tvöfaldir kæliskápar með allt að 100.000kr afslætti**
Philips bluetooth hátalarar með allt að 67% afslætti
**Blu-ray DVD spilarar með allt að 33% afslætti**
Örbylgjuofnar með allt að 50% afslætti

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP FERÐATÆKI BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**Ofnar, háfar og helluborð á frábærum verðum**
Whirlpool þvottavélar frá 49.995
**Kæliskápar með allt að 46% afslætti**
Kaffivélar, brauðristar og önnur smátæki á miklum afslætti
**Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti**
Pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 75% afslætti

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ!**
**ALLA HELGINA**
Á SUÐURLANDSBRAUT
LAU. 11-18 – SUN. 12-18

Heimilistæki
www.ht.is

7 VERSLANIR UM ALLT LAND - SÍMI 5691500

wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

COOLER MASTER · ASUS · acer · steelseries · msi · Seagate · SanDisk · CORSAIR

# STÓRÚ

# ALLT AÐ 70%

# ÚTSALAN HEFS

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁ
SSD DISKAR • MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLV
HÁTALARAR • SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • V
MINNISKORT • SKANNAR • HEYRNARTÓL • STÝRIPINNAR • ÍHLU
HLJÓÐNEMAR • MÝS • FERÐAHÁTALARAR • DRÓNAR • HLJÓÐKO

**SÝNISEINTÖK OG LAGFÆRÐAR FARTÖLVUR OG SPJALDTÖLVUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI UM HELGINA !**

**YFIR 1.000 VÖRUR !**




**7 VERSLANIR UM ALLT LAND**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**RAUNHÆF MARKMIÐ**
**Einkaþjálfarinn Einar Kristjánsson segir mismunandi hvað hentar hverjum og einum og því mikilvægt að leiðir að breyttum lífsstíl séu einstaklingsmiðaðar. Hann forðast allar öfgar.**
**Bls. 2**






# FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

**ICECARE KYNNIR** *Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun. Sævar Guðmundsson hefur lést eftir að hann fór að taka Chili Burn. „Mér finnst þörfin í sykur hafa minnkað, mig langar ekki eins mikið að fá mér gos eða nammi og áður.“*

Chili Burn-töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt. Töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmintuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesíum. Chili Burn virkar þannig á þrefaldan hátt; það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina.

**HJÁLPAR TIL VIÐ AÐ LÉTTAST**

Sævar Már Guðmundsson hefur lengi átt í baráttu við aukakílóin og hefur hreyfing verið helsta ástæða þess að hann hefur ekki verið í ofþyngd. „Fyrir ári síðan var ég í mjög góðum málum og búinn að léttast töluvert á hálfu ári á undan. Þá hafði ég tekið mataræðið í gegn svo um munaði og hreyfði mig mikið. Álag í vinnunni gerði það svo að verkum að ég fór að hafa minni tíma til að æfa og borða rétt og fór þá að þyngjast aftur,“ segir Sævar.

„Þetta snýst allt um sjálfsaga og ég fann það á fyrstu skiptunum mínum í ræktinni að ég þurfti breytingu í öllu. Eftir að ég sá auglýsingu um Chili Burn ákvað ég að prófa það. Tæpum tveimur mánuðum síðar hafði ég lést um rúm fjögur kíló og fituprósenta lækkað um tæp fjögur prósentustig.“

**SYKURÞÖRFIN MINNI**

Sævar tekur Chili Burn-töfluna kvölds og morgna og hann telur það hjálpa til við að halda bruna gangandi allan daginn. „Með réttu mataræði hjálpar þetta mikið. Auk þess finnst mér þörfin í sykur hafa minnkað, mig langar ekki eins mikið að fá mér gosdrykki eða nammi eins og áður. Ég leyfi mér það þó einu sinni í viku.“

Hann segir það lykilatriði að hafa trú á þessu öllu saman. „Hreyfing skiptir mig miklu máli og rækt á líkamanum til að viðhalda hraustlegu útliti. Chili Burn hjálpar til við að halda niðri sykurþörf og mataræðinu í lagi auk þess sem það er vatnslosandi,“ segir Sævar.



**ÁNÆGÐ MEÐ ÁRANGURINN** Helene Jenssen hefur lagt af og ekki bætt kílóunum á sig aftur eftir að hún fór að nota Chili Burn.

**FANN LOKSINS ÞAÐ SEM VIRKAR**

Helene Jenssen hefur tekið Chili Burn-töflurnar inn daglega í rúma tvo mánuði. „Ég hef lagt af og ekki bætt kílóunum á mig aftur.“

Hún segist hafa barist við hliðarspik og stóran maga í mörg ár, reynt allt til að grennast en ekkert gengið. „Þegar ég las að chili væri náttúrulega efnið í Chili Burn-töflunum fór ég strax í næstu heilsuverslun og keypti mér pakka – og þá fór eitthvað að gerast! Eftir að ég fór að taka Chili Burn inn hef ég minnkað matarskammtana aðeins. Mér líður betur í maganum og ég er ekki eins þrútin og útþanin eins og ég var áður eftir máltíðir.“

**FRAMLEITT Í SKANDINAVÍU**

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa þróað þessar nýju töflur byggðar á efnum úr chili-plöntunni. Þykkninu hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda katekín-andoxunarefni. Klínískar rannsóknir, sem hafa verið birtar í vísindatímaritinu Obesity, sýna fram á að sama magn af þeim innihaldsefnum og er í töflunum getur dregið úr líkamsfitu. Sérfræðingarnir bættu piparmintuolíu við töfluna, sem dregur úr uppþembu og vindgangi. – Fólk með skerta lifrarstarfsemi ætti ekki nota Chili Burn.

- Ekki skal taka Chili Burn á tóman maga.
- Chili Burn er ekki ætlað börnum.
- Fólk með skerta lifrarstarfsemi ætti ekki nota Chili Burn.










# FORÐIST ÖFGAR Á NÝJU ÁRI

**ÁRAMÓTAHEIT** *Einar Kristjánsson, einkaþjálfari hjá Alpha Gym í Reykjanesbæ, þjálfar konur á aldrinum 18-40 ára í lyftingum. Mikill áhugi er fyrir þessari grein íþrótta. Einar hvetur fólk til að fara varlega í að taka áramótaheitið með trompi.*

Margir setja sér það markmið um áramót að efla líkamsrækt og hreyfingu. Einar segir að ef fólk vilji taka sig í gegn eigi það fyrst og fremst að forðast öfgar. „Mjög mikilvægt er að setja sér raunhæf markmið sem eru í samræmi við það sem viðkomandi hefur áhuga fyrir. Líkamsrækt höfðar mismunandi til fólks og nauðsynlegt er að finna sér sinn farveg. Það þarf að fara rólega af stað, láta alla safakúra og detox eiga sig,“ segir hann.

„Það er mismunandi hvað hentar hverjum og einum og þess vegna þarf að einstaklingsmiða breyttan lífsstíl. Ég myndi segja að mataræðið væri mikilvægast og að finna sér síðan skemmtilega hreyfingu. Þótt markmið séu í sjálfu sér mjög góð þá eru sumir sem fara fram úr sér og þurfa alltaf að ná lengra. Þá hættir fólki til að fara út í öfgar. Það er miklu betra að horfa til baka og hrósa sér fyrir þann árangur sem hefur náðst. Ofþjálfun er ekki til góðs og sumir fara yfir markið. Í janúar og febrúar ætlar fólk oft að gera allt of mikið á of stuttum tíma. Margir fara í ræktina í janúar af því að þeir þurfa þess en ekki af því að þeir vilji það,“ segir Einar enn fremur.

Hann segist benda fólki, sem er að byrja í líkamsrækt, á að byrja rólega. „Númer eitt í forgangsröðinni er mataræðið. Það þarf að borða rétt magn af hitaeiningum og það er hægt að reikna þær út frá markmiði og hreyfingu. Síðan þarf að skoða hæð, þyngd og hversu mikið þú hreyfir þig. Fólk í kyrrsetuvinnu sem hreyfir sig lítið þarf annað prógramm en þeir sem eru að þjálfa mikið. Samsetning á prótíni, fitu og kolvetnum þarf að vera rétt auk trefja. Ég er hins vegar ekki hlynntur því að taka kolvetni úr fæðunni. Betra að borða allt í hófi.“

Einar hefur starfað sem einkaþjálfari í átta ár. Þar á undan stundaði hann fótbolta. Fyrir ári opnaði hann sína eigin líkamsræktarstöð í Reykjanesbæ og ætlar að opna aðra í janúar. Sú heitir Sport4you og verður opin allan sólarhringinn. Einar segir mikinn áhuga á hreyfingu á Suðurnesjum. Hann hefur líka stóran hóp viðskiptavina á netinu í fjarþjálfun sem kallast AlphaGirls en viðskiptavinirnir eru staðsettir um allt land.

Stærsti kúnnahópur Einars eru kvenmenn sem vilja æfa lyftingar. Núna eru um 250 konur í þjálfun hjá honum. „Lyftingar eru mjög góð líkamsrækt. Góð styrktarþjálfun sem vinnur á öllum líkamanum. Þótt flestar konurnar séu á aldrinum 18 til 40 ára þá eru þær líka eldri. „Það var til dæmis ein 73 ára kona að þjálfa hjá mér,“ segir hann. „Konur eru harðar af sér og það er skemmtilegt að þjálfa þær. Lyftingar hafa verið nokkurs konar tískubylgja undanfarið. Þessar konur eru í toppformi. Geta tekið þyngdir í réttstöðulyftingum sem sumir karlar ráða ekki við,“ segir Einar sem á von á því að sjá mörg ný andlit á nýju ári.

elin@365.is



**VINSÆLL** Einar einkaþjálfari í Reykjanesbæ þjálfar 250 konur í lyftingum. Hann segir þær öfluga lyftingamenn.

## Forgangsröðun Einars þegar kemur að næringu

1) Hitaeiningar – í samræmi við líkamsástand, markmið og hreyfingu.
2) Samsetning orkuefna – rétt magn af prótínum, kolvetnum og fitu miðað við markmið og hreyfingu.
3) Nutrient-timing – tímasetning á því hvenær þú borðar og hvað þú borðar t.d. fyrir og eftir æfingu o.s.frv.
4) Fæðubótarefni.
5) Gæði fæðunnar.

Ef atriði 1 og 2 eru ekki í lagi, þá skipta atriði 3, 4 og 5 ENGU máli. Það skiptir engu máli þó svo að þú borðir ótrúlega „hollt“, bara lífrænt eða takir öll „réttu“ fæðubótarefnin ef þú ert ekki að borða rétt magn af hitaeiningum.





Gleðilegt nýtt dansár!

Innritun fyrir vorönn stendur yfir á www.jsb.is

FRAMHALDSNEMENDUR OG NÝNEMAR

**Jazzballett**
- Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir stelpur og stráka frá 6 ára aldri
- Í boði eru byrjenda- og framhaldshópar á aldrinum 6-8 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára og 16+
- Uppbyggileg dansþjálfun sem veitir svigrúm til sköpunar og frelsi til tjáningar
- Allir nemendur taka þátt í glæsilegri nemendasýningu í Borgarleikhúsinu á vorönn.

**Dansstudio JSB 20+**
- Jazz- og nútímadans fyrir 20 ára og eldri
- Varst þú í jazzballett á þínum yngri árum og langar að halda áfram að dansa?
- Fjölbreytt og skemmtilegt 10 vikna dansnámskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Tímabil: 11. janúar - 16. mars
- Bónus - Frír og ótakmarkaður aðgangur að tækjasal JSB og í líkamsræktartíma í opna kerfinu á meðan á námskeiðinu stendur.

**Forskóli fyrir 3-5 ára**
Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir börn á aldrinum 4-5 ára. Dansgleði og hreyfifærni nemenda virkjuð í gegnum dans og leiki.

**Nám og kennsla**
Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

**Kennslustaður:**
- *Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll.*

**Kennsla hefst 7. janúar, vertu með!**
Rafræn skráning á jsb.is, nánari upplýsingar í síma 581 3730

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB DANSLISTARSKÓLI

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • **www.jsb.is***




Borgarbókasafnið Sólheimum býður gestum að gera myndræn áramótaheit í dag.

## MYNDRÆN ÁRAMÓTAHEIT

Fyrstu dagar nýja ársins eru rólegir hjá flestum landsmanna. Ýmsir ókeypis viðburðir eru þó í boði fyrir fjölskylduna á höfuðborgarsvæðinu sem gaman gæti verið að kíkja á til að brjóta upp fríið.

Laugardagar eru ljúfir dagar í Borgarbókasafninu Sólheimum. Í dag verður hægt að setja áramótaheitin og/eða markmiðin fyrir nýja árið upp á myndrænan hátt. Safnið útvegar pappír, skæri, lím og myndefni en markmiðasetningin sjálf er í höndum gesta. Afraksturinn má hengja á ísskápinn heima eða á annan góðan stað svo fyrirheitin gleymist ekki í amstri dagsins heldur blasi við á hverjum degi. Opið er milli kl. 10 og 15 í dag.

Jólaverkstæðið verður á sínum stað í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem börnin geta föndrað og litað. Í Ráðhúsinu verður sérlegur aðstoðarmaður jólaverkstæðisins sem mun verða börnum til aðstoðar. Jólaskógurinn verður með nokkuð kvenlegum áherslum í ár til að fagna 100 ára kosningaafmæli kvenna. Opið er í dag frá kl. 12-18.

Listasafn Reykjavíkur býður ókeypis aðgang á sýninguna Út á spássíuna – textar, skissur og pár í list Kjarvals, í dag og á morgun sunnudag. Sýningin beinir sjónum að efninu, aðferðinni og ímyndunaraflinu í list Kjarvals. Við sjáum Kjarval að störfum með penna eða pensil á lofti þar sem hann teiknar, skrifar, rissar með bleki, blýanti eða tússi. Á sýningunni glittir í margar hliðar Kjarvals: rithöfundinn, skáldið, nýyrðasmiðinn, vininn, samferðamanninn en umfram allt listamanninn sem alltaf kemur á óvart. Kjarvalsstaðir eru opnir milli kl. 10 og 17 í dag.



# ÚTSALA

## ÚTSALAN HEFST 2. JANÚAR

LÁTTU SJÁ ÞIG OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

GLERÁRTORG

*–af lífi & sál–*

Glerártorg verslunarmiðstöð | Akureyri | www.glerartorg.is








**BREYTINGAR** Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar Reykjavíkurborgar, segir pöntunum á nýju plasttunnunni rigna inn. Borgarbúar séu meðvitaðir um endurvinnslu og flokkun. MYND/GVA

# AUKINN ÁHUGI Á ENDURVINNSLU

**HEIMILI** *Nýju ári fylgja nýir siðir. Breytingar urðu á sorphirðu í Reykjavík nú um áramótin. Deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar segir borgarbúa meðvitaða um flokkun og endurvinnslu.*

Reykvíkingar eru orðnir meðvitaðri um flokkun og endurvinnslu ef marka má viðtökurnar sem nýja plast tunna borgarinnar fær. Plasti hefur frá árinu 2006 verið hægt að skila á grenndarstöðvar í Reykjavík en frá því í október 2015 hefur borgarbúum staðið til boða að panta sérstaka tunnu undir plast við heimahús líkt og bláu tunnuna undir pappír.

„Það rignir hreinlega yfir okkur pöntunum fyrir grænu tunnurnar undir plastið. Við höfum þegar keyrt út mörg hundruð tunnur og höfum vart undan. Einnig er mun meira plast að skila sér á grenndarstöðvarnar. Það er því greinilega mikill áhugi á endurvinnslu hjá borgarbúum,“ segir Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar Reykjavíkurborgar

Breytingar urðu á sorphirðumálum borgarinnar nú um áramótin. Nú er gráa tunnan undir blandaðan úrgang sótt á 14 daga fresti í stað 10, bláa pappírstunnan sótt eftir 21 dag í stað 28 og þannig verður einnig með nýju grænu tunnuna undir plastið.

„Aukin flokkun hefur í för með sér rúmmálsminnkun á blönduðum úrgangi. Í sumar tók umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkurborgar því ákvörðun um gagngerar breytingar á sorphirðunni,“ útskýrir Eygerður

### NÝ SPARTUNNA

„Auk þess að breyta hirðutíma á sorpi höfum við einnig innleitt nýja tunnu undir blandað sorp, spartunnu. Við vorum áður með græna tunnu undir blandaðan úrgang sem var hirt í annað hvert skipti og hentaði íbúum sem fleygðu litlu magni af blönduðum úrgangi, til dæmis fólki sem flokkar mikið. Nýja spartunnan er helmingi minni en hefðbundin tunna, eða 120 lítrar og er grá að lit. Spartunnuna munum við hirða einnig á 14 daga fresti,“ útskýrir Eygerður.

### FÆRRI TUNNUR

Kostnaður við hefðbundna gráa tunnu undir blandað sorp er 21.300 krónur á ári en kostnaður við nýju spartunnuna verður 10.800 krónur á ári. Bláa tunnan undir pappírinn kostar 8.500 krónur á ári og græna tunnan undir plastið 8.400 á ári. Þeir sem flokka mikið gætu því sparað í sorphirðugjöldum en á heimasíðunni www.ekkirusl.is er að finna reiknivél sem sýnir á einfaldan máta kostnað við þá samsetningu af tunnum sem hentar viðkomandi heimili. Á síðunni er einnig að finna upplýsingar um losunardagatal og söfnunarstöðvar.

### MÁ PLASTIÐ EKKI FARA Í BLANDAÐ SORP?

„Plastið eru auðvitað stórt mál og við hjá Reykjavíkurborg ætlum okkur að horfa betur í það en það hefur engin ákvörðun verið tekin um að banna plastið í blönduðu tunnuna líkt og gert var með pappírinn. Þá höfum við lagt upp með að hjá Reykjavíkurborg sé það val að fá þessar flokkunartunnur við heimilin. Auðvitað mun alltaf stór hópur nýta sér grenndar- og endurvinnslustöðvar,“ segir Eygerður.



# ÚTSALAN

HEFST Í DAG



# 10 - 50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

SÓFAR / STÓLAR / BORÐSTOFUSTÓLAR / BORÐ / SKÁPAR
SVEFNSÓFAR / LJÓS / PÚÐAR / SMÁVARA

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

# ÚTSALA

Útsalan er hafin

20 - 50% afsláttur
af allri útsöluvöru

Gleðilegt nýtt ár

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-16

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook



Á CFDA-tískuverðlaunahátíðinni í New York.


Á götum Parísar.

# MINNIR Á BARDOT OG SCHIFFER

**FYRIRSÆTA ÁRSINS 2015** *Þýska fyrirsætan Anna Ewers var nýlega útnefnd fyrirsæta ársins af Models.com. Hún þykir um margt minna á hinar upprunalegu ofurfyrirsætur Brigitte Bardot og Claudiu Schiffer.*

Um 250 manns af öllum sviðum tískubransans hafa rétt til að kjósa fyrirsætu ársins en titillinn er veittur af models.com. Í hópnum eru meðal annars heimsþekktir hönnuðir, stílistar, ljósmyndarar, tískuritstjórar, hárgreiðslufólk og förðunarfræðingar. Fáum þeim sem þekkja til í tískuheiminum kom valið á Ewers á óvart enda hefur þessi ljóshærða fegurðardís tekið tískupallana með trompi þetta árið og auk þess setið fyrir á forsíðum tískutímarita um allan heim.

Önnu Ewers hefur oft verið líkt við tvær þekktar fyrirsætur, þær Brigitte Bardot og Claudiu Schiffer, og þykir vel heppnuð blanda af þeim báðum. Þá þykir hún mun kynþokkafyllri og kvenlegri en þær fyrirsætur sem vinsælastar hafa verið hin síðari ár. Velgengni sína má hún einnig þakka tengslum sínum við tískuheiminn, en hún er til dæmis ein af skáldgyðjum Alexanders Wang og kemur fram í flestum hans tískusýningum og auglýsingaherferðum. Feril sinn byrjaði hún nítján ára gömul þegar hún sýndi fyrir Wang hjá Balenciaga fyrir þremur árum.

Ewers hefur nú tekið þátt í yfir tvö hundruð sýningum, þar á meðal fyrir Versace og Marc Jacobs. Hennar helsti kostur er fjölhæfni að mati Alexanders Wang, en hann telur það einstakan hæfileika í dag sem minni um margt á hinar upphaflegu ofurfyrirsætur.









Erum flutt í Síðumúla 30

Innritun
og upplýsingar
á dansskoli.is eða
í síma 553 6645

Salsa
Break
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámsskeið fyrir hópa
Börn - Unglingar - Fullorðnir

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI
Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar
www.dansskoli.is | dans@dansskoli.is | sími 553 6645

## Vesturbyggð auglýsir eftir skólastjóra og tónlistarkennara við Tónlistarskóla Vesturbyggðar

VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð auglýsir eftir skólastjóra og tónlistarkennara við Tónlistarskóla Vesturbyggðar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Húsnæði í boði. Nánari upplýsingar veitir: Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, asthildur@vesturbyggd.is og í síma 864-2261.

## TÆKNIMAÐUR SELFOSS

VEGAGERÐIN

**Laust er starf tæknimanns í tæknideild Vegagerðarinnar á Selfossi. Um 100% starf er að ræða. Með tilliti til aldurssamsetningar starfsmanna Vegagerðarinnar er gjarnan tekið við umsóknum frá yngra fólki með nýleg próf.**

**Starfssvið**
- Áætlanagerð viðhalds- og framkvæmdaverka
- Gerð útboðslýsinga og kostnaðaráætlana
- Hönnun smærri verka
- Ýmis stjórnsýsla og samráð við hagsmunaaðila vegna framkvæmda
- Eftirlit með framkvæmdum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri
- Eftirlit með klæðingaryfirlögnum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri
- Skáningar í gagnabanka að loknum framkvæmdum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Reynsla af ámóta störfum er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með tilskildar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 18. janúar 2016. Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang oth@vegagerdin.is Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Svanur G Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis í síma 522 1310, og Erlingur Jensson deildarstjóri tæknideildar í síma 522 1330.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## FORSTÖÐUMAÐUR ÞJÓÐHAGSVARÚÐAR

▶ Fjármálaeftirlitið leitar að öflugum einstaklingi í starf forstöðumanns yfir teymi þjóðhagsvarúðar á greiningasviði

Starfið felur í sér umsjón með einingu sem hefur það hlutverk að greina kerfisáhættu og þróun á fjármálamörkuðum og miðla þeim upplýsingum út á við og til annarra starfseininga Fjármálaeftirlitsins. Einnig gerir teymið tillögur um breytingar á lögum og mótar reglur og leiðbeiningar er varða stýringu áhættu á fjármálamarkaði.

### Starfssvið
- Ábyrgð á greiningu markaða og gerð álagsprófa
- Mat á fjármálastöðugleika og kerfisáhættu
- Umsjón með gerð og framkvæmd verkáætlunar
- Ábyrgð á framsetningu og miðlun upplýsinga
- Ábyrgð á daglegum rekstri og mótun liðsheildar
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi

### Menntunar- og hæfnikröfur
- Framhaldsmenntun á háskólastigi eða mikil reynsla sem nýtist í starfi, einkum á sviði fjármála eða hagfræði
- Viðeigandi þekking á fjármálamörkuðum og áhrifaþáttum fjármálastöðugleika nauðsynleg
- Rík greiningarhæfni og þekking á gerð álagsprófa
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, ábyrgð, heiðarleiki og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku sem og í miðlun upplýsinga

Frekari upplýsingar veita Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri (jonthor@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Markaðsstjóri

Framsækið alþjóðlegt fyrirtæki í veitingarekstri óskar eftir að ráða reyndan markaðsstjóra. Leitað er að aðila með árangursmiðað hugarfar, drifkraft og brennandi áhuga á markaðs- og neytendamálum. Um krefjandi og líflegt starf er að ræða hjá öflugu fyrirtæki með sterka markaðshlutdeild.

**Helstu verkefni:**
- Mótun markaðsstefnu, markmiðasetning og gerð markaðsáætlana
- Innleiðing og eftirfylgni markaðsaðgerða
- Umsjón, greining og eftirfylgni söluáætlana
- Samskipti við auglýsingastofur og birtingahús
- Umsjón með vefsíðu og samskiptamiðlum
- Vöruþróun og innri markaðsmál

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða, markaðsfræða eða sambærilegt nám
- Haldbær reynsla af stjórnun markaðsmála
- Góð þekking á matvöru- eða veitingamarkaði er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð samskipta- og samvinnufærni
- Frumkvæði, þjónustulund og metnaður til að ná árangri í starfi

**Upplýsingar veitir:**

Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is og skal umsókn fylgja greinargóð ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með 11. janúar nk.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Sérfræðingur - gjaldkeri og laun

Traust innflutnings- og þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða gjaldkera sem jafnframt sér um laun.

Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg sem og þekking á NAV.

Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar nk.
Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is




# Hjúkrunarfræðingar lausar stöður

Lausar eru til umsókna stöður hjúkrunarfræðinga á Hrafnistu í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Starfshlutfall samkomulagsatriði.

**Nánari upplýsingar veita:**
Hrafnista í Hafnarfirði, Árdís Hulda Eiríksdóttir, forstöðumaður, í síma 693 9502
Hrafnista í Reykjavík, Sigrún Stefánsdóttir, forstöðumaður, í síma 664 9400
Hrafnista í Kópavogi, Bjarney Sigurðardóttir, forstöðumaður, í síma 664 9555

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Góð samaskipta- og samstarfshæfni

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Hrafnistu, www.hrafnista.is
og á heimasíðu Talent ráðningar & ráðgjöf, www.talent.is
Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum.

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær

HÖFÐI *hjúkrunar- og dvalarheimili*

## Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði á Akranesi auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar.
Á Höfða eru 75 íbúar, 56 í hjúkrunarrýmum og 19 í dvalarrýmum. Nánari upplýsingar um heimilið er á heimasíðu þess **www.dvalarheimili.is.**

Hjúkrunarforstjóri hefur faglega forustu og ábyrgð á sviði hjúkrunar og umönnunar á heimilinu.
Stjórnar faglegri þróun, rekstri og starfsmannahaldi heimilisins á sviði hjúkrunar og umönnunar.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi.
Framhaldsmenntun í stjórnun og rekstri æskileg.
Góð tölvukunnátta áskilin.
Reynsla og þekking á rekstri og stjórnun á sviði öldrunarmála er æskileg.
Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum er áskilin sem og hæfni til að vinna sjálfstætt og skipulega.
Leitað er að einstaklingi með áhuga á öldrunarmálum og vilja til að takast á við krefjandi verkefni.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og launanefndar sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2016.**

Nánari upplýsingar um stöðu hjúkrunarforstjóra veitir:
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri, sími 856-4302
netfang: **kjartan@dvalarheimili.is**

Umsókn og ferilskrá ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið sendist á netfangið kjartan@dvalarheimili.is. Umsókn má einnig senda til framkvæmdastjóra Höfða, Sólmundarhöfða 5, 300 Akranesi. **Öllum umsóknum verður svarað.**




# Söluráðgjafi, dýrarannsóknir

**Star-Oddi leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í fjölbreytt og spennandi starf. Fyrirtækið er framsækið á sviði mælitækni fyrir rannsóknir á dýrum og náttúrulífi í hafi og á landi. Langflestir viðskiptavinir eru erlendir. Framtíðarsýn okkar er að vera leiðandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu lítilla, áreiðanlegra og harðgerðra mælitækja fyrir rannsóknir viðskiptavina okkar.**

Starfssvið felst í sölustuðningi og tæknilegri aðstoð vegna hita-, hjarta- og virknimæla fyrirtækisins og leiðbeina viðskiptavinum vegna notkunar mælanna og innsetningar í dýr. Mælarnir eru seldir til fyrirtækja og stofnana sem stunda rannsóknir á dýrum vegna lyfjaþróunar, náttúrulífsrannsókna og rannsókna á velferð dýra. Söluráðgjafi heldur einnig utan um kynningaraðgerðir í samstarfi við sölu- og markaðsstjóra og tekur þátt í vöruþróun.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d heilbrigðisverkfræði
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Góð enskukunnátta

**Gildi okkar eru áreiðanleiki, metnaður og heiðarleiki og leitumst við að fylgja þeim í hvívetna í störfum okkar.**

**Kostur:**
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi mikill kostur
- Reynsla af lestri og helst skrifum á ritrýndum vísindagreinum mikill kostur
- Lífeðlisfræðileg þekking á spendýrum og fiskum
- Reynsla eða áhugi á mælitækni
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu gagna, t.d. í R, matlab eða excel
- Reynsla af tilraunum, með dýr eða lyf

Umsókn með kynningarbréfi og náms- og starfsferilsyfirliti óskast sendar með tölvupósti á jobs@star-oddi.com. Umsóknarfrestur er til og með **sunnudeginum 17. janúar.**
Nánari upplýsingar veita Snorri Guðmundsson, snorri@star-oddi.com, eða Sigmar Guðbjörnsson, sigmar@star-oddi.com, eða í s. 533 6060. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

MOSFELLSBÆR
Lágafellsskóli

# Lausar stöður við Lágafellsskóla

Umsjónarkennsla á miðstigi, 100 % starfshlutfall, tímabundin ráðning til loka skólaárs. Ráðið verður í stöðuna frá 1. mars 2016

**Skólaliði**
Meginverkefni eru ræsting, gæsla nemenda og aðstoð í matsal. Daglegur vinnutími frá kl. 07:50 –15:00. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Frístundaleiðbeinendur óskast til starfa við Frístundasel Lágafellsskóla.**
Frístundaleiðbeinendur taka þátt í skipulagningu faglegs frístundastarfs og leiðbeina börnum í leik og starfi í samvinnu við samstarfsfólk.

Frekari upplýsingar um störfin er að finna á www.lagafellsskoli.is og http://www.mosfellsbaer.is

**Umsóknarfrestur um störfin er til 13.janúar 2016**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Kerfisstjóri

## Háskóli Íslands óskar eftir að ráða Unix/Linux kerfisstjóra

**Um er að ræða starf kerfisstjóra hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands (http://www.rhi.hi.is). Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín. Nýr starfsmaður verður hluti af öflugu kerfisstjórateymi sem þróar fjölbreyttar og sérhæfðar kerfislausnir fyrir háskólasamfélagið. Reiknistofnun rekur meðal annars einn stærsta ofurtölvuklasa (HPC) á Íslandi.**

**Starfssvið:**
- Uppsetning og rekstur Unix/Linux kerfa
- Kerfisaðlögun
- Skipulagning og vandamálagreining
- Rekstur og eftirlit
- Þjónusta við notendur

Umsóknarfrestur er til **16. janúar** 2016.
Sjá nánar á **www.hi.is/laus_storf**.

Nánari upplýsingar veitir **Magnús Gíslason** í síma 525 4750, **magnus@hi.is**.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði raungreina æskileg
- Þriggja ára reynsla af rekstri Unix/Linux kerfa
- Þekking og skilningur á rekstri stórra tölvukerfa
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Umsækjandi sé lærdómsfús, góður í hópavinnu og hafi frumkvæði

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 156159

STARFSFÓLK.IS
Ráðningarskrifstofa og starfsmannamiðlun

# Staða framkvæmdastjóra hjúkrunarheimilanna Hulduhlíðar og Uppsala laus til umsóknar

**Í Fjarðabyggð eru rekin hjúkrunar- og dvalarheimilin Uppsalir á Fáskrúðsfirði og hjúkrunarheimilið Hulduhlíð á Eskifirði, með alls 44 dvalarrýmum. Sveitarfélagið leitar nú að framkvæmdastjóra fyrir heimilin.**

Viðkomandi verður til að byrja með ráðinn í 50% starf hjá hvoru heimilanna en mun bera ábyrgð á að undirbúa sameiningu þeirra í eina rekstrareiningu, með tvær starfsstöðvar, og fylgja slíku síðan eftir til framkvæmdar og reksturs. Sem hluta af framtíðarrekstri þarf að skoða tækifæri til fjárhagslegrar hagræðingar í starfseminni með breytingum á innra verklagi annars vegar og nýjum samlegðartækifærum verkefna hins vegar. Í því skyni mun framkvæmdastjóri m.a. leiða tímabundinn starfshóp sem skoðar samlegðartækifæri í þjónustu heimilanna, heimahjúkrunar og heimaþjónustu.

**Framkvæmdastjóri:**
- ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu heimilanna
- stjórnar daglegum rekstri
- annast fjármál og innkaup
- hefur eftirlit með því að fagleg þjónusta uppfylli gæðakröfur
- hefur yfirumsjón með mannauðsmálum
- sér um samskipti við rekstraraðila starfseminnar, stjórn, ráðuneyti, samstarfsaðila og birgja

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- háskólamenntun sem nýtist í starfið
- reynsla af stjórnun og rekstri
- reynsla af því að leiða breytingar
- þekking á starfsemi öldrunarþjónustu er æskileg
- frumkvæði í starfi, lausnamiðuð hugsun og rík leiðtoga- og samskiptafærni

Áhugasamir eru beðnir um að sækja um á starfsfolk.is og láta fylgja með ferilskrá með upplýsingum um menntun og reynslu sem nýtist í starfið samkvæmt auglýsingu þessari.
**Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2016.** Frekari upplýsingar veitir Marías Ben. Kristjánsson, malli@starfsfolk.is.

**starfsfolk.is** er ný austfirsk ráðningarskrifstofa og starfsmannamiðlun sem hefur tekið til starfa. Við erum á Facebook.


# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur í tölvudeild | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201512/1350 |
| Aðstoðarskólameistari | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201512/1349 |
| Lögfræðingur, verkefnastjóri | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201512/1348 |
| Hjúkrunarfræðingur | Hjúkrunarheimilið Sólvangur | Hafnarfjörður | 201512/1347 |
| Hjúkrunarfræðingur á Eyri | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201512/1346 |
| Hjúkrunarfræðingur á legudeild | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201512/1345 |
| Vélamenn | Vegagerðin | Patreksfjörður | 201512/1344 |
| Tæknimaður | Vegagerðin | Selfoss | 201512/1343 |
| Sérnámsstaða í heimilislækn. | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201512/1342 |
| Kerfisstjóri | Reiknistofnun Háskóla Íslands | Reykjavík | 201512/1341 |
| Forstöðuhjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201512/1340 |
| Læknir | Tryggingastofnun | Reykjavík | 201512/1339 |
| Lögreglumaður, alm. löggæsla | Lögreglustjórinn á Suðurlandi | Kirkjubæjarkl. | 201512/1338 |
| Lögreglumaður, umferðareftirlit | Lögreglustjórinn á Suðurlandi | Selfoss | 201512/1337 |

KONE Dedicated to People Flow

## Hefurðu góða þekkingu á vélbúnaði og rafmagnsbúnaði?

KONE ehf. óskar eftir góðum liðsfélaga til starfa við þjónustueftirlit og viðgerðir á lyftum og rennistigum.

Við leitum að einstaklingi sem hefur gaman af því að þjónusta viðskiptavini okkar, er vandvirkur og getur unnið sjálfstætt.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal senda á koneisland@kone.com

## JÁRNPRÝÐI

ALMENN SÉRSMÍÐI

**Járnprýði ehf. vantar fjölhæfan, duglegan og heiðarlegan starfsmann. Viðkomandi þarf að vera íslenskumælandi og reyklaus.**

Járnprýði er lítið og persónulegt fyrirtæki sem sinnir fjölbreyttum verkefnum með sterkan hóp viðskiptavina.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið ingi@jarnprydi.is

Járnprýði ehf | Akralind 5 | 201 Kópavogi | S: 822 1717



HRAFNISTA REYKJAVÍK HAFNARFIRÐI KÓPAVOGI REYKJANESBÆ

# Viltu vinna með okkur?

Hrafnistuheimilin eru að leita að starfsfólki í aðhlynningu. Um er að ræða nokkrar mismunandi stöður.

**Hæfniskröfur:**

- Góð færni í samskiptum
- Sjálfstæði og stundvísi
- Góð íslenskukunnátta
- Lágmarksaldur er 20 ára
- Jákvæðni og metnaður í starfi

Hrafnistuheimilin leita að sjúkraliðum til starfa. Starfshlutfall samkomulagsatriði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Sjúkraliðamenntun
- Starfsleyfi landlæknis
- Góð samskipta- og samstarfshæfi
- Jákvæðni og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Hrafnistu, www.hrafnista.is og á heimasíðu Talent ráðningar & ráðgjöf, www.talent.is

das HRAFNISTA Reykjavík | Hafnarfjörður Kópavogur | Reykjanesbær

LYSI

## Lýsi hf. leitar að starfsmanni í pökkun

Lýsi hf. er rótgróið fyrirtæki sem framleiðir heilsuvörur úr sjávarafurðum og flytur til yfir 70 landa. Starfsemin byggir á samhentu og jákvæðu starfsfólki sem hefur gæði og þjónustu að leiðarljósi.

Um er að ræða starf við pökkun á neytendavörum þar sem keyrðar eru þrjár pökkunarlínur, flöskuáfylling, dósaáfylling og álþynnupökkun.

**Starfssvið**
- Stilling og uppsetning á tækjasamstæðum.
- Dagleg keyrsla pökkunarvéla og eftirlit með framleiðslu.
- Gæðaskráningar

**Hæfniskröfur**
- Reynsla og góður skilningur á vélum og tækjum.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sveigjanleiki í samskiptum.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Vinsamlegast tilgreinið í umsókn að sótt sé um starf í pökkun.

Áhugasamir eru hvattir til að sækja um á heimsíðu Lýsis hf.
http://www.lysi.is/starfsemin/storf-i-bodi
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

*Starfsmenn Hagvangs*

HAGVANGUR

## HRAUNBÚÐIR VESTMANNAEYJUM
## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Laust er til umsóknar 100 % stöðugildi hjúkrunarfræðings á hjúkrunar- og dvalarheimilið Hraunbúðir í Vestmannaeyjum sem skipta má upp í tvær stöður. Á Hraunbúðum eru 28 hjúkrunarrými, 8 dvalarrými og 1 skammtímarými auk annarrar þjónustu við eldri borgara. Nánari upplýsingar um heimilið má sjá inn á *www.hraunbudir.is*

**Helstu verkefni**
- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við hjúkrunarforstjóra og bera ábyrgð á meðferð

**Hæfniskröfur**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Jákvætt viðhorf, frumkvæði og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

**Nánari upplýsingar**
- Umsóknarfrestur er til **6.janúar 2016**
- Starfið er laust eftir samkomulagi
- Laun skv. kjarasamningum sambands sveitarfélaga og félags íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Umsókn fylgi afrit af hjúkrunarleyfi og prófskírteinum
- Umsókn óskast send á leaodds@gmail.com eða hraunbudir@vestmannaeyjar.is
- Nánari upplýsingar veitir Lea Oddsdóttir hjúkrunarforstjóri Hraunbúða í síma 488 2600 eða 893 1784 á dagvinnutíma

SAK SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI AKUREYRI HOSPITAL

## Forstöðuhjúkrunarfræðingur Bráðamóttaka

Laus er til umsóknar staða forstöðuhjúkrunarfræðings á bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri. Um er að ræða 100% stöðu sem veitt er til fimm ára. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Bráðamóttakan felur í sér fjölþætta starfsemi þar sem meginverkefnin felast í móttöku bráðveikra og slasaðra. Einnig felst stór hluti starfseminnar í að sinna þeim sjúklingum sem koma í endurkomur/eftirlit vegna áverka sinna eða veikinda. Húsnæði bráðamóttökunnar hefur nýlega verið endurbætt og tækjakostur bættur auk þess sem sjúklingum er forgangsraðað eftir ESI flokkunarkerfinu. Árlega leita um 16.000 manns á bráðamóttökuna.

**Verkefni og ábyrgðarsvið:**
Forstöðuhjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á hjúkrun innan deildarinnar, stjórnar faglegri þróun, rekstri og starfsmannahaldi deildarinnar.

**Hæfniskröfur:**
Íslenskt hjúkrunarleyfi og að lágmarki tveggja ára starfsreynsla í hjúkrun. Reynsla í bráðahjúkrun æskileg.
Nám í stjórnun og rekstri og/eða stjórnunarreynsla æskileg.
Lögð er áhersla á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileika í samskiptum og samvinnu.

Næsti yfirmaður er Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs, sem gefur nánari upplýsingar um starfið í síma 463-0100 eða á netfangi hildig@sak.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. janúar 2016.**

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði sem fæst á vef sjúkrahússins www.sak.is Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt starfsleyfi og prófskírteinum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: ÖRYGGI SAMVINNA FRAMSÆKNI.

Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður.

# Verslunarstjóri á Hellu




## Óskum eftir verslunarstjóra til starfa á einni af stærstu þjónustustöðvum Olís

**Helstu verkefni**
- Daglegur rekstur stöðvarinnar
- Umsjón með Grill 66 og Quiznos
- Innkaup
- Sala
- Starfsmannahald
- Þjónusta við viðskiptavini

**Hæfni og þekking**

Reynsla af verslunarstörfum og stjórnun er æskileg. Áhersla er lögð á ríka þjónustulund, stundvísi, snyrtimennsku og hæfni í mannlegum samskiptum.

Skilyrði er að umsækjendur hafi hreint sakavottorð og séu reyklausir.

Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilskrá í tölvupósti á netfangið **frida@olis.is** fyrir miðvikudaginn **6. janúar**.

Frekari upplýsingar má nálgast á sama netfangi.

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís Olíuverzlun Íslands hf.

PIPAR\TBWA · SÍA · 156067

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

# Sérnámsstaða í heimilislækningum

Heilbrigðisstofnun Suðurlands auglýsir lausa til umsóknar sérnámsstöðu í heimilislækningum við starfsstöð á Selfossi. Um er að ræða 100% starf eða samkvæmt samkomulagi. Næsti yfirmaður er yfirlæknir heilsugæslu við starfsstöðina.

Aðalstarfsstöð verður heilsugæslan á Selfossi og verður námið byggt á marklýsingu fyrir sérnám í heimilislækningum en einnig er gert er ráð fyrir samstarfi við kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum varðandi fræðilegt nám sem fer fram í reglulegu hópstarfi í Reykjavík.

Til greina kemur að taka hluta af náminu erlendis í samráði við kennslustjóra.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Almennar heilsugæslulækningar og heilsuvernd
- Fræðsla til skjólstæðinga og aðstandenda
- Vaktþjónusta
- Þátttaka í verkefnum innan starfsstöðvar

**Hæfniskröfur**
- Íslenskt lækningaleyfi er skilyrði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Áreiðanleiki, jákvæðni og árangursmiðað viðhorf

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Starf veitist frá 1. febrúar 2016 eða samkvæmt nánara samkomulagi. Reiknað er með að staðan sé til þriggja ára. Umsókn skal skilað rafrænt á vef HSU - www.hsu.is undir flipanum lausar stöður.
Umsókninni þurfa að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, starfsleyfi, fyrri störf.
Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar.

**Nánari upplýsingar veita:**
Arnar Þór Guðmundsson - arnar@hsu.is - 4322000
Sigurður Hjörtur Kristjánsson - hjortur.kristjansson@hsu.is - 4322500

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) var stofnuð 1. október 2014, í víðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins, við sameiningu Heilbrigðisstofnunar Suð-Austurlands (HSSa), Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) og Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja (HSVe). Formleg sameining tók gildi 1. janúar 2015. Heildarframlag til HSU á fjárlögum 2015 er um 3,6 milljarðar króna og hjá stofnuninni starfa ríflega 500 manns.

Fjöldi íbúa í umdæminu eru um 26.000. Hlutverk HSU er að leggja grunn að skipulagi almennrar heilbrigðisþjónustu og tryggja íbúum í heilbrigðisumdæmi Suðurlands og öðrum þjónustuþegum, s.s. ferðamönnum á svæðinu, jafnan aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er tök á að veita.

» Ráðningarþjónusta

# Sölu- og lagerstarf

Verslunar- og innflutningsfyrirtæki óskar eftir að ráða reyklausan og heilsuhraustan starfsmann í sölu, lager og létt viðgerðarstörf. Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 17:00 alla virka daga.

Leitað er að einstaklingi sem er jákvæður, snyrtilegur, lipur í mannlegum samskiptum og getur unnið sjálfstætt.

## » Starfssvið

- Sala og afgreiðsla á vörum
- Þjónusta við viðskiptavini
- Móttaka á vörum
- Frágangur á lager
- Minniháttar lagfæringar og viðgerðir á vörum

## » Hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á ÓPUSallt kostur
- Góð íslenskukunnátta skilyrði ásamt kunnáttu í ensku og Norðurlandamáli
- Bílpróf skilyrði

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**



HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

MOSFELLSBÆR
Lágafellsskóli

# Lausar stöður við Lágafellsskóla

Umsjónarkennsla á miðstigi, 100 % starfshlutfall, tímabundin ráðning til loka skólaárs. Ráðið verður í stöðuna frá 1. mars 2016

**Skólaliði**
Meginverkefni eru ræsting, gæsla nemenda og aðstoð í matsal. Daglegur vinnutími frá kl. 07:50 –15:00. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Frístundaleiðbeinendur óskast til starfa við Frístundasel Lágafellsskóla.**
Frístundaleiðbeinendur taka þátt í skipulagningu faglegs frístundastarfs og leiðbeina börnum í leik og starfi í samvinnu við samstarfsfólk.

Frekari upplýsingar um störfin er að finna á www.lagafellsskoli.is og http://www.mosfellsbaer.is

**Umsóknarfrestur um störfin er til 13.janúar 2016**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

ÍAV

# PÍPULAGNINGAMENN

*Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.*

*Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

*ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.*

**ÍAV óskar eftir að ráða öfluga og stundvísa menn.**

**Verkefnin sem unnið er að eru á höfuðborgarsvæðinu og á suðurnesjum.**

Í boði er:

- Góð verkefnastaða
- Góð laun fyrir rétta aðila
- Að unnið sé í mælingu
- Góður aðbúnaður og starfsandi

Nánari upplýsingar veitir Snæbjörn R. Rafnsson verkefnastjóri lagna í síma 660-6201.

Umsóknir óskast lagðar inn í gegnum heimasíðu ÍAV, www.iav.is

***Við breytum vilja í verk***

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is

---

# TÆKNIMAÐUR SELFOSS

VEGAGERÐIN

**Laust er starf tæknimanns í tæknideild Vegagerðarinnar á Selfossi. Um 100% starf er að ræða. Með tilliti til aldurssamsetningar starfsmanna Vegagerðarinnar er gjarnan tekið við umsóknum frá yngra fólki með nýleg próf.**

**Starfssvið**
- Áætlanagerð viðhalds- og framkvæmdaverka
- Gerð útboðslýsinga og kostnaðaráætlana
- Hönnun smærri verka
- Ýmis stjórnsýsla og samráð við hagsmunaaðila vegna framkvæmda
- Eftirlit með framkvæmdum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri
- Eftirlit með klæðingaryfirlögnum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri
- Skáningar í gagnabanka að loknum framkvæmdum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Reynsla af ámóta störfum er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með tilskildar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 18. janúar 2016. Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang oth@vegagerdin.is Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Svanur G Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis í síma 522 1310, og Erlingur Jensson deildarstjóri tæknideildar í síma 522 1330.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

---

# Framleiðslustjóri veitingasölu

**Félagsstofnun stúdenta** auglýsir eftir framleiðslustjóra veitingasölunnar **Hámu**. Háma sinnir veitingasölu á háskólasvæðinu, framleiðir um 60 vörutegundir og selur bæði heita og kalda rétti í Hámu í fjórum byggingum HÍ, á fimm Kaffistofum stúdenta og í Bókakaffi stúdenta. Auk þess sér hún um veitingar á fundum og í tengslum við viðburði á svæðinu.

Framleiðslustjóri ber ábyrgð á framleiðslu matvæla, daglegum rekstri og starfsmannahaldi.

Viðkomandi þarf að vera matreiðslumenntaður og/eða með mikla reynslu á því sviði. Reynsla af stjórnun og framleiðslu matvæla æskileg. Þarf að vera áreiðanlegur, röskur, skipulagður, stundvís, reglusamur, með þjónustulund, hæfur í mannlegum samskiptum, með frumkvæði og geta unnið sjálfstætt.

***Áhugasamir sendi umsókn á starf@fs.is fyrir 15. janúar.***



**Félagsstofnun stúdenta á og rekur Hámu, Kaffistofur stúdenta, Bókakaffi stúdenta, Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Leikskóla stúdenta og Stúdentakjallarann. Hlutverk hennar er að veita stúdentum við Háskóla Íslands ódýra og fjölbreytta þjónustu.**

HÁMA

**Félagsstofnun stúdenta**
**Háskólatorgi, 3. hæð**
**Sæmundargötu 4, S. 570 0700**
**fs@fs.is www.fs.is**

---



*Starfsfólk Intellecta óskar þér og þínum gleðilegra jóla, árs og friðar*

*Með kærri þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða*

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

EINAR P. & KÓ

## Smiðir og verkamenn óskast

Einar P. & Kó óskar eftir að ráða vana smiði og verkamenn í vinnu sem geta unnið sjálfstætt. Þurfa að geta hafið störf fljótlega.

**Umsóknir sendist á netfangið: helgi@epogko.is**

# SPENNANDI MARKAÐSSTARF Í FERÐAÞJÓNUSTU

Við leitum að öflugum og jákvæðum einstaklingi til að starfa að markaðsmálum fyrir Trex. Starfið felur í sér m.a. samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavini og öflun nýrra.

**Hæfniskröfur eru helstar:**

- Reynsla af markaðsstarfi í ferðaþjónustu
- Góðir sölu- og skipulagshæfileikar
- Gott vald á íslensku, ensku og fleiri tungumálum
- Að geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði
- Að geta hafið störf sem fyrst

**Umsóknir berist fyrir 11. janúar að Heshálsi 10 eða á info@trex.is**

**Trex - Hópferðamiðstöðin ehf er traust ferðaþjónustufyrirtæki er starfað hefur samfellt í 38 ár og er með einn stærsta og fjölbreyttasta hópbifreiðaflota landsins.**

TREX Travel Experiences
**Hesthálsi 10, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6000 www.trex.is**

ÁS STYRKTARFÉLAG

- **Ertu að leita að spennandi og fjölbreyttri vinnu?**
- **Ertu tilbúin að læra nýja hluti í lifandi vinnuumhverfi?**
- **Ef svo er viljum við endilega heyra frá þér**

Ás styrktarfélag leitar eftir starfsmönnum til að aðstoða fatlað fólk sem býr í heimahúsum. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf í vaktavinnu, strax eða eftir nánara samkomulagi. Unnið er eftir hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf.

Frekari upplýsingar veitir Hrafnhildur Þórðardóttir í síma 859-5912. Atvinnuumsókn sendist á **hrafnhildur@styrktarfelag.is.**

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Eflingar.

# Capacent Ráðningar

Okkar markmið er að leiða saman einstaklinga og fyrirtæki svo úr verði árangursríkt og metnaðarfullt samstarf. Við leggjum því ríka áherslu á að kynnast vel þörfum viðskiptavina okkar og umsækjenda.

Byggt á áralangri reynslu höfum við þróað faglegar aðferðir við mat og val á milli umsækjenda til að finna rétta einstaklinginn í starfið. Starfsfólk Capacent býr yfir mikilli þekkingu á notkun matstækja og valaðferða í ráðningarferli og til notkunar við starfsþróun innan fyrirtækja.

**Umsækjendur og atvinnurekendur**
**- kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

STRÁ



**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) auglýsir eftir tveimur læknum á starfsstöðina á Blönduósi.

## Auglýst er 100% staða yfirlæknis

Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til að vinna að frekari uppbyggingu og þróun þjónustu á starfssvæðinu. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lækninga.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Íslenskt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, æskilegt sérfræðileyfi í heimilislækningum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Faglegur metnaður í starfi og árangursmiðuð viðhorf
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Menntun og eða reynsla af stjórnun er æskileg
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Ökuleyfi

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgist skipulag læknisþjónustu, bæði dag- og vaktþjónustu
- Ber faglega og rekstrarlega ábyrgð
- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta í héraði
- Læknisþjónusta á sjúkra- og hjúkrunardeildum
- Kennsla starfsfólks og nema
- Þróun og teymisvinna
- Þverfagleg samvinna innan og utan starfstöðvar

Stofnunin óskar meðmæla.

## Auglýst er eftir lækni í 100% stöðu. Næsti yfirmaður er yfirlæknir á starfstöð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Íslenskt lækningaleyfi, sérfræðileyfi í heimilislækningum er æskilegt
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Faglegur metnaður í starfi og árangursmiðuð viðhorf
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Menntun og eða reynsla af stjórnun er æskileg
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Ökuleyfi

**Helstu verkefni:**
- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta í héraði
- Læknisþjónusta á sjúkra- og hjúkrunardeildum
- Kennsla starfsfólks og nema
- Þróun og teymisvinna
- Þverfagleg samvinna innan og utan starfstöðvar

Stofnunin óskar meðmæla.

Tekið er á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu stofnunarinnar www.hsn.is eða á síðunni http://www.starfatorg.is/
Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá. Leggja skal fram staðfest afriti af opinberu starfsleyfi ásamt upplýsingum um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf.
Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti til mannauðsstjóra HSN, Hafnarstræti 99, 600 Akureyri.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.
**Umsóknarfrestur um störfin eru til 25. janúar 2016 og eru störfin veitt skv. nánara samkomulagi.**

Nánari upplýsingar um störfin veita:
Örn Ragnarsson, framkvæmdastjóri lækninga HSN í síma 455-4000 eða orn.ragnarsson@hsn.is og Þórhallur Harðarson, mannauðsstjóri í síma 892-3091 eða thorhallur.hardarson@hsn.is

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða.

*Heilbrigðisstofnun Norðurlands tók til starfa þann 15. október 2014 við sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi annarra en Sjúkrahússins á Akureyri og nokkurra hjúkrunar- og dvalarheimila.*

*Þær heilbrigðisstofnanir sem mynduðu Heilbrigðisstofnun Norðurlands voru eftirfarandi stofnanir:*

*Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilsugæslan á Akureyri, Heilsugæslan á Dalvík, Heilbrigðis-stofnunin Fjallabyggð, Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki og Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.*

*Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær því frá Blönduós í vestri til Þórshafnar í austri.*
*Á upptökusvæðinu búa um 35.000 manns og starfsmannafjöldi er rúmlega 520 talsins.*
*Heildarvelta HSN er um ríflega 4,8 milljarðar króna.*

*Heilbrigðisstofnun Norðurlands veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúsþjónustu auk öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma.*







*Við óskum viðskiptavinum okkar sem og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum. Fasteignasalan Ás*

ÁS FASTEIGNASALA
www.as.is
as@as.is

Frum www.frum.is

**Fjarðargötu 17 • 220 Hafnarfirði • Sími 520 2600 • Fax 520 2601**

# BORG RESTAURANT & NORA MAGASIN

-AUGLÝSA EFTIR FRAMÚRSKARANDI FÓLKI-

**BORG RESTAURANT**
óskar eftir að ráða:
- lærða þjóna í 100% stöðu
- hlutastarfsfólk í sal
- barþjóna

**ÞÚ ÞARFT AÐ HAFA:**
- reynslu
- metnað, drifkraft og frumkvæði
- hæfni í mannlegum samskiptum

**NORA MAGASIN**
óskar eftir að ráða:
- barþjóna
- starfsfólk í sal -fullt starf og hlutastarf

**ÞÚ ÞARFT AÐ HAFA:**
- reynslu
- metnað, drifkraft og frumkvæði
- hæfni í mannlegum samskiptum

ERTU TIL? Hafðu þá samband og láttu ferilskrá fylgja með.
Netfangið er thora@borgrestaurant.is



# Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein, raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27 mánudaginn 4. janúar 2016 kl. 17:00.

"Ertu í stuði?" er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5252**

# Draumabíllinn er á sjalfsalinn.is

**SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT**

**ENGIN SÖLULAUN**



SJÁLFSALINN.IS

# HREINSUN FYRIR LÍKAMANN

**HEILSUHÓTEL ÍSLANDS KYNNIR** *Meðferð á Heilsuhótelinu hentar flestum mjög vel. Þar er heilsutengdum fróðleik meðal annars miðlað í formi fyrirlestra. Líkaminn er hreinsaður með náttúrulegri og hreinni fæðu og hann fær hvíld frá amstri dagsins og streitu.*

Ásdís Ragna Einarsdóttir útskrifaðist með B.Sc.-gráðu í grasalækningum árið 2005 frá University of East London. Hún sér meðal annars um að halda fyrirlestra á Heilsuhótelinu og nýtir þar þekkingu sína og reynslu til að stuðla að bættri heilsu hótelgesta.

„Hlutverk mitt er að fræða gesti um áhrif mataræðis á heilsuna. Sjálf hef ég orðið vitni að því oft að fæðan okkar er yfirleitt besta meðferðarúrræðið og einnig öflugur fyrirbyggjandi þáttur í tengslum við líðan og einkenni fólks.“

Eitt af markmiðum Heilsuhótelsins að sögn Ásdísar Rögnu er að miðla heilsueflandi fróðleik og hvetja fólk áfram til breytinga með því að tileinka sér betri lífsvenjur. „Við bjóðum upp á fræðslu og fyrirlesara úr ýmsum áttum sem miðla fjölbreyttu heilsutengdu efni til gestanna.“

Að sögn Ásdísar Rögnu hentar meðferð á Heilsuhótelinu flestu fólki þó að ófrískum konum og fólki, sem glímir við illviðráðanlega króníska líkamlega eða geðræna sjúkdóma, sé ekki ráðlagt að dvelja þar. „Einnig er varhugavert að fara í slíka hreinsun fyrir þá sem eru á miklum lyfjum og eins þá sem glíma við insúlínháða sykursýki. Reynt er að meta það í einstaka tilfellum hvort meðferðin henti viðkomandi eða ekki.“

Dvölin stendur yfir í tvær vikur, mögulega sjö til tíu daga ef fólk hefur komið áður. Auk þess er boðið upp á helgardvöl frá föstudegi til sunnudags.

### HREINSUNIN HEFUR JÁKVÆÐ ÁHRIF

Það er stundum sagt að bæði þurfi að hvíla og hreinsa líkama og sál. En hvernig hreinsar maður líkamann af óæskilegum efnum?

Ásdís Ragna segir að hreinsun líkamans sé náttúrulegt afeitrunarferli sem sé alltaf í gangi. „Miðað við lífsstíl fólks í dag þá er skynsamlegt að aðstoða líkamann við þetta ferli til að gera það enn skilvirkara og hreinsa líkamann þegar þess er þörf. Það sem hægir á afeitrun líkamans er til dæmis streita, óæskileg aukaefni í fæðu og umhverfi, hreyfingarleysi, ofát, lyf og sjúkdómar.“

Hún segir þá aðgerð að hreinsa líkamann með náttúrulegri og hreinni fæðu og veita honum hvíld frá ofáti og streitu aðferð sem hefur verið beitt frá örófi alda um allan heim. „Eftir að hafa kynnt mér ítarlega hvaða áhrif þetta hefur og upplifað hversu vel fólki líður eftir meðferðina á þessum fimm árum sem ég hef starfað sem fyrirlesari á Heilsuhótelinu þá er það klárt mál að þessi hreinsun hefur í för með sér jákvæða líðan og oftar en ekki bættar lífsvenjur sem fylgja fólki áfram eftir að heim er komið.“

### GÓÐAR LÍFSVENJUR LYKILL AÐ GÓÐRI HEILSU

Fæðutegundir úr jurtaríkinu innihalda að sögn Ásdísar Rögnu virk náttúruefni sem hafa líffræðilega mikla virkni á starfsemi líkamans. „Því er aðaláherslan lögð á að neyta þessarar fæðu til að hafa áhrif á að koma jafnvægi á líkamann og bæta almenna líffærastarfsemi. Maturinn sem við leggjum okkur til munns getur ýmist haft góð eða slæm áhrif á okkur. Algengt er að fólk átti sig ekki á samhengi þess hvað það borðar eða gerir daglega og hvernig því líður. Góð heilsa er ekki eingöngu að vera laus við sjúkdóma heldur að upplifa vellíðan, orku og hreysti í daglegu lífi.“

Samhliða hreinsuninni er gjarnan mælt með því að gestir nýti sér böð, nudd og fleira sem er í boði á hótelinu og styður við afeitrunarferlið og eykur vellíðan.



**FRÓÐLEIKUR** Eitt af markmiðum Heilsuhótelsins er að sögn Ásdísar Rögnu að miðla heilsueflandi fróðleik og hvetja fólk til að tileinka sér betri lífsvenjur.

**ÁSDÍS RAGNA** miðlar auk þess fróðleik sínum um allt sem við kemur heilsu, næringu, uppskriftum og lækningajurtum á Facebook-síðu sinni, **www.facebook.com/grasalaeknir.is**



**GIRNILEGT** Klattar með kartöflum og grænmeti eru tilvalinn réttur til að nýta afganga í.



**AFGANGASALAT** Salat er einfalt að gera og hægt að nota nánast hvað sem er í það.

# GÓÐIR RÉTTIR ÚR HÁTÍÐAAFGÖNGUM

**ENGIN MATARSÓUN** *Hátíðaafganga er upplagt að nota í hina ýmsu hversdagsrétti. Hér eru tvær tillögur að herramannsmat úr afgöngum.*

Á mörgum heimilum eru til vænir skammtar af alls kyns matarafgöngum nú þegar hátíðirnar eru afstaðnar. Það er alltaf klassískt að skella í afgangasamloku en það er líka hægt að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn og finna nýja rétti sem passa við það sem til er í ísskápnum. Verið bara viss um að maturinn sem er notaður í réttina sé enn í lagi. Fyrir þá sem hafa lítið hugmyndaflug í eldhúsinu er sniðugt að skoða þessar uppskriftir hér fyrir neðan sem fengnar eru af netinu eða jafnvel að leggjast sjálfir í leit á veraldarvefnum að hinum fullkomna afgangsrétti.

### Klattar með skinku og eggjum að hætti Jamie Oliver (Bubble and squeak with ham and eggs)

**Fyrir fjóra.**
*500 g blandað grænmeti*
*8 sneiðar af hunangsristaðri skinku (eða því kjöti sem til er)*
*750 g kartöflur*
*Ólífuolía*
*Smjörklípa*
*4 stór egg*
*Sjávarsalt*
*Svartur pipar*

Ef ekki var nógu mikill afgangur af kartöflum og grænmeti frá hátíðamatnum sjóðið þá það sem upp á vantar saman í potti þar til það er gegnumsoðið. Hellið af og setjið til hliðar.

Hitið skvettu af ólífuolíu og væna klípu af smjöri á pönnu á meðalhita. Bætið kartöflunum og grænmetinu á pönnuna og varlega stappið það saman. Mótið þykkan klatta úr hráefninu og hafið hann á meðalhita í um það bil þrjátíu mínútur. Athugið klattann á fimm mínútna fresti svo hann brenni ekki að neðan. Ef stefnir í að hann brenni lækkið þá hitann. Þegar klattinn er orðinn gullinbrúnn að neðan snúið honum varlega við, ef hann fer í sundur mótið hann aftur í einn þykkan klatta. Steikið hann þar til hann er allur orðinn stökkur.

Þegar klattinn er nánast tilbúinn er gott að byrja á eggjunum. Látið suðuna koma upp í söltu vatni, lækkið hitann og setjið eggin fjögur út í. Látið eggin sjóða í 4 til 5 mínútur og aðeins lengur ef eggin eiga að vera aðeins harðsoðnari. Berið fram á disk sneið af klattanum, soðið eggið og tvær sneiðar af kjöti.

### Hátíðasalat af vefsíðu breska blaðsins Independent

**DRESSING**
*2 tsk. hvítvínsedik*
*1 tsk. Dijon-sinnep*
*3 tsk. ólífuolía*
*3 tsk. grænmetisolía*
*1 hvítlauksgeiri, afhýddur og helmingaður*
*Nokkrar greinar af fáfnisgrasi*

**SALAT**
*150 g kalkúnakjöt (eða það kjöt sem til er) niðurskorið í teninga*
*1 rauð paprika niðurskorin*
*60 g strengjabaunir soðnar og niðurskornar*
*4-5 vorlaukar niðursneiddir*
*1 lárpera skorin í teninga*
*5-6 cm hreðka skorin í teninga*
*1 lítil gúrka niðurskorin*
*1 stór bufftómatur niðurskorinn*
*1 lítill eða hálfur stór kálhaus, iceberg eða romaine, niðurskorinn*
*1 lítill rauðkálshaus niðurskorinn*
*2 tsk. niðurskorinn kerfill*
*Salt og pipar*

Útbúið dressinguna fyrst. Blandið öllum hráefnum saman, kryddið og látið standa í um það bil tvo klukkutíma. Hellið svo dressingunni í gegnum sigti.

Setjið allt hráefnið í salatinu í skál, blandið vel saman, kryddið eftir smekk og berið fram ásamt dressingunni.





RÉTTUR Í MARAÞONI

Þriðja þáttaröðin af **Rétti** sló svo sannarlega í gegn á síðustu vikum. Nú eru þessir nýju þættir af Rétti ásamt fyrri þáttaröðunum tveimur komnir á **Stöð 2 Maraþon**. Á Stöð 2 Maraþon finnur þú **yfir 1.000 klst.** af frábæru sjónvarpsefni sem þú getur horft á hvenær sem þér hentar.




365.is | Sími 1817
365


30-60% afsláttur
af öllum útsöluvörum!
Opið til kl 21.00
ÚTSALAN HEFST Í DAG!
30-60% afsláttur af öllum útsöluvörum
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 St. S-XL
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 5.990 St. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 4.990 St. 36-56
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 St. 44-56
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 St. 36-56
KJÓLL ÁÐUR 10.990 NÚ 3.990 St. 42-56
VESTI ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 St. S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 13.990 NÚ 5.990 St. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 990 St. S-XL
KJÓLL ÁÐUR 10.990 NÚ 4.990 St. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 7.990 NÚ 4.990 St. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 St. 36-56
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 61,1%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, júlí–sept. 2015.




Allt sem þú þarft ...

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100 bílar.is bílasala



Chrysler Town & Country Limited, 6/2014, ek 63 þús km, sjsk, stow & go, einn með öllu, 3 dvd skjáir ogfl, ásett verð 6690 þús, er á staðnum, raðnr 152278.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Húsbílar

**rotor.is**

**Dótabúð**

**Rótor ehf, s. 5554900**
**Helluhrauni 4, H.f**

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

**INNIMÁLUN**
Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**k2**
LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?**
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
**www.jáiðnaðarmenn.is**

### Húsaviðhald

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist Parketlagnir og viðhald
99% RYKFRÍTT

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.

Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav.

S. 899 4254

**LEKUR ÞAKIÐ ?**
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

**SMIÐIR**
Tveir smiðir óska eftir verkefnum. Vanir menn og vönduð vinna. Sími 864 4789

Múrarameistari og málarameistari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## KEYPT & SELT

### Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 15% afsláttur í janúar. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

### Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Flug



**VIÐ LÁTUM DRAUMINN RÆTAST!**
Skráðu þig í nám. Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni. 11.janúar. Kvöldskóli - nám með vinnu. Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Kannaðu málið! Skráning á www.flugskoli.is

### til sölu

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í …svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

- Jarðvegsvinna
- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Húsarif
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

**LOK Á HEITA POTTA**
- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

www.fjardarbolstrun.is

Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
Gólflist Parketlagnir og viðhald
99% RYKFRÍTT

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## skemmtanir





# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

## LEIKIR HELGARINNAR

### LAUGARDAGINN 2. JAN

12:35 W.HAM UNITED - LIVERPOOL
14:50 Arsenal - Newcastle United
14:50 Man.United - Swansea City
17:20 Watford - Man.City

### Sunnudaginn 3. jan

13:20 Crystal Palace - Chelsea
15:50 Everton - Tottenham

http://www.facebook.com/cafecatalina

## ÍSFIRSKA HLJÓMSVEITIN TRAP




RÚNAR ÞÓR, REYNIR GUÐMUNDS, DIDDI HERMANNS OG SIGGI ÁRNA SPILA UM HELGINA.

GLEÐILEGT NÝTT ÁR KÆRU VIÐSKIPTAVINIR.

GULLNÁMAN

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn


## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Gott herbergi í 105 til leigu. S. 8600360

**TRÖNUHRAUN 10, HFJ.**
Herb. með húsgögnum sér baðherb., neti, tv, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu til 01. maí. Uppl. í s. 899 7004 og bh@vigri.is

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu lítil stúdio íbúð við Sólvallargötu, nýuppgerð og fullbúin húsgögnum. Leiga 100 þús.pr.mán. Uppl. í s. 699 7720

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Tilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, næturvinna og um helgar.
**Uppl. í s. 697 8434**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...

Ófbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.



GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

BÍÓSTÖÐIN ER Í SKEMMTIPAKKANUM

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.

365.is | Sími 1817

365

MANHATTAN Logitech TOSHIBA SAMSUNG RAZER WACOM PHILIPS WD

# TSALA

# AFSLÁTTUR

# ST 11:00 Í DAG !

IR • BORÐTÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR
VUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ • FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR
IFTUR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ
TIR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
RT • TEIKNIBORÐ • AFLGJAFAR • LEIKJAMÝS • TURNKASSAR

NÁNAR UM ALLAR WWW.TL.IS ÚTSÖLUVÖRUR

OPIÐ ALLA HELGINA
Á SUÐURLANDSBRAUT
LAUGARDAGUR 11 - 18
SUNNUDAGUR 12 - 18

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333

# Hvað gerist 2016?

**Völva Fréttablaðsins:** Ráðherra tekur pokann sinn, Dunkin' Donuts bliknar í samanburði við nýja erlenda keðju og systurnar Hlín og Malín gera upp sín mál í beinni útsendingu.

Árið 2015 einkenndist af átökum eins og síðustu ár, í stjórnmálunum, í stjórnsýslunni og úti í samfélaginu.

Þingmenn hnakkrifust svo vikum og mánuðum skipti um nánast ekki neitt á háttvirtu Alþingi Íslendinga. Nýir flokkar sem boðuðu breytta stjórnhætti og samræðupólitík stóðu engan veginn undir væntingum okkar sem viljum kurteisi og yfirvegun í stjórnmálunum.

Píratar bættust í hóp öskurapa, kvörtuðu yfirlætislega yfir sessunautum og **Birgitta**, sem hafði lofað að hætta eins og hinn ágæti þingmaður Pírata **Jón Þór Ólafsson** stóð við, situr sem fastast. Þetta eru ekki óhefðbundin, íslensk stjórnmál eins og boðuð voru.

### Hvað ef barnið mitt er gerandi?

Einhvern tíma á árinu var gefið út skotleyfi á **Sigmund Davíð Gunnlaugsson**. Hvort forsætisráðherra sé sögulega lélegur eins og margir vinnufélagar hans á Alþingi telja, getur Völvan ekki sagt til um, en hún hefur ókeypis ráð til ráðherrans: Ef þú tekur gagnrýninni, beinn í baki, þá hætta þau að nenna að stríða þér.

Sigmundur er hins vegar bara toppurinn á ísjakanum og Íslendingar, hver og einn, verða að líta sér nær. Við kvörtum yfir umræðuhefð og dónaskap, en mörg okkar hika ekki við að ráðast að persónum og leikendum. Tortryggnin og vandlætingin ríður húsum. Umræðan er of svart-hvít. Það eina sem Völvan hefur lært á langri ævi er það að það er ekkert bara svart eða hvítt, klippt eða skorið. Lífið er marglaga. Það er enginn bara vondur eða bara góður. Slíkar alhæfingar eru of algengar.

### Gunnar Bragi Sveinsson er enginn diplómat

Völvan er þeirrar skoðunar að í lýðræðissamfélagi sé umræðan okkar besta og beittasta vopn. Í jólaþætti Sprengisands voru þingmenn sammála um að frammíköll á þinginu hefðu sjaldan eða aldrei verið meiri.

Meinið er að þegar vaðið er í manninn frekar en málefnið, eins og svo oft vill verða missir umræðan marks. Viljum við að umræðuhefðin mótist af frammíköllum, meinfýsni í kommentakerfum og Facebook-statusum um ómögulegt, íslenskt samfélag? Þarna ganga þingmenn á undan með vondu fordæmi.

Þeir þurfa að temja sér kurteisari framgöngu og fara fyrir þjóðinni í þeim efnum. **Gunnar Bragi Sveinsson** ætti að fara fremstur í flokki, enda utanríkisráðherra og þar með yfirmaður kurteisustu stéttar heims: diplómata. Ætli hann sé með frammíköll í hanastélunum í útlandinu?

### Þórunni Antoníu í forsætisráðherrann

Annað hvort þarf að senda þjóðina eins og hún leggur sig á hugleiðslunámskeið (og ég legg til að Þjóðkirkjan borgi brúsann) eða gera **Þórunni Antoníu**, söngkonu og stofnanda næst-fjölmennasta Facebook-hóp landsins, Góða systir, að forsætisráðherra. Skilaboð hennar eru: Jákvæð og uppbyggileg samskipti. Það sem þjóðina vantar er nákvæmlega það.

Gárungar munu kannski efast um vitsmuni Völvunnar fyrir að hafa komist að þessari niðurstöðu. Þá verður svo að vera.

En af því að Völvan er jákvæð og vongóð, hefur hún spána á því að segja að **Illugi Jökulsson** rithöfundur verði ánægður með eitt verk ríkisstjórnarinnar eða hvers kyns yfirvalds á nýju ári.

# Íþróttir og dægurmál

Bardagakappinn **Gunnar Nelson** snýr aftur eftir niðurlægingu í síðasta bardaga. Tapið verður líkt og bensín á tank Gunnars, sem er hvergi banginn. Gunnar vinnur tvo stóra bardaga á árinu. Tal um slæmar fyrirmyndir víkur fyrir lotningu íslensku þjóðarinnar á Gunnari, sem lætur sér fátt um finnast, eins og venjulega.

**Salka Sól** hættir á Ríkisútvarpinu og einbeitir sér að ferlinum í tónlist. Þetta er til bóta. Útvarps- og sjónvarpskonan Salka Sól er góð, en tónlistarkonan Salka Sól er virkilega hæfileikarík. Lag eftir okkar konu ferðast út fyrir landsteinana. Hugsanlega sem fulltrúi Íslands í Eurovision.

**Gunnar Bragi Sveinsson** lýsti því yfir í viðtali á nýliðnu ári að hann væri skilinn, laus og liðugur. Völvan sér engin alvarleg sambönd í kortunum. Hann verður áfram laus og liðugur.

**Marta María Jónasdóttir** sýnir á sér nýja og skemmtilega hlið á nýju ári. Hugur hennar leitar í sjónvarp í auknum mæli. Smartlandið fær nýjan ritstjóra og Marta lætur draumana rætast.

Einn af okkar bestu tónlistarmönnum, **Gísli Pálmi**, vekur eftirtekt víðar en á eyjunni fögru. Honum er boðinn samningur við stórt, erlent plötufyrirtæki, sem hann hafnar. Bóhem-lífsstíllinn hentar okkar manni vel.

**Þórunn Antonía** og **Erpur Eyvindarsson** leiða saman hesta sína. Úr verður eitt vinsælasta lag sumarsins.

Völvan sér fjölmiðlamanninn **Atla Fannar Bjarkason** vaxa mikið á árinu. Nútíminn verður stærra númer en hingað til.

Þúsundþjalasmiðurinn **Bubbi Morthens** sýnir á sér enn nýja hlið, en hann stefnir á að gefa út skáldsögu um næstu jól. Völvan sér þó fyrir að sér að einhverjar tafir geti orðið á útgáfunni. Bróðir Bubba, **Tolli Morthens**, er einnig að daðra við skáldagyðjuna og stefnir líka á útgáfu í jólabókaflóðið.

Fram undan er risastórt ár í íþróttum; EM karla í handbolta og fótbolta og Ólympíuleikarnir í Ríó þar stærstir fyrir okkur Íslendinga. Veislan byrjar í janúar þar sem strákarnir okkar í handboltanum þurfa að ná góðum árangri og vera ansi heppnir ef þeir ætla að eiga möguleika á að komast á Ólympíuleikana. Það mun ekki ganga upp.



Ísland mun aftur eiga tvo fulltrúa á úrslitahelgi Meistaradeildarinnar þar sem **Aron Pálmarsson** stendur uppi sem sigurvegari með sínu liði Veszprém frá Ungverjalandi.

Á EM í fótbolta fer Ísland upp úr riðli eftir óvænt jafntefli gegn Portúgal í fyrsta leik og sigur á Ungverjum í annarri umferð. **Kolbeinn Sigþórsson** skorar tvö mörk í Marseille og fer úr að ofan og hnyklar vöðvana. Sendir þar fyrrverandi þjálfara sínum hjá Nantes, sem sagði hann vera of þungan, skýr skilaboð.

**Gylfi Þór Sigurðsson** fer á kostum í Frakklandi og þarf Swansea að taka ákvörðun um að taka kauptilboði í miðjumanninn frá stærra liði í öðru landi. **Alexandra Helga Ívarsdóttir**, kærasta Gylfa og fyrrverandi fegurðardrottning, mun einnig vekja mikla athygli í stúkunni.

**Kvennalandsliðið í fótbolta** tryggir sig inn á þriðja Evrópumótið í röð mjög auðveldlega og fær aðeins á sig þrjú mörk í allri undankeppninni. **Margrét Lára Viðarsdóttir** verður eins og ný með landsliðinu eftir að koma heim og lyftir Val aftur upp í toppbaráttuna.

Ísland mun eiga sundkonu í úrslitum á Ólympíuleikunum í Ríó en hvort það verður **Hrafnhildur Lúthersdóttir** eða **Eygló Ósk Gústafsdóttir** á Völvan erfitt með að segja til um. **Ásdís Hjálmsdóttir** endurtekur leikinn frá London 2012 og fer í úrslit í spjótkastinu á nýju Íslandsmeti

**Karlalið FH** í fótbolta verður grátlega nálægt því að komast í Evrópudeildina en vinnur úrvalsdeildina með miklum yfirburðum. **Breiðablik** ver ekki titilinn í kvennaflokki því liðið missir besta leikmann síðustu leiktíðar, **Fanndísi Friðriksdóttur**, í atvinnumennsku snemma árs.

Endurkoma **Helenu Sverrisdóttur** verður ekki fullkomnuð því Snæfell vinnur þriðja Íslandsmeistaratitilinn í röð í Dominos-deild kvenna eftir magnaða úrslitaseríu sem fer í oddaleik. Njarðvík vinnur sinn fyrsta titil síðan 2006 í karlaflokki. **Stefan Bonneau** snýr aftur í úrslitakeppnina og með hann í liðinu hefnir Njarðvík fyrir tapið gegn KR í úrslitum 2007. Haukur **Helgi Pálsson** verður valinn besti leikmaður deildarinnar og hann finnur sér lífsförunaut sem mun vekja mikla athygli á bleiku síðunum.




SENDUM
FRÍTT ÚR
VEFVERSLUN
ÚTSALA
25-60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
ÚTSALAN HEFST Í DAG
LAUGAVEGI, GLERÁRTORGI, KRINGLUNNI OG Í VEFVERSLUN
Lin
DESIGN
LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# Pólitík

**Dagur B. Eggertsson** á erfitt uppdráttar á árinu, ásamt flokki hans Samfylkingu. Borgarstjórinn íhugar alvarlega að hætta afskiptum af stjórnmálum og hverfa aftur til starfa sem læknir. Flokksbróðir hans **Árni Páll** hættir sem formaður. Við formannssætinu tekur kona, **Sema Erla Serdar**. Fylgi Samfylkingar eykst lítillega við þessar breytingar.

**Bjarni Benediktsson** stendur örlítið beinni í baki, eftir afnám gjaldeyrishaftanna og samninga við kröfuhafa föllnu bankanna. Hann verður óhræddari við að ganga fram með sínar hugmyndir, jafnvel þó þær séu ólíkar hugmyndum starfsbróðurins, hæstvirts forsætisráðherra. Nokkuð verður um deilur innan ríkisstjórnarinnar.

**Sigrún Magnúsdóttir** umhverfisráðherra tekur ákvörðun um að hætta í pólitík. Nokkrar deilur verða um eftirmann hennar í starfi.

Stjórnmálaflokkur vinstri grænna logar í innri átökum. Vinnusálfræðingur þeirra **Lífar Magneudóttur** og **Sóleyjar Tómasdóttur** dugar ekki til. Flokkurinn er klofinn. Þetta kveikir á frekari deilumálum. Völvan sér miklar mannabreytingar innan raða vinstri grænna. **Katrín Jakobsdóttir** íhugar að yfirgefa flokkinn, en gerir það ekki. Menn horfa til fyrrverandi blaðamanns, **Kolbeins Óttarssonar Proppé**, sem nýrrar vonarstjörnu í flokknum.

Pólitísk spillingarmál verða áfram í deiglunni. Í því næsta, sem upp kemur í vor, spilar **Gunnar Bragi Sveinsson** stóra rullu. Hann neyðist til að íhuga stöðu sína alvarlega.

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** mýkist hins vegar á manninn og uppsker eftir því. Allt vegna þess að hann tekur ráðum Völvunnar fagnandi, lætur gagnrýnina ekki á sig fá og einbeitir sér að skipulags- og byggingarmálum í auknu mæli.

Fylgi **Pírata** dalar í skoðanakönnunum á þessu ári. Samfylking, Píratar og Björt framtíð sameinast í eina fylkingu, en flokkur vinstri grænna verður eftir sem sjálfstæður flokkur. **Björt Ólafsdóttir,** í Bjartri framtíð, gengur út úr stjórnmálum og snýr sér að öðru. Fylgi Sjálfstæðisflokks eykst við þessar vendingar allar, en fylgi Framsóknarflokks dalar.

**Andri Snær Magnason** býður sig fram til forseta og fær ótal læk á Facebook. Hvorki **Jón Gnarr** né **Kári Stefánsson** fara gegn honum. Ungur og gáfaður mannréttindalögfræðingur, **Katrín Oddsdóttir**, býður sig hins vegar fram. **Frú Vigdís Finnbogadóttir** styður hana opinberlega. **Jakob Frímann Magnússon** íhugar forsetaframboð alvarlega.

Forsetaframboð Andra Snæs mun vekja athygli út fyrir landsteinana, því þekktir Íslendingar munu stíga fram í stuðningi við hann, meðal annars **Björk Guðmundsdóttir** og **Baltasar Kormákur.**



**Björt framtíð** hefur árið á mikilli fjölmiðlaherferð, þar sem þau reyna að koma sér að í eins mörgum viðtölum og hægt er, til þess að hala fylgi sitt upp og hafa eitthvað að bjóða fram í nýja vinstri breiðfylkingu.

**Eygló Harðardóttir** á strembið ár fyrir höndum. Aukin harka færist í umræðu um húsnæðismál og mörgum þykir ekki nægilega vel að móttöku flóttamanna staðið. Á haustmánuðum dregur til tíðinda í húsnæðismálum.




# Stofnanir og samfélagið

**Kristín Völundardóttir**, forstjóri Útlendingastofnunar, kemur fram í afhjúpandi viðtali á einhverjum stóru miðlanna. Þar ræðir hún um hvernig það er að sinna einu umdeildasta embætti samtímans. Hún hafi oft íhugað að hætta.

**Byltingar á samfélagsmiðlum** í þágu kvenréttinda vekja minni athygli nú á árinu en á því síðasta. Áhrifa þeirra gætir þó víða, leynilegir og opinberir starfshópar eru að vinna við að knýja fram breytingar á meðferð yfirvalda í nauðgunarmálum. Þeir munu fá nokkru ágengt á þessu ári. Karlmenn fara að láta í sér heyra. Næsta bylting á samfélagsmiðlum verður þeirra.

**Réttarkerfið** sætir nokkurri gagnrýni á nýju ári, líkt og undanfarin ár. Samlandar Völvunnar verða minna refsiglaðir eftir því sem lengra líður frá hruni. **Ólöf Nordal** sendir dómara utan til að kynna sér meðferð kynferðisbrotamála og hrunmála í öðrum löndum.

**Páll Winkel** fangelsismálastjóri hverfur til annarra starfa á nýju ári, eftir harða og opinbera baráttu fyrir auknum fjármunum til málaflokksins sem ekki allir ráðamenn eru par sáttir við. Völvan sér ekki að Páll hverfi úr opinberri umræðu, og spáir því að hann hefji feril í stjórnmálum á nýju ári eða því næsta.

**Íslenska þjóðkirkjan** siglir ekki lygnan sjó á nýju ári, frekar en undanfarin ár. Áfram verður fjallað um deilur innan kirkjunnar og um tilvist hennar yfir höfuð í fjölmiðlum.

Völvan sér áframhaldandi deilur um völd í Kirkjuráði og **Agnes M. Sigurðardóttir**, biskup Íslands, á í vök að verjast. Sumt af því sem dregið verður fram í dagsljósið kemur til með að reynast kirkjunni enn annað PR-floppið. Agnes stendur allt saman af sér.

Kleinuhringir voru nokkuð áberandi á árinu, og eins og stundum vill verða æstust landar Völvunnar mikið við þær fregnir að ný, erlend keðja skyldi opna á Íslandi. **Ný bresk eða bandarísk keðja** opnar á haustmánuðum á þessu ári og mun sú hljóta fádæma viðtökur – jafnvel meiri en þegar samlandar Völvunnar biðu næturlangt eftir að næla sér í kleinuhringi

**Ríkisútvarpið** reynir í örvæntingu að ná til unga fólksins. Miklir peningar verða settir í rappþætti og annað sem á að höfða til þeirra sem yngri eru. Á meðan hverfa áheyrendur RÚV á braut og margir undra sig á því hvað sé gert við upphæðirnar, hvort það sé svona dýrt að endurflytja Krakka- og Hraðfréttir.

Traust á störfum lögreglumanna eykst með áframhaldandi setu skeleggs **lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu**. Sú kemur til með að líta í auknum mæli til glæpa gegn konum, og lögreglan fer innan skamms að ganga í takt við tímann. Það er af sem áður var.

Systurnar **Hlín og Malín Brand** gera upp sín mál í samtali við þjóðina og í beinni útsendingu. **Jón Gnarr** pródúserar.

# Listir og menning

**Baltasar Kormákur** verður mestmegnis á Íslandi í ár. Hann tekur sér örlítið frí frá vinnu, snýr aftur á hestabúgarðinn á Hofi á milli þess sem hann vinnur að verkefnum í Þjóðleikhúsinu. Snýr svo aftur tvíefldur í kvikmyndagerðina snemma á næsta ári. Völvan sér Baltasar gera sig enn meira gildandi í þjóðfélagsumræðu hér á landi.

**Illugi Gunnarsson** menntamálaráðherra eykur framlög til Kvikmyndasjóðs og býr til aukasjóð til framleiðslu kvikmynda, eingöngu ætlaðan konum. Þetta er að forskrift **Baltasars Kormáks**. Gjörningurinn er nokkuð umdeildur, en Illugi lætur sér fátt um finnast.

**Björk Guðmundsdóttir** kemur til með að láta sífellt meira að sér kveða í þjóðfélagslegri umræðu, þó umræðuefnið verði það sama og oft áður. Náttúruvernd.



Hún kemur fram í viðtali á árinu þar sem hún lýsir yfir stuðningi við **Andra Snæ** í forsetaembættið.

**Ragnheiður Skúladóttir** verður einn af sigurvegurum ársins þar sem alþjóðlegu leiklistarhátíðinni LÓKAL vex fiskur um hrygg.

**Páll Óskar Hjálmtýsson** verður aðalstjarnan í nýrri, íslenskri þáttaröð sem er væntanleg. Undirbúningurinn hefst á árinu, en þáttaröðin verður ekki frumsýnd fyrr en 2017.

Leikkonurnar **Nína Dögg Filippusdóttir** og **Elma Stefanía Ágústsdóttir** standa upp úr á leikárinu. Þær fá báðar tilnefningu til Grímuverðlauna, ásamt leikstjórunum **Unu Þorleifsdóttur** og **Bergi Þór Ingólfssyni**.

Fatahönnuðurinn **Guðmundur Jörundsson** heldur í útrás á árinu. JÖR verður fáanlegt í Kaupmannahöfn, Berlín og London innan fárra ára.

**Jóhann Pétur Sigfússon** sýnir á sér nýja hlið – kveður grínið um stund og birtist þjóðinni mun alvarlegri en við höfum áður séð.

**Mikael Torfason**, leikskáld og rithöfundur, heldur utan með frumsamið verk. Hann hlýtur fyrir mikið lof.

**Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir** vinnur Edduverðlaunin fyrir leik sinn í þáttaröðinni Rétti.

# Eldgos og náttúran

Miklir **jarðskjálftar** verða í Bárðarbungu - merki þess að kvika streymi inn í eldstöðina í miklum mæli. **Nýtt gos** verður undir lok árs.

**Ragnheiður Elín Árnadóttir**, iðnaðar- og ferðamálaráðherra, rennur á rassinn með gjaldtöku fyrir aðgang að náttúruperlum landsins. Náttúrupassinn varð ekki að veruleika og Ragnheiður Elín kemur engum vörnum við. Engar nýjar hugmyndir hennar í þessum efnum falla í kramið hjá þjóðinni.

Ísland slær enn eitt met í **fjölgun ferðamanna,** en Völvan sér að þessi aukning varir ekki að eilífu. Brátt dettur Ísland úr tísku sem vinsæll ferðamannastaður, þó það verði ekki strax á þessu ári.


NÝTT ÚTLIT
SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
Borða
Drekka
tyggja
WRIGLEY'S
Extra®
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um undraheima í iðrum jarðar.

# Snæfellsjökull og vísindin




**Árið 1864 sendi franski rithöfundurinn Jules Verne frá sér bókina „Voyage au centre de la Terre“, sem kom út á íslensku fyrir rúmum tveimur árum í þýðingu Friðriks Rafnssonar undir sínum rétta titli „Ferðin að miðju jarðar“. Fram að því höfðu Íslendingar þekkt söguna undir öllu sjálfhverfara heiti: „Leyndardómar Snæfellsjökuls“.**

Skiljanlega þótt Íslendingum mikið til þess koma að landið kæmi við sögu í frægu verki eftir einn kunnasta höfund veraldar og raunar gerist um fimmtungur sögunnar á Íslandi.

Sérvitur þýskur vísindamaður, prófessor Lidenbrock, kemst á snoðir um að íslenski gullgerðarmaðurinn og handritagrúskarinn Arne Saknussemm hafi mörgum öldum áður uppgötvað leið niður í iður jarðar frá toppi Snæfellsjökuls. Prófessorinn heldur ásamt ungum frænda sínum til Íslands og með hjálp íslensks leiðsögumanns finna þeir opið.

Neðanjarðar bíða félaganna ýmis ævintýri, jafnt furðuleg jarðfræðileg fyrirbæri og flókið lífríki í ógnarstórum hvelfingum sem lýstar eru upp með torkennilegu jarðgasi. Meðal þess sem fyrir augu ber eru flennistór skordýr, sveppir á stærð við hæstu tré, risaeðlur og risavaxnar verur í mannsmynd. Að lokum skilar félögunum aftur upp á yfirborðið á eldfjallinu Stromboli á Ítalíu.

### Úr lausu lofti gripið?

Ferðin að miðju jarðar er ævintýraleg bók og virðist við fyrstu sýn óvenjuleg fyrir höfundinn. Jules Verne var konungur vísindaskáldsagnanna og flestar sögur hans byggðu á nýjustu uppfinningum og kenningum á sviði tækni og vísinda. Þannig varði hann miklu púðri í „Ferðinni til tunglsins“ í að útskýra tæknilegar forsendur geimskotsins og velti vöngum yfir því hvernig aðdráttarafl myndi verka á geimfarana á leiðinni. Taldi Verne að þeir myndu einungis upplifa þyngdarleysi um skamma hríð rétt á meðan jörðin og tunglið toguðu þá til sín með sama krafti.

Jules Verne var nákvæmnismaður og þótt sögur hans væru vissulega skáldskapur var honum umhugað um að þær væru ekki alveg út í bláinn. Til marks um það er lýsing höfundarins á Íslandi og íslensku samfélagi frekar trúverðug. Verne hafði þar til hliðsjónar ferðasögur og myndir úr Íslandsleiðöngrum. Sagnfræðingurinn Sumarliði Ísleifsson, sem öðrum fremur hefur rannsakað skrif erlendra ferðalanga um Ísland, bendir á að við lestur bókarinnar mætti auðveldlega ætla að Jules Verne hefði komið sjálfur til Íslands.

En það merkilegasta við Ferðina að miðju jarðar er að meira að segja hin fjarstæðukennda atburðarás eftir að komið er ofan í Snæfellsjökul átti sér vísindalegar forsendur.

### Ísaldir og risaeðlur

Sagan var skrifuð rétt eftir að út kom vísindaritið „Geological Evidences of the Antiquity of Man“ eftir breska náttúruvísindamanninn Charles Lyell. Bókin sú er í dag flestum gleymd öðrum en vísindasagnfræðingum, en hafði á sínum tíma gríðarlega mikil áhrif. Þar var fjallað um ýmislegt sem tengdist jarðsögu og sett fram kenningin um að ísaldir og hlýindaskeið skiptust á á jörðinni. Út frá steingervingum var fjallað um ólíkt gróðurfar og dýralíf eftir tímabilum og síðast en ekki síst rætt um forsöguleg samfélög manna, þar sem Lyell vildi ekki útiloka að mannskepnan hefði þróast og tekið breytingum í gegnum tíðina.

Þótt vísindamönnum væri kunnugt um mörg þessara atriða, var nokkuð aðra sögu að segja um almenning. Hugmyndin um frumstæða steinaldarmenn og horfnar furðuskepnur var byltingarkennd fyrir fólk á nítjándu öld, enda skammt síðan aldur jarðar hafði verið talinn í þúsundum ára frekar milljónum eða milljörðum. Áhugi margra á forsögulegum tíma kviknaði og það var sá áhugi sem Jules Verne vildi fanga með sögunni um ævafornt lífríki sem varðveist hefði undir fótum okkar og hugmyndinni um risavaxna menn, enda höfðu Vesturlandabúar lengi klórað sér í kollinum yfir þeirri frásögn Biblíunnar að í árdaga hafi risar gengið á jörðinni.

En hvað þá með sögusviðið: búsældarlegar, hlýjar og upplýstar risahvelfingar djúpt í iðrum jarðar? Hlaut það ekki að vera hreinn uppspuni úr penna franska rithöfundarins? - Nei, þótt ótrúlegt kunni að virðast var sá þáttur sögunnar heldur ekki alveg út í bláinn.

### Hugmyndaríkur halastjörnufræðingur

Láki jarðálfur bjó ofan í jörðinni ásamt foreldrum sínum Snjáka og Snjóku, uns hann afréð að fara upp á yfirborðið til að gera at í pabbanum með því að troða púðri í pípuna og hella rauðgraut yfir hvítan köttinn. Ævintýrið um Láka átti sér ótal fyrirmyndir því trúarbrögð flestra þekktra menningarsamfélaga gera ráð fyrir einhvers konar neðanjarðarbyggð, ýmist dverga og trölla eða dauðramannaríkjum. Þóttu það sjaldnast góðar vistarverur.

Hugmyndin um innri jarðir færðist af sviði trúarbragðanna inn á borð vísindanna undir lok sautjándu aldar. Enski stjörnu- og stærðfræðingurinn Edmond Halley setti þá fram kenningu um að jörðin væri í raun bara tiltölulega þunn skorpa (800 kílómetrar eða þar um bil), en innan í henni væri svo önnur skorpa og svo koll af kolli, líkt og lagskiptur laukur eða rússneskar trédúkkur: matrúskur. Taldi hann ekki ólíklegt að stærð þessara innri hnatta samsvaraði grannreikistjörnunum: Mars, Venusi og Merkúr.

> **HUGMYNDIN UM FRUMSTÆÐA STEINALDARMENN OG HORFNAR FURÐUSKEPNUR VAR BYLTINGARKENND FYRIR FÓLK Á NÍTJÁNDU ÖLD, ENDA SKAMMT SÍÐAN ALDUR JARÐAR HAFÐI VERIÐ TALINN Í ÞÚSUNDUM ÁRA FREKAR MILLJÓNUM EÐA MILLJÖRÐUM.**

Milli þessara innri hnatta væri holrými með andrúmslofti og einhvers konar gastegundum sem gæfu ljós og mögulega yl. Halley taldi því alls ekkert útilokað að einhvers konar líf og jafnvel manneskjur gætu þrifist þar. Spurningin um líf í iðrum jarðar var þó algjört aukaatriði í kenningu Halleys, heldur var tilgátan sett fram til að skýra misræmið á milli segulpóla jarðar og hinna raunverulegu heimskauta. Þá taldi stjörnufræðingurinn sig geta skýrt fyrirbærin norður- og suðurljós, þar sem augljóslega væri um ræða lýsandi gastegundir sem sloppið hefðu út um göt á jarðarskorpunni sem greinilega væri að finna í grennd við báða pólana.

Halley var enginn dellumakari, heldur einn virtasti vísindamaður sinnar tíðar og annar maðurinn til að gegna embætti hirðstjörnufræðings í heimalandi sínu. Í dag er hann kunnastur fyrir rannsóknir sínar á halastjörnu þeirri sem ber nafn hans, en sjálfur taldi hann þó kenningarnar um hina margskiptu jörð síst veigaminni. Þegar kunnur listamaður var fenginn til að mála mynd af Halley, kaus hann sjálfur að láta uppdrátt sinn af mögulegum innviðum jarðar sjást með áberandi hætti.

Hugmynd Halleys eignaðist ekki marga fylgismenn, enda hafði hún þann galla að vera ósannreynanleg og skýrði svo sem ekki mikið annað en skekkjuna í segulsviði jarðar. Sjálf norðurljósin mátti skýra með mun einfaldari hætti en að þau væru nokkurs konar fretur jarðar, enda rýmdust þau ágætlega innan ríkjandi hugmynda um undraefnið ljósvakann sem himingeimurinn var talinn fullur af.

Engir stórir spámenn í vísindaheiminum fengust til að halda þessari hugmynd Halleys á lofti eftir hans dag og það voru fremur menn á jaðri vísindaheimsins sem héldu áfram að daðra við kenningar um innri jörð. Þær áttu þó yfirleitt sameiginlegt að lita á jörðina sem tóma kúlu og í miðju hennar væri annað hvort ein sól eða tvær, sem sæju innanverðri jörðinni fyrir ljósi og varma. Til að auka trúverðugleika þessarar kenningar var hún oft eignuð svissneska átjándu aldar stærðfræðingnum Max Euler, en það mun þó vera rangt.

### Siglt að miðju jarðar?

Ekki þurfti mikla eðlisfræðikunnáttu til að sjá gloppurnar í tilgátunni um hola jörð með sól í miðjunni. Þannig var erfitt að sjá fyrir sér hvernig aðdráttaraflið ætti að virka, í það minnsta á jarðarskorpunni innanverðri. Skorpan þyrfti í það minnsta að vera ansi þykk til að allt lauslegt félli ekki inn að kjarnanum.

En eðlisfræðileg smáatriði vöfðust ekki fyrir fylgismönnum kenningarinnar sem sáu fyrir sér stórkostlegt lífríki, sem hlyti að hafa þróast með allt öðrum hætti en á jörðinni utanverðri, þó ekki væri nema vegna hins sífellda sólarljóss.

Aðrir létu sig dreyma um að tiltölulega greið leið væri inn fyrir jarðarskelina. Sú var í það minnsta fullvissa Bandaríkjamannsins Johns Cleves Symmes Jr., yfirmanns í flota Bandaríkjahers, sem sannfærðist um það skömmu eftir Napóleonsstyrjaldirnar að jörðin væri hol. Og ekki nóg með það, taldi Symmes að í grennd við báða pólana væru op með svo mikilli sveigju að hrekklausir sæfarar gætu siglt inn á ranghverfan hnöttinn án þess að taka eftir neinu.

Í gegnum þessi op skini sólarljós sem endurkastaðist með flóknum hætti þannig að innan jarðar væri bjart og hlýtt og því vafalítið auðugt jurta- og dýralíf, ef ekki hreinlega mannabyggð.

Symmes varði óhemju tíma og fjárhæðum í að kynna þessa hugmynd sína. Hún féll í grýttan jarðveg hjá vísindamönnum, en listamenn voru ginnkeyptari. Þannig greip bandaríski rithöfundurinn Edgar Alan Poe til þeirra í sinni einu skáldsögu, frá árinu 1838: Um ævintýri Arthurs Gordon Pym frá Nantucket. Það verk er raunar þekktast í dag sem aðalfyrirmyndin að Moby Dick eftir Hermann Melville.

En eftir stendur að Jules Verne var ekki algjörlega að bulla út í loftið í Leyndardómum Snæfellsjökuls... þótt Saknussemm muni seint teljast íslenskt mannsnafn.

HÚSASMIÐJAN
blómaval

# Jóla útsala

## 50% afsláttur

af allri jólavöru og seríum

Búsáhöld 25% • Hreinsiefni 25%
Plastbox 30% • True North úlpur 25%
Barnabílstólar 25%

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.
Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
2. JANÚAR 2016 LAUGARDAGUR

## Merkisatburðir



**533** Jóhannes 2. verður páfi.
**1653** Mikið tjón verður á Eyrarbakka og víðar í sjávarflóði, sem nefnt hefur verið Háeyrarflóðið.
**1793** Rússland og Prússland skipta Póllandi á milli sín.
**1833** Bretar hertaka Falklandseyjar.
**1870** Bygging Brooklynbrúarinnar hefst.
**1871** Stöðulögin ganga í gildi. Þau kváðu á um að Ísland væri óaðskiljanlegur hluti hins danska ríkis, en þó með sérstök landsréttindi.
**1871** Íslensk króna varð til með sérstakri lagasetningu.
**1887** Prentarafélagið, fyrsta verkalýðsfélagið á Íslandi, er stofnað.
**1899** KFUM er stofnað á Íslandi af séra Friðriki Friðrikssyni.
**1900** Chicago-skurðurinn er opnaður.
**1908** Lögbirtingablaðið kemur fyrst út á Íslandi.
**1915** Táragas er í fyrsta sinn notað í hernaði er Þjóðverjar beittu því gegn Rússum.
**1920** Yfir 4.000 grunaðir kommúnistar og anarkistar eru handteknir í Bandaríkjunum.
**1932** Vegna kreppunnar hefja söfnuðirnir í Reykjavík að bjóða upp á ókeypis máltíðir í Franska spítalanum. Einnig fá fátæk heimili mjólkursendingar.
**1942** Japanar hertaka borgina Manila á Filippseyjum.
**1959** Sovétríkin skjóta á loft fyrsta geimfarinu, Luna 1, sem fer á braut um sólina tveimur dögum síðar.
**1971** 66 látast þegar stigi gefur sig á Ibrox Park í Glasgow í leik milli Celtic og Rangers.
**1994** Flestir sjómenn á Íslandi fara í verkfall, sem stendur í 14 daga, þangað til Alþingi setur bráðabirgðalög sem gera verkfallið ólöglegt.
**2010** Krýsuvíkurkirkja brennur til kaldra kola eftir íkveikju.



Elskuleg móðir mín,
tengdamóðir og amma,
**Þuríður Ólafs Helgadóttir**
**(Þura Hafliða)**
lést 20. desember
á Droplaugarstöðum.
Útförin hefur farið fram.

**Guðmundur Hafliðason** **Auður Ingvadóttir**
**Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Hafliði Guðmundsson**
**ættingjar og vinir**



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
**Sigmundur H. H. Hansen**
**(Simbi)**
sem andaðist á dvalarheimilinu
Höfða Akranesi þann 28. desember
síðastliðinn, verður jarðsunginn 7. janúar
næstkomandi frá Garðakirkju kl. 13. Þeim sem vilja
minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Dagbjört Jóns Sigurðardóttir (Birta)**
**Gísli Sigmundsson** **Hildur Einarsdóttir**
**Guðjón Sigmundsson** **Magnea Sigríður Guttormsdóttir**
**Gunnar Sigmundsson** **Sólrún Ólafsdóttir**
**Sigrún Sigmundsdóttir** **Grétar Kristinsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



Ástkær eiginkonan mín,
móðir og amma,
**Sigrún Þórarinsdóttir**
**(Sirra í Markaðinum)**
Sæviðarsundi 50, Reykjavík,
lést á Landspítalanum í Fossvogi
laugardaginn 12. desember.
Útför hennar verður gerð frá Áskirkju
mánudaginn 4. janúar kl. 13.00.

**Geir Þórðarson**
**Þórarinn Örn Geirsson**
**Geir Ingi Geirsson**
**Guðmundur Geir Þórarinsson**



**Karlakór Reykjavíkur heldur upp á 90 ára afmæli sitt á morgun.**

# Karlakór sem hefur heimsótt fjórar álfur

## Á morgun eru 90 ár liðin frá stofnun Karlakórs Reykjavíkur. Kórinn á sér langa sögu.

Karlakór Reykjavíkur heldur á morgun upp á 90 ára afmæli sitt. „Saga Karlakórsins er samofin íslenskri tónlistarsögu á 20. og 21. öldinni,“ segir Vigfús M. Vigfússon, félagi í kórnum, í samtali við Fréttablaðið. Meðlimir kórsins eru um 80 talsins og telst Sigfúsi til, reyndar með óvísindalegum aðferðum, að alls hafi í kringum 500 manns verið meðlimir í kórnum frá stofnun.

**Hátíðartónleikar**
Í tilefni tímamótanna verða tónleikar haldnir á morgun. Kórinn kemur þar fram við hátíðarmessu í Háteigskirkju, ásamt Kór eldri félaga Karlakórs Reykjavíkur. Verður þeim útvarpað beint á Rás 1. Stutt athöfn í Fossvogskirkjugarði verður einnig haldin. Þar munu kórmenn safnast saman, bæði eldri og yngri, ásamt mökum, við leiði Sigurðar Þórðarsonar, stofnanda kórsins, og konu hans, Áslaugar Sveinsdóttur. Kórinn syngur þar lagið Ísland, Ísland, ég vil syngja, sem er einkennislag kórsins. Sigurður samdi einmitt lagið, við ljóð Huldu. Að því loknu syngur kórinn Lofsöng þeirra Sveinbjörns Sveinbjörnssonar og Matthíasar Jochumssonar.

**Fjórar heimsálfur**
„Kórinn hefur farið alveg ótrúlega víða,“ segir Vigfús þegar hann rifjar sögu kórsins upp fyrir blaðamann. „Hann hefur heimsótt fjórar heimsálfur og flestar sýslur landsins.“ Vigfús nefnir sérstaklega tvö ferðalög þegar hann skoðar söguna í baksýnisspeglinum. „Kórinn fór til Kína 1979 sem var afar merkileg ferð, hann var fyrsti kórinn frá Vesturlöndum sem heimsótti landið eftir menningarbyltinguna. Ferðin til Ameríku, árið 1946 er líka merkileg. Það hefur verið heljarinnar fyrirtæki að ferja um 50 meðlimi kórsins á milli staða. Kórinn dvaldi úti í tvo mánuði. Meðlimir hans ferðuðust frá New York, til Flórída, til Texas og alla leið norður til Kanada aftur,“ útskýrir hann. Í ferðinni voru sungnir 56 konsertar.

**Inntökuskilyrði**
„Það er mjög ánægjulegt hvað aldursbilið er stórt hjá okkur. Yngsti meðlimurinn er 19 ára og sá elsti yfir áttrætt. Það er mikil endurnýjun hjá okkur, menn sækjast eftir að komast í kórinn,“ útskýrir Vigfús og segir frá því að á hverju ári eru haldin inntökupróf í kórinn. „Við gerum kröfur til okkar, sem og aðrir. Við viljum halda ákveðnum klassa. Þannig þurfa þeir sem sækjast eftir inngöngu í kórinn að þreyta raddpróf.“

Kórinn æfir tvisvar í viku, að sögn Vigfúsar. „Já, við erum með aðstöðu í safnaðarheimilinu í Háteigskirkju. Helstu álagspunktarnir eru vortónleikar sem eru haldnir í apríl eða í maí. Síðan höfum við haldið stóra aðventutónleika, núna í 23 ár í röð. Í síðasta mánuði vorum við með ferna tónleika sem voru þétt setnir áhorfendum. Það hefur myndast gríðarlega sterk hefð fyrir þessum tónleikum,“ útskýrir Vigfús.

# Vilja efla eðlilegar fæðingar á Íslandi

Ljósmæðurnar Emma Marie Swift og Valgerður Lísa Sigurðardóttir hlutu nýlega styrki til doktorsrannsókna á sviði ljósmóðurfræða á Íslandi úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda.

„Mitt verkefni snýst um að við breytum aðeins hugarfarinu frá því sem nú er, með því að styðja betur við það eðlilega ferli sem meðganga og fæðing er. Við leggjum stöðugt meiri áherslu á aukna tækni en ég tel að ljósmæður gætu þess í stað veitt meiri fræðslu,“ segir Emma Marie sem hefur hug á að þróa hópmeðgönguvernd á höfuðborgarsvæðinu og skoða í framhaldinu hvort mæðrum falli hún betur í geð en sú sem nú er við lýði. „Stöðugildum hefur fækkað á heilsugæslustöðvum og það kemur niður á ýmsu,“ segir Emma. „En ég tel að við getum gert betur innan þess ramma sem við höfum með því að hópa konum meira saman. Í stað þess að hver og ein fái 15 mínútur fái hún kannski einn og hálfan tíma, ásamt fleirum.“

Valgerður Lísa ætlar að kanna hvort margar íslenskar mæður upplifi fæðingar sem neikvæða reynslu sem hafi langvarandi áhrif á þær og samband þeirra við barnið. Segir slíkar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis og þær sýni að 1-6% kvenna þrói með sér áfallastreituröskun eftir fæðingar. „Hér á landi eru samtök sem nefnast Ljáðu mér eyra og hafa það að markmiði að hjálpa konum sem finna fyrir fæðingarþunglyndi. Ég hyggst meðal annars hafa samband við konur sem hafa hlotið þjónustu þessara samtaka til að athuga hvað hefur hjálpað þeim og hvað þær telji betur mega fara.“



**Emma Marie og Valgerður Lísa voru að vonum ánægðar með styrkina úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda.** MYND/KRISTINN INGVARSSON

**gun@frettabladid.is**


ÚTSALA
30-70%
AFSLÁTTUR AF ALLSKONAR VÖRUM
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Breyttist í partýgleðskap sem halda ber til haga (15)
**10** Færum til bókar: Held aftur af heljarmenni (6)
**11** Bý að því að sóli ferskrar færðist nær miðju (13)
**13** Stríð illra og úrsvartra (8)
**14** Rýf vegg glæpsins og niðurrifsins (11)
**15** Síðar mun ég henda því án þess að illt hljótist af (10)
**16** Hita kjöt einfaldlega við yl kofa og kyndiklefa (9)
**19** Kopar er 29, en 30 er gott til húðunar (4)
**20** Mikil nef urra í átt til gáfnaljósa (11)
**26** Frá frábiður sér það sem hún hafnar (8)
**27** Fljót mótar það sem þú hyggst fyrir (7)
**28** Snaran er þar sem hinir ríku og rugluðu vilja víggirðast (8)
**30** Fer fóstur í háaloft með Loga? (7)
**31** Banvænt skeyti Amasonindjána (7)
**32** Formælingar kjána, huldufólki til dýrðar (8)
**33** Einn lítinn mósustubb í soðið (7)
**34** Áköllum frelsarann á innsoginu ásamt nöfnum hans (7)
**37** Sein dama hinna sundruðu mólekúla (8)
**41** Upplifi hápunkt hræðslu við tennta (8)
**45** Eina brúða hins beinlausa rugludalls (9)
**46** Ræða og staðfesta gildi uppflettirita (8)
**47** Fer á toppinn fyrir þennan prís (6)
**48** Kem kvabbi á kné, gerðuð þið það líka? (9)
**49** Bó gleymir ekki fataefni frekar en voðmeiðurinn (8)
**50** Naumur á fjárveitingunum (6)
**51** Séuð þið kommar vegið þið meðlætið (9)

**LÓÐRÉTT**

**1** Sprúttsalar sem þekkja sínar þrúgur (11)
**2** Óvitlaus skrifin fylgja reglum (11)
**3** Tel Hauk vilja sjálfræði um marga kosti (9)
**4** Eina til fyrir göngurnar (7)
**5** Hef stillt göngulag áður en því var startað (8)
6 Hvíldi sannur og flatur sem mar (8)
**7** Ljót löngun ber vott um kvikindisskap (8)
**8** Litaðu yfir allt og skýrðu það svo (8)
**9** Bleik grúskar og leitar grænmetis (8)
**12** Guðrún leið ósjaldan fyrir ómaklegt traustið (7)
**17** Yl öðlast aflvana, skyldi kölduprjónninn ráða því? (9)
**18** Bóka bústaði bókaranna (14)
**20** Frosinn rófudesert og fjörugur dans (7)
**21** Ringlaður sór samt eið smekklauss manns (7)
**22** Tæmið varning og setjið á lagerinn (9)
**23** Vil fyrsta flokks uppgötvun fyrir stórmennamót (8)
**24** Sagði sorgmæddu upp með det samme (8)
**25** Ætli skauti færist í vöxt með víxli? (6)
**29** Dóttir Cadmusar og Harmóníu er sæt sem síróp (5)
**32** Í byrjun vantaði tímabil á tímabundnum passa (8)
**35** Utandyra finn ég tak, einkum við heyskap og þannig (7)
**36** Inn að því sem er við ytri mörk (7)
**38** Við erum þreytt, Herra, og sár (6)
**39** Buxur 49 – er þetta skósíð flík? (6)
**40** Finn klæði og ker, og hvort tveggja gjögtir (6)
**42** Þvílík mæða að hafa suðað svo (6)
**43** Hef brúkað kjaft að hluta en þó hömlulaust (6)
**44** Tölum um T og troðum upp í það (6)



**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist bylting í samgöngumálum

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.



Lausnarorð síðustu viku var

**GLEÐILEGT KROSSGÁTUÁR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Náðarstund** eftir **Hannah Kent** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hafliði Vilhelmsson, Reykjavík.**







# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Trompunardobl

Þátttaka var mikil (60 pör) í jólamóti Bridgefélags Hafnarfjarðar sem fram fór sunnudaginn 27. desember og lauk með sigri Daníels Más Sigurðssonar og Hermanns Friðrikssonar. Hjónin Björk Jónsdóttir og Jón Sigurbjörnsson vermdu efsta sætið í öllum umferðunum nema þeirri síðustu. Skiptingarspilið nr. 35 í mótinu þótti áhugavert. Sex tígla samningur í NS er óhnekkjandi en 6 spaðar voru spilaðir á 21 borði af 30.

**NORÐUR**
♠ ÁD9865
♥ 5
♦ KD8753
♣ -

**VESTUR**
♠ G7
♥ K72
♦ 10964
♣ G1032

**AUSTUR**
♠ 42
♥ ÁDG1064
♦ -
♣ D9754

**SUÐUR**
♠ K103
♥ 983
♦ ÁG2
♣ ÁK86

Af 21 borði stóðu 13 sex spaða og 8 fóru niður. Austur Lightnerdoblaði* (vilji til trompunar) í 6 tilfellum. Af 6 skiptum, fóru 3 niður og 3 stóðu spilið. Líklegt er að austur hafi fengið að segja hjartalit sinn og þar sem vestur veit ekki hvorn láglitinn austur vill trompa (ef láglitur ekki nefndur í sögnum), er hjartakóngurinn sennilega besta útspilið, til þess að vera ennþá inni og vita hvorn láglitinn austur vill trompa.

## Skák Gunnar Björnsson



Yu Yangyi (2736) lék illa af sér gegn Magnusi Carlseni (2834) þegar hann lék **15. Df3-d1** á Katar-mótinu og var refsað snarlega.

**Svartur á leik**

**15...Rxd3 16. Dxd3 He4!** Svona einfalt var það. Maður fyrir borð. Kínverjinn gafst upp og Magnus sigraði á mótinu.

**www.skak.is:** Skákþing Reykjavíkur hefst á morgun.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | 4 | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 4 |
| | | 5 | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | 7 | | 6 | 2 | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | 7 | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 1 |
| 5 | | 7 | | | | 9 | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 3 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 5 | | 2 | | | | 3 |
| | 4 | | | | | 2 | | |
| 3 | | | 4 | 6 | 1 | | 7 | |
| | | | | | 5 | | | 6 |
| | | | 9 | 1 | | 7 | | |
| 5 | | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | 5 | 2 | 1 | | 4 | 9 | | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | | | | | 7 | 3 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | | |
| | | | | 2 | | | | 4 |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | 8 | 9 | | | 5 | |
| 7 | | | 2 | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | 1 | 9 | |
| | 9 | | 3 | | | | 7 | 6 |
| 3 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 5 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 2 | 1 | 8 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 8 | 7 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 8 |
| 4 | 6 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 4 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 7 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 7 |




ÞÚ FINNUR
RÉTTA RÚMIÐ
HJÁ OKKUR
ÚTSALAN
HEFST Í DAG
LAUGARDAGINN 2. JANÚAR
ALLT AÐ 60%
AFSLÁTTUR
HEILSURÚM
Stærð: 180 x 200 cm.
299.000 KR.*
Þegar mjúkt á að vera mjúkt.
HEILSUINNISKÓR
3.900 KR.
FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477
DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100
SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is
Betra BAK

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**129** kr. 2 l

**Bónus Kolsýrt vatn**
2 l, 2 teg.



**69** kr. 100 g

**Euro Shopper Rískökur,** 100 g



**95** kr. 500 g

**Euro Shopper Haframjöl,** 500 g



**298** kr. 1 kg

**Bónus Tröllahafrar**
1 kg

## Orkudrykkur
Líka til sykurlaus



**59** kr. 250 ml

**Euro Shopper Orkudrykkur,** 250 ml, 2 teg.

## PRÓTEINDRYKKUR



**498** kr. 3x250 ml

**Hámark Próteindrykkur**
Súkkulaði, 3x250 ml



**5.798** kr. stk.

**Nutrilenk Gold,** 180 töflur.
Eitt mest selda efnið hér á landi fyrir þá sem þjást af verkjum og sliti í liðamótum.



**2.895** kr. 270 g

**Amino Energy Fæðubótarefni**
270 g, 8 tegundir

## NÝTT Í BÓNUS
Vegan og án glúten



**259** kr. stk.

**Raw Rev Glo Orkubiti**
Hrástykki, 46 g, 3 teg.



**198** kr. stk.

**Raw Revolution Orkubiti**
Hrástykki, 51 g, 2 teg.

## GÓÐUR ORKUGJAFI



froosh
fruit: bottled

**298** kr. stk.

**Froosh safar**
8 tegundir, 250 ml




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

## Konráð og félagar á ferð og flugi 180

Bragi Halldórsson

Lísaloppa rýndi í gátubókina og sagði. „Hvernig skildi þessi þraut nú vera.“ Konráð hugsaði kíminn að vonandi væri þrautin ekki sú að þurfa að lykta af sokkunum til að vita hverjir væru óhreinastir „Þrautin er svona,“ sagði Lísaloppa þá. „Við erum með þrjú pör af sokkum í poka, eina gula, eina röndótta og eina köflótta. Ef við stingum hendinni ofan í pokann og tökum upp einn sokk í einu, hversu oft þurfum við að ná okkur í einn sokk til þess að vera örugglega komin með eitt par.“ Kata var fljót að svara. „Ég þyrfti að minnsta kosti örugglega að gera það margoft því ég myndi aldrei klæðast köflóttum sokkum.

Getur þú reiknað út hversu oft þú þyrftir að draga sokk upp úr pokanum til að vera örugglega komin með eitt par?





SVAR: Fjórum sinnum ef þrír þeir fyrstu væru allir af sitthvorri sort.

## Brandarar

Ég ætla að fá fuglafræ.
Gott mál. Hvað áttu marga fugla?
Enga enn þá en ég ætla að sá fyrir nokkrum.

Einu sinni voru tveir vitlausir karlar að hjálpast að við að þvo bíl. Annar hélt á tuskunni og hinn keyrði bílinn fram og til baka.

Hvað er það sem sekkur í sæ en blotnar ekki?
Sólin.

Tvær slöngur voru eitt sinn saman úti að skríða þegar önnur þeirra spurði: Erum við eitur-slöngur?
Já, af hverju spyrðu?
Ég beit í tunguna á mér.




# Langar að verða vísindamaður

**Þorgeir Atli Gunnarsson** lagði mikla vinnu í að fallega útbúa jólakveðju til að senda á Krakkarúv. Hann gerði 56 tilraunir og mamma hans bjó til myndband úr þeim. Hér fáum við að kynnast ljúflingnum.

**Hvað er að frétta af skólanum Þorgeir Atli?** Ég er í 3. bekk Vesturbæjarskóla og finnst skemmtilegast í smíði og tónmennt. Mér finnst gaman að spila á hljóðfæri.

**Áttu fleiri áhugamál?** Mér finnst vísindi skemmtilegust og hef líka áhuga á lego, teiknimyndum, körfubolta og leiklist.

**Hvað hefur þú gert skemmtilegt í jólafríinu?** Ég fór vestur á Ísafjörð og Flateyri og það var gaman. Það var líka gaman að jólakveðjan mín gerði marga glaða.

**Ferðu oft út á land?** Já, ég fer svolítið oft. Ég á svo mikið af góðu fólki sem býr úti á landi og er duglegur að heimsækja það. Aðallega fer ég til Ísafjarðar og Flateyrar. Ég á nefnilega átta ömmur og sex afa. En í sumar fór ég hringinn í kringum landið með mömmum mínum.

**Hvað er mest spennandi fyrir vestan?** Mér finnst mest spennandi að vera á Flateyri því þar er hægt að leika úti án þess að hafa áhyggjur af bílum og svoleiðis. Svo finnst mér líka mjög spennandi að vera inni í skógi hjá ömmu Stínu og afa Gunnari.

**Hefur þú lesið einhverja bók nýlega?** Já, við mamma erum búin að lesa Harry Potter 1, 2 og 3. Við ætlum sko að klára að lesa allar bækurnar saman, svo ætlum við að horfa á allar myndirnar saman.

**Áttu þér uppáhaldsspil?** Já, Svindlandi Mölur. Það er svo fyndið að spila það spil með fjölskyldunni.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Mig langar til að verða vísindamaður því ég hef mestan áhuga á því. Mér finnst svo spennandi að búa til alls konar hluti sem hafa ekki verið búnir til áður, með því að fá hugmyndir og vera duglegur að æfa mig og læra sem mest.



„Það var gaman að jólakveðjan mín gerði marga glaða,“ segir Þorgeir Atli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## SMÁFRÓÐLEIKUR UM SMÁFÓLKIÐ

Smáfólkið sem nú er sýnt í kvikmyndahúsum fór fyrst á stjá árið 1950. Það er hugarfóstur Bandaríkjamannsins Charles Schulz sem gerði teiknimyndaseríur um það áratugum saman, samdi efnið, teiknaði myndirnar, litaði og skrifaði inn á þær. Fyrstu myndasögurnar birtust í níu dagblöðum í Bandaríkjunum 2. október 1950 og þær síðustu 13. febrúar árið 2000, daginn eftir að höfundurinn dó.

Alls urðu teiknimyndasögurnar 17.897 og gengu einna lengst allra slíkra sería, eða í tæp 50 ár. Þegar best lét birtust þær í rúmlega 2.600 dagblöðum í heiminum á sama tíma, voru lesnar af 355 milljónum í 75 löndum og þýddar á 21 tungumál. Síðan hafa verið gerðir þættir fyrir sjónvarp og DVD um Smáfólkið, sumir hafa unnið til verðlauna og notið mikilla vinsælda.

Teiknimyndirnar snúast um hóp barna en aldrei sést í fullorðinn einstakling. Kalli Bjarna, ein aðalpersónan, er sótt í æskuminningar höfundarins. Líka hundurinn Snati. Hann les eitt orð á dag í bókinni Stríð og friður eftir Tolstoj.



Smáfólkið með höfundi sínum Charles M Schulz. NORDIC PHOTOS/GHETTY


ÚTSALA
... gerðu dúndurkaup
20% afsláttur
10% afsláttur
30% afsláttur
40% afsláttur
50% afsláttur
60% afsláttur
70% afsláttur
80% afsláttur
Útsalan er hafin!
ELKO
GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Suðaustlæg átt í dag, um 5-10 m/s og él sunnan- og vestantil á landinu, en þurrt og bjart norðanlands. Dregur smám saman úr vindi þegar líður á daginn og styttir upp. Hægt kólnandi veður.

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. -1° | Oslo -2° | Stokkhólmur -3° | Gautaborg -1° | Helsinki -5° | Þórshöfn 8° | Nuuk -22° |
| London 10° | Amsterdam 5° | París 10° | Berlín -3° | Madríd 9° | Brussel 9° | Róm 11° |
| Boston -1° | New York 0° | Orlando 15° | Moskva -14° | Singapúr 26° | Tókýó 5° | Sydney 20° |
















### Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **11.56** | **05.39** |
| 3,18m | 1,46m |
| **00.42** | **18.13** |
| 3,04m | 1,41m |
| **Akureyri** | |
| **04.08** | **09.52** |
| 1,22m | 0,63m |
| **16.06** | **22.12** |
| 1,16m | 0,51m |
| **Ísafjörður** | |
| **01.38** | **07.41** |
| 1,67m | 0,86m |
| **13.45** | **20.11** |
| 1,80m | 0,80m |

### Tunglstaða

Minnkandi

54%

Sólarupprás:

11.18

Sólarlag:

15.43

| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík** | 1° ←6 | 2° ←7 | -1° ←11 | 1° ←16 | 1° ←17 |
| **Ísafjörður** | -4° ←5 | -1° ↖6 | -3° ↖4 | -3° ←16 | -1° ←20 |
| **Akureyri** | -2° ↘4 | -0° ←9 | -4° ↗1 | -3° ←15 | -3° ←15 |
| **Egilsstaðir** | 2° ↖12 | 0° ←10 | -3° ↘2 | -2° ←12 | -2° ↙18 |
| **Kirkjubæjarklaustur** | 3° ←10 | 3° ←9 | -3° ↙6 | 2° ←16 | 1° ↙21 |

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Bætum við vörum daglega
ÚTSALAN ER HAFIN
YFIR 1500 VÖRUR Á MÖGNUÐU TILBOÐI!
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
20-70% afsláttur!
KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

# Ekki ævisögur og alls ekki skáldsögur slógu í gegn

**Bók er jólagjöf ársins hjá Íslendingum ár eftir ár. Því lítum við aðeins yfir farinn veg bókajólanna 2015 og skoðum hvað hefur helst staðið upp úr. En öll gleymska, glöp og flónska skrifast alfarið á undirritaðan.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það ríkir alltaf spenna í loftinu í heimi íslenskrar bókaútgáfu þegar líður að hausti enda mikið undir. Hjá tveimur stærstu forlögunum sitja kóngur og drottning spennusagna á Íslandi, Arnaldur Indriðason og Yrsa Sigurðardóttir, og þau brugðust ekki lesendum sínum. Þau mættu bæði með bók og héldu tveimur efstu sætum bóksölulista Félags íslenskra bókaútgefenda. Það er reyndar athyglisvert að aðeins ein bók til sem talist getur til spennusagna komst á topp tíu listann en það var Nautið eftir Stefán Mána.

Bækur Arnaldar og Yrsu fengu báðar almennt góða dóma og þau virðast hafa skilað sínu enn eitt árið. Það hlýtur þó að vera mikið álag fyrir viðkomandi höfunda að þurfa að skila sínu ár eftir ár. Það væri óneitanlega forvitnilegt að sjá þessa höfunda á stundum gefa sér meiri tíma til að liggja yfir verkum sínum. Nostra við stílinn, skerpa á framvindu, persónulýsingum og þannig mætti áfram telja. Því lengi getur gott batnað.

### Eitthvað fallegt

Talandi um að gefa sér tíma þá leitar hugurinn til ljóðsins. Það er enginn asi í ljóðinu – þvert á móti. Engu að síður mætti sjálfur konungur rokksins á Íslandi, Bubbi Morthens, til leiks og öskraði gat á myrkrið. Bubbi stal senunni lengi vel og það er gaman að fá ljóðið á kortið með þessum hætti. Vonandi skilar innkoma Bubba nýjum og áhugasömum lesendum og fjölgun í hópi þeirra sem njóta ljóða.

Það er líka gleðiefni að ljóðabækur tveggja kvenna flugu hátt þessi jólin. Frelsi Lindu Vilhjálmsdóttur og Stormviðvörun Kristínar Svövu Tómasdóttur nutu báðar hylli og fengu glimrandi viðtökur lesenda jafnt sem gagnrýnenda. Sjón sneri aftur með Gráspörva og ígulker, Þórdís Gísladóttir með Tilfinningarök og Halldór Laxness Halldórsson, þekktari sem Dóri DNA, var einnig hluti af þessari blómlegu flóru. Fleiri frábærar ljóðabækur og skáld mætti svo sannarlega tiltaka enda fádæma góð ljóðabókajól að baki. Ljóðið lifir góðu lífi á Íslandi.

### Ekki ævisaga

Meðan ljóðið lifir góðu lífi virðist vera í gangi forvitnileg þróun á ævisögunni. Lengi vel var það nú svo að margir gáfu eldri kynslóðunum alltaf ævisögu í jólagjöf og þá ósjaldan um umdeildan stjórnmálamann eða eitthvert þjóðþekkt stórmennið.

En nú er öldin önnur. Þjóðin hefur í auknum mæli heillast af ævi- og ævintýrasögum fólks sem stendur almenningi nær. Þessi jólin voru það einkum ævintýralegt æviskeið Brynhildar Georgíu Björnsson eftir Ragnhildi Thorlacius og Munaðarleysingi Sigmundar Ernis Rúnarssonar sem heilluðu ásamt knattspyrnugoðinu Gylfa Sigurðs, dægurlagastjörnunni Agli Ólafs, listakonunni Nínu Sæm og bernskuárum Mikaels Torfasonar. Aðeins ævisögur þeirra Árna Bergmann og Óskars Guðmundssonar eru nálægt hefðbundnum ævisagnabókmenntum eins og mörg okkar gáfu afa fyrir hver jól í þá gömlu góðu daga.



Stríðsárabók Páls Baldvins Baldvinssonar seldist upp löngu fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Auður Jónsdóttir, höfundur Stóra skjálfta sem var ein vinsælasta skáldsagan þessi jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Páll Valsson skrifaði Egils sögur ásamt með söguefninu sjálfu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Linda Vilhjálmsdóttir ljóðskáld sendi frá sér ljóðabókina Frelsi og fékk glimrandi viðtökur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **EN ÞAÐ MERKILEGA ER AÐ VINSÆLASTA ÆVISAGA ÁRSINS ER ALLS EKKI ÆVISAGA. OG SVO TJÖLLUM VIÐ OKKUR Í RALLIÐ EFTIR GUÐMUND ANDRA THORSSON ER MIKLU FREMUR MINNINGABÓK MEÐ MYNDUM, BÓK SEM BREGÐUR UPP SVIPMYNDUM AF LÍFI, STARFI OG MANNI, ÁN ÞESS AÐ FALLA Í NOKKURN HINNA HEFÐBUNDNU FLOKKA.**

> **ÞÝÐINGAR Á VÖNDUÐUM BÓKMENNTUM VÍÐA AÐ ÚR VERÖLDINNI ERU GRÍÐARLEGA MIKILVÆGUR ÞÁTTUR Í AÐ VIÐHALDA OG EFLA BÓKMENNTALÍF Á ÍSLANDI. HLUTUR ÞÝÐENDA ER ÞVÍ MIÐUR OFT STÓRLEGA VANMETINN ÞAR SEM MIKIL EN ILLA LAUNUÐ VINNA LIGGUR AÐ BAKI.**

En það merkilega er að vinsælasta ævisaga ársins er alls ekki ævisaga. Og svo tjöllum við okkur í rallið eftir Guðmund Andra Thorsson er miklu fremur minningabók með myndum, bók sem bregður upp svipmyndum af lífi, starfi og manni, án þess að falla í nokkurn hinna hefðbundnu flokka. En hún féll í kramið hjá landsmönnum, enda sérdeilis heillandi og falleg bók, því landsmönnum er skítsama um flokka og skilgreiningar. Ævisaga eða ekki ævisaga, þetta er fín bók.

### Ekki skáldsaga

Til þess að fullkomna upplausnina þá eru íslenskar skáldsögur alls ekki lengur endilega skáldsögur heldur ævisögur. Sumar eru reyndar skáldævisögur en það er allur gangur á því hvort höfundar gangist við slíku eða ekki. Þetta er jú þeirra sannleikur. Er snilldar tvíleikur Jóns Kalmans byggður á hans ævi eða ekki? Ældi Hallgrímur út alla München á námsárunum? Var ástandið á Núpi eins og Jón Gnarr greinir frá í sinni bók? Hversu mikið af Stóra skjálfta er í lífi Auðar Jónsdóttur? Hvað er sprottið úr höfði Þórunnar Valdimarsdóttur? Var Palli einn í heiminum þegar Hermann skrifaði Leiðina út í heim? Er Geirmundur heljarskinn fornsaga? Var Jörundur hundadagakonungur eða hundur í Einari? Var Mamúska amma Halldórs? Hvort kom á undan eggið eða hænan? Hverjum er ekki fjárans sama?

Það kom út mikið af góðum bókum fyrir þessu jól og það er það sem skiptir öllu máli. Það kom því ekki á óvart að margir söknuðu þess að Íslensku bókmenntaverðlaunin gætu ekki boðið upp á þann kost að fjölga tilnefndum verkum í hverjum flokki fyrir sig. Svona rétt eins og hausverkurinn við að draga bækurnar í dilka sé ekki nóg. Guð blessi Ísland.

### Blessuð börnin

Þessi vandi birtist líka dómnefndinni fyrir barna- og ungmennabækur. Íslenskar barna- og ungmennabækur hafa líkast til sjaldan verið fleiri og úrvalið eins gott. Lestrarvandi íslenskra ungmenna verður því tæpast rakinn til útgefenda.

Það er líka ánægjulegt að sjá að bæði karlar og konur eru að sinna því að skrifa fyrir yngri kynslóðina og söguefni jafnt sem efnistök fjölbreytt og forvitnileg. Gunnar Helgason hætti að skrifa um fótbolta og skrifaði þess í stað um Mömmu klikk og mamma sló í gegn og Gunnar fékk langþráða tilnefningu. Aðrar tilnefndar bækur í þessum flokki og margar fleiri eru einnig virkilega vandaðar og góðar bókmenntir sem er svo sannarlega ástæða til þess að halda að yngri kynslóðinni. Það þarf nefnilega að hvetja börn- og ungmenni til þess að lesa. Samkeppnin um athygli þeirra og tíma er geysilega hörð og fjarri þeim veruleika sem foreldrarnir þekkja úr eigin æsku.

### Stríð og skrif

Það þarf þó að minnsta kosti foreldra foreldranna og eina kynslóð að auki til þess að muna eftir sögusviði einnar allra vinsælustu bókarinnar í ár. Stríðsárin eftir Pál Baldvin Baldvinsson slógu svo sannarlega í gegn og seldust upp hjá útgefanda talsvert fyrir jól. Eftirsjá ársins er það kannski kallað á Bræðraborgarstígnum um þessar mundir. En vinsældirnar koma engu að síður ekki á óvart enda um fádæma glæsilega bók að ræða.

Gunnar Þór Bjarnason sendi líka frá sér stríðsárabók en um fyrra stríð. Mjög forvitnileg bók þar á ferð rétt eins og ýmsar aðrar fræðibækur og rit almenns efnis þetta árið.

Allar tilnefndar bækur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í þessum flokki eru efalítið vel að því komnar er undirritaður játar þó að sakna bókar Soffíu Auðar Birgisdóttur um skrif Þórbergs Þórðarsonar, Ég skapa, þess vegna er ég, á meðal tilnefndra verka.

### Þýðingar og Skattmann

Enn eru ótaldar allar þær vönduðu og góðu þýðingar sem íslenskir lesendur eiga þess að kost að njóta. Þýðingar á vönduðum bókmenntum víða að úr veröldinni eru gríðarlega mikilvægur þáttur í að viðhalda og efla bókmenntalíf á Íslandi. Hlutur þýðenda er því miður oft stórlega vanmetinn þar sem mikil en illa launuð vinna liggur að baki.

En það er engu að síður gleðiefni að útgefendum virðist hafa tekist að finna þýddum verkum farveg á markaði utan jólavertíðar. Bókaklúbbar forlaganna eiga þar efalítið þátt og er ástæða til þess að hvetja fólk til þess að finna sér hið fyrsta bókaklúbb við smekk og hæfi.

Öllu verra er að enn skuli bókaþjóðin búa við þann fjára að ríkisvaldið leggi virðisaukaskatt á bækur. Þegar fólk les góðar bækur þá eykur það virði samfélagsins. Eykur sköpunarkraft, skerpir hugsun og göfgar skap. Ráðamenn ættu því að sjá sóma sinn í því að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að sem allra flestir geti keypt góðar bækur og lesið sér til gagns og gleði.


VILTU VEÐJA?
TACTIC
Fjölskylda
8+ aldur
3–6 leikmenn
VILTU VEÐJA?
JR
Getur þátttakandinn haldið ræðu um einhverja íþrótt í 1 mínútu. Þátttakandinn velur íþróttina og má ekki endurtaka það sem hann segir eða gera hlé á máli sínu í nema örfáar sekúndur.
YNGRI:
30 sekúndur.
Getur þátttakandinn nefnt 4 fræga karla sem bera nafnið Ólafur?
YNGRI:
Getur þátttakandinn nefnt 2 fræga karla sem bera nafnið Ólafur?
Getur þátttakandinn nefnt 8 mismunandi höfuðborgir?
YNGRI:
Getur þátttakandinn nefnt 3 mismunandi höfuðborgir?
Getur þátttakandinn kastað veðmálskorti 3-5 metra?
3 sinnum í 5 tilraunum?
Fjarlægðin er ákveðin áður en lagt er undir.
YNGRI:
2 sinnum í 5 tilraunum.
Fjölskyldu-áskorun!
Viltu veðja hvort ég geti það?
FJÖRUGA BORÐSPILIÐ
KOMIÐ Í VERSLANIR










# Góða skemmtun í bíó










# Hvað? hvenær? hvar?

## Laugardagur og sunnudagur


Stórtónleikar Rótarý klúbbsins verða haldnir í Hörpunni.

## 2. JANÚAR 2016

### Tónleikar

**Hvað?** HMM: Myrkramessa
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn
Hið myrka man heldur utan um hljóð- og myndbandaupplifun á Gauknum í kvöld. Fram koma Kælan mikla, NYIÞ, Dulvitund og IDK.

**Hvað?** Nýársball Skímó
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Gamla Kaupfélagið, Akranesi
Skítamórall heldur nýársdansleik í Gamla kaupfélaginu. Bandið ætlar að halda uppi góðri stemningu alla nóttina eins og því einu er lagið. Forsala hafin í Gamla kaupfélaginu en forsölumiðar kosta 2.500 kr. Aðgangseyrir við innganginn er 3.000 kr.

**Hvað?** Pungsig, Elín Helena og Hemúllinn
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dillon
Hljómsveitirnar Pungsig, Elín Helena og Hemúllinn spila pönk á Dillon í kvöld. Það er frítt inn og búist er við að tónleikarnir byrji tímanlega.

**Hvað?** Nýársfögnuður Nesvina og HP Optime
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Rauða ljónið, Seltjarnarnes
Hin eiginlega árlega jólatrésskemmtun HP Optime og Nesvina verður haldin í kvöld. Nesvinir munu hringja inn nýja árið með stæl og spila sína helstu slagara. Ný og gömul cover-lög munu hljóma um Eiðistorgið. Eins og áður mun koma fram leynigestur.

## 3. JANÚAR 2016

### Tónleikar

**Hvað?** Stórtónleikar Rótarý
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Á þessum stórtónleikum verða meðal annars Magnús Baldvinsson og Jónas Ingimundarson flytjendur. Kynnir verður Bergþór Pálsson og Guðrún Pétursdóttir verður með ávarp. Miða er hægt að nálgast á tix.is en þeir kosta 5.000 kr.

**Hvað?** Útidúr, Orphic Oxtra og Miri á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Nýárspynnkunni verður eytt á glæsilegum tónleikum með Útidúr, Orphic Oxtra og Miri. Húsið opnað 20.00 en tónleikarnir hefjast kl. 21.00. Aðgangseyrir er 1.500 kr.

**Hvað?** Agnes Thorsteins mezzósópran
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholt
Agnes er að ljúka BA-söngnámi í Vínarborg og mun í kjölfarið hefja mastersnám við sama skóla. Efnisskrá tónleikanna er hluti af efnisskrá þeirri sem hún flytur í sambandi við lokaprófið og kennir þar ýmissa grasa. Agnes hefur haldið tónleika á Íslandi, Þýskalandi og á Kýpur. Meðleikari Agnesar er Agnes Löve, sem er amma hennar. Miða er hægt að nálgast á midi.is og kosta 2.500 kr.

### Kvikmyndir

**Hvað?** Svartir sunnudagar: A Space Odyssey
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Kvikmyndin A Space Odyssey fjallar um þróun mannsins, tækni, gervigreind og líf utan jarðar. Hún er nýársmynd Svartra sunnudaga í Bíói Paradís. Hægt er að kaupa miða á tix.is en þeir kosta 1.400 kr.

### Fundir

**Hvað?** Kynningarfundur um sumarbúðir og skiptinám Mundo
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Kvennaheimilið Hallveigarstaðir
Ef þú ert að spá í sumarbúðir sumarið 2016 eða skiptinám þá er kominn tími til að afla sér upplýsinga því umsóknarferlið tekur sinn tíma. Ferðaskrifstofan Mundo boðar til kynningarfundar um þessi málefni. Á fundinum verða fyrrverandi skiptinemar Mundo og segja frá reynslu sinni. Allir velkomnir



Annan grundvöll getur enginn lagt en þann sem lagður er, sem er Jesús Kristur...
www.versdagsins.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

# NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
## Komdu í Dorma




**NATURE'S COMFORT** heilsurúm

Nature's Comfort heilsudýna með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.

**Fullt verð: 164.900 kr.**

Nature's Bedding

Aðeins **123.675 kr.**



**25% AFSLÁTTUR**

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.



**20% AFSLÁTTUR**

**BOGGIE** 3ja sæta

Slitsterkt áklæði.
Margir litir.
Stærð: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

**Verð: 99.900 kr.**

Aðeins **79.920 kr.**

**Afgreiðslutími**
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
**www.dorma.is**

**Holtagörðum**
512 6800
**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100

DORMA
Láttu drauminn rætast




GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK
Á BÍÓSTÖÐINNI

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn. **Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.**

365.is | Sími 1817 365




# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

07.01 Strumparnir
07.25 Waybuloo
07.45 Könnuðurinn Dóra
08.35 Mæja býfluga
08.50 Stóri og Litli
09.00 Með afa
09.10 Latibær
09.20 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
09.30 Latibær
09.45 Kalli á þakinu
10.10 Elías
10.20 Kalli kanína og félagar
10.45 Xiaolin Showdown
11.10 Teen Titans Go!
11.35 Beware the Batman
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.05 Spilakvöld
14.05 Kaleo
15.25 Krækiberjablús
16.25 Ferrell Takes the Field
17.15 Sjáðu
17.40 ET Weekend
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.10 Lottó
19.15 Spilakvöld
20.05 Still Alice
21.45 Exodus: Gods and Kings
00.10 Ouija
01.35 Elysium
03.25 Appaloosa
05.15 Fréttir

## SPORT

11.00 Chicago - New York
12.50 Arizona Cardinals - Green Bay Packers
14.55 Espanyol - Barcelona Bein útsending.
17.00 Chicago - New York
18.50 NFL Gameday
19.20 Hólmurinn heillaði
20.35 Espanyol - Barcelona
22.20 UFC Now 2015
23.10 UFC Fight Night: Dos Anjos vs. Cerrone
01.15 UFC Now 2015
02.05 UFC Countdown Show 2
03.00 UFC 195. Condit vs. Lawler Bein útsending

## SPORT 2

07.50 Brighton - Wolves
09.30 QPR - Hull
11.10 Premier League Review 2015
12.05 Premier League World 2015/2016
12.35 West Ham - Liverpool Bein útsending
14.50 Man. Utd. - Swansea Bein útsending
17.00 Markasyrpa
17.20 Watford - Man. City Bein útsending
19.30 Arsenal - Newcastle
21.10 Norwich - Southampton
22.50 Leicester - Bournemouth
00.30 WBA - Stoke
02.10 Sunderland - Aston Villa

## GOLFSTÖÐIN

09.45 PGA Tour 2015
13.25 PGA Tour 2015 - Highlights
14.20 PGA Tour 2015
16.45 Golfing World 2015
17.35 2015 PGA Tour Review of the Year
18.25 Samsung Unglingaeinvígið 2015
19.20 PGA Special: Tour Life
19.45 PGA Tour 2015
21.25 PGA Tour 2015 - Highlights
22.20 2015 Champions Tour Year in Review
23.15 Feherty

## STÖÐ 3

10.25 The Amazing Race
11.10 The Amazing Race
11.55 The Amazing Race
12.35 The Amazing Race
13.20 The Amazing Race
14.05 The Amazing Race
14.50 Premier League 2015/2016 Bein útsending
17.00 Hart of Dixie
17.45 One Big Happy
18.10 Schitt's Creek
18.30 Masterchef USA
19.15 Raising Hope
19.35 Raising Hope
19.55 Raising Hope
20.20 Raising Hope
20.40 Raising Hope
21.00 Raising Hope
21.25 Raising Hope
21.50 Ice
23.25 Grimm
00.10 Sons Of Anarchy
01.10 The Cleveland Show
01.35 Bob's Burgers
01.55 American Dad
02.20 South Park
02.40 Ice

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Rasmus Klumpur og félagar
07.55 UKI
08.00 Lukku-Láki
08.23 Kalli á þakinu
08.47 Hvellur keppnisbíll
09.00 Brunabílarnir
09.25 Ljóti andarunginn og ég
09.47 Ævintýraferðin
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.45 Doddi litli og Eyrnastór
10.55 Tommi og Jenni
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Rasmus Klumpur og félagar
11.55 UKI
12.00 Lukku-Láki
12.23 Kalli á þakinu
12.47 Hvellur keppnisbíll
13.00 Brunabílarnir
13.24 Ljóti andarunginn og ég
13.46 Ævintýraferðin
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.45 Doddi litli og Eyrnastór
14.55 Tommi og Jenni
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Rasmus Klumpur og félagar
15.55 UKI
16.00 Lukku-Láki
16.23 Kalli á þakinu
16.47 Hvellur keppnisbíll
17.00 Brunabílarnir
17.24 Ljóti andarunginn og ég
17.46 Ævintýraferðin
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.45 Doddi litli og Eyrnastór
18.55 Tommi og Jenni

## GULLSTÖÐIN

16.50 Á uppleið
17.20 Um land allt
17.50 Um land allt
18.25 Fókus
18.45 The Big Bang Theory
19.05 Friends
19.30 The New Girl
19.55 Modern Family
20.15 Sælkeraferðin
20.35 Stelpurnar
21.00 The Mentalist
21.40 Mr. Selfridge
22.25 Anna Pihl
23.10 Graceland
23.55 Sælkeraferðin
00.15 Stelpurnar
00.35 The Mentalist
01.20 Mr. Selfridge

## BÍÓSTÖÐIN

08.50 Someone Like You
10.30 The Armstrong Lie
12.30 Diana
14.25 Nebraska
16.20 Someone Like You
18.00 The Armstrong Lie
20.05 Diana
22.00 Hot Tub Time Machine 2
23.35 Time of Death Spennutryllir frá árinu 2013 sem segir frá Jordan Price, FBI rannsóknarlögreglu-konu, sem fengin er til þess að leysa afar grunsamlegt mál sem felur í sér morð á forstjóra fyrir-tækis, en morðið á sér stað klukkan nákvæmlega 10.44. Þegar fleiri fórnarlömb innan fyrirtækisins eru myrt á sömu tímasetningu þarf Jordan að skyggnast til fortíðar til þess að leysa málið.
01.10 Giv'em Hell Malone
02.50 Hot Tub Time Machine 2

## RÚV

07.00 KrakkaRÚV
07.01 Háværa ljónið Urri
07.11 Nellý og Nóra
07.18 Pósturinn Páll
07.33 Ólivía
07.45 Eðlukrúttin
07.56 Veistu hvað ég elska þig mikið?
08.07 Friðþjófur forvitni
08.30 Úmísúmí
08.53 Kata og Mummi
09.04 Litli prinsinn
09.28 Kafteinn Karl
09.29 Skrekkur íkorni
09.51 Uss-Uss!
10.02 Undraveröld Gúnda
10.15 Krakkafréttir vikunnar
10.40 Íþróttamaður ársins 2015
12.05 Ferðin heim
13.00 Stúlkurnar á Kleppjárns-reykjum
14.05 Óli Prik
15.40 Árið með Gísla Marteini
16.50 Sirkus Íslands - Heima er best
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Babar
18.23 Chaplin
18.30 Unnar og vinur
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.40 Þetta er bara Spaug...stofan
20.20 Árið er - Söngvakeppnin í 30 ár
21.15 Milk
23.20 Gladiator
01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
10.45 Everybody Loves Raymond
11.07 Younger
11.28 Jennifer Falls
11.49 Playing House
12.11 Odd Mom Out
12.34 Life In Pieces
12.56 Grandfathered
13.17 The Grinder
13.40 The Muppets
14.02 America's Funniest Home Videos
14.26 Survivor
15.12 Adele: Live at the Royal Albert Hall
16.11 The Voice
17.38 Coldplay: Ghost Stories
18.35 Evan Almighty
20.09 The Secret Of My Succe$s
22.00 The Interpreter
00.10 Playing It Cool
01.41 The Black Dahlia
03.38 CSI
04.25 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.01 Strumparnir
07.25 UKI
07.30 Doddi litli og Eyrnastór
07.40 Zigby
07.55 Litlu Tommi og Jenni
08.15 Latibær
08.40 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.00 Með afa
09.05 Óskastund með Skoppu og Skítlu
09.20 Gulla og grænjaxlarnir
09.30 Ævintýraferðin
09.40 Rasmus Klumpur og félagar
09.50 Víkingurinn Vic
10.00 Ljóti andarunginn og ég
10.25 Loonatics Unleashed
10.50 Ninja-skjaldbökurnar
11.15 iCarly
12.00 Nágrannar
12.20 Nágrannar
12.40 Nágrannar
13.05 Catch Me If You Can
15.25 Anger Management
15.50 The Big Bang Theory
16.10 Stuðmenn - Sumar á Sýrland
17.45 60 mínútur
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.10 Næturvaktin
19.35 Atvinnumennirnir okkar
20.10 Shetland
21.10 Code of a Killer
21.55 60 mínútur
22.40 Shawshank Redemption
01.00 The Art of More
01.45 The Mafia With Trevor McDonald
02.35 The Book Thief
04.45 Don Jon

## SPORT

10.35 NBA 2015/2016 - Regular Season
12.30 UEFA Champions League 2015/2016
14.10 UEFA Champions League 2015/2016
15.55 Gary Lineker's FA Cup Film
16.50 Samsung Unglingaeinvígið 2015
17.15 Spænski boltinn 2015/2016
18.55 NFL Gameday
19.25 Spænski boltinn 2015/2016
21.25 NFL 2015/2016

## SPORT 2

08.20 Premier League 2015/2016
10.00 Premier League 2015/2016
11.40 Premier League 2015/2016
13.20 Premier League 2015/2016
15.50 Premier League 2015/2016
18.00 Premier League 2015/2016
19.40 Premier League 2015/2016
21.20 Premier League 2015/2016
23.00 Premier League 2015/2016
00.40 Premier League World 2015/2016

## GULLSTÖÐIN

16.20 Á uppleið
16.50 Um land allt
17.20 Um land allt
17.50 Fókus
18.15 The Big Bang Theory
18.40 Friends
19.05 The New Girl
19.30 Modern Family
19.50 Viltu vinna milljón?
20.25 Anna Pihl
21.10 Twenty Four 4
21.55 Graceland
22.40 Sisters
23.25 The 100
00.05 Viltu vinna milljón?
00.40 Anna Pihl
01.20 Twenty Four 4
02.05 Graceland

## STÖÐ 3

09.15 The Amazing Race
10.00 The Amazing Race
10.45 The Amazing Race
11.30 The Amazing Race
12.15 The Amazing Race
13.00 The Amazing Race
13.50 Discovery Atlas
15.35 Comedians
15.55 Suburgatory
16.20 First Dates
17.05 Lip Sync Battle
17.30 Hell's Kitchen
18.15 My Dream Home
19.00 Project Runway
20.25 The Cleveland Show
20.50 Bob's Burgers
21.10 American Dad
21.35 Brickleberry
21.55 South Park
22.20 Good Vibes
22.40 The Mysteries of Laura
23.25 Vampire Diaries
00.05 The Cleveland Show
00.30 Bob's Burgers
00.55 American Dad
01.15 Brickleberry
01.40 South Park
02.00 Good Vibes

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Brunabílarnir
07.25 Ljóti andarunginn og ég
07.47 Ævintýraferðin
08.00 Könnuðurinn Dóra
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.45 Doddi litli og Eyrnastór
08.55 Tommi og Jenni
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Rasmus Klumpur og félagar
09.55 UKI
10.00 Lukku-Láki
10.23 Kalli á þakinu
10.47 Hvellur keppnisbíll
11.00 Brunabílarnir
11.24 Ljóti andarunginn og ég
11.46 Ævintýraferðin
12.00 Könnuðurinn Dóra
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.45 Doddi litli og Eyrnastór
12.55 Tommi og Jenni
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Rasmus Klumpur og félagar
13.55 UKI
14.00 Lukku-Láki
14.23 Kalli á þakinu
14.47 Hvellur keppnisbíll
15.00 Brunabílarnir
15.24 Ljóti andarunginn og ég
15.46 Ævintýraferðin
16.00 Könnuðurinn Dóra
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.45 Doddi litli og Eyrnastór
16.55 Tommi og Jenni
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Rasmus Klumpur og félagar
17.55 UKI
18.00 Lukku-Láki
18.23 Kalli á þakinu
18.47 Hvellur keppnisbíll
19.00 Hetjur Valhallar - Þór

## GOLFSTÖÐIN

08.10 Deutsche Bank Championship
13.10 PGA Tour 2015 - Highlights
14.05 Golfing World 2015
14.55 Feherty
15.40 2015 Players Official Film
16.35 US Open 2015
21.35 Samsung unglingaeinvígið 2015
22.00 Inside The PGA Tour 2015
22.25 2015 FedExCup Playoffs Official Film
23.15 2015 Presidents Cup Official Film

## BÍÓSTÖÐIN

08.15 Words and Pictures
10.10 Moonrise Kingdom
11.45 Admission
13.30 The Face of Love
15.05 Words and Pictures
17.00 Moonrise Kingdom
18.35 Admission
20.25 The Face of Love
22.00 Before I Go To Sleep
23.35 Justice for natalie Holloway
01.05 Lockout Lengd. 1.35
02.40 Before I Go To Sleep

## RÚV

07.00 KrakkaRÚV
07.01 Háværa ljónið Urri
07.11 Lautarferð með köku
07.18 Pósturinn Páll
07.33 Ólivía
07.43 Sara og önd
07.50 Lundaklettur
07.56 Vinabær Danna tígurs
08.07 Hæ Sámur
08.14 Elías
08.25 Sigga Liggalá
08.38 Hvolpasveitin
09.00 Disneystundin
09.01 Finnbogi og Felix
09.23 Sígildar teiknimyndir
09.30 Fínni kostur
09.52 Millý spyr
09.59 Klaufabárðarnir
10.06 Chaplin
10.15 Ævar vísindamaður
10.40 Bækur og staðir
10.45 Árið er - Söngvakeppnin í 30 ár
11.35 Þetta er bara Spaug...stofan
12.05 Kastljós - Áramótaþáttur
12.50 Augnablik - úr 50 ára sögu Sjónvarps
13.05 Nýárstónleikar í Vínarborg
15.15 Herra Fnykur
16.15 Persónur og leikendur
16.55 Á sömu torfu
17.10 Táknmálsfréttir
17.24 KrakkaRÚV
17.25 Kata og Mummi
17.37 Tillý og vinir
17.49 Skúli skelfir
18.00 Stundarskaup
18.25 Í leit að fullkomnun – Tilhugalíf
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Rætur
20.15 Stóra sviðið
21.00 Ófærð
21.55 Downton Abbey
23.30 Skelfing hamingjusamur

## SKJÁREINN

10.50 Everybody Loves Raymond
11.12 Younger
11.33 Jennifer Falls
11.53 Playing House
12.13 Odd Mom Out
12.35 Life In Pieces
12.57 Grandfathered
13.19 The Grinder
13.41 The Muppets
14.03 Parks & Recreation
14.24 Rules of Engagement
14.47 The McCarthys
15.10 Coldplay Live 2012
16.10 The Voice
18.18 Design Star
19.05 Minute To Win It Ísland
19.49 Jennifer Falls
20.10 Top Gear
21.06 Law & Order. Special Victims Unit
21.52 The Affair
22.50 House of Lies
23.17 Adult World
00.48 Rookie Blue
01.34 Flashpoint
02.15 Law & Order. Special Victims Unit
03.01 The Affair
03.58 House of Lies

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |



19:35
**ATVINNUMENNIRNIR OKKAR**
Önnur þáttaröð þessara mögnuðu þátta þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar. Auðunn Blöndal heimsækir Aron Pálmason sem spilar með Veszprem í Ungverjalandi og þykir einn af bestu handboltamönnunum í heiminum í dag.

SKEMMTILEGUR
SUNNUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




21:05
**CODE OF A KILLER**
Hörkuspennandi breskir framhaldsþættir í þremur hlutum sem byggðir eru á sönnum atburðum. Alec Jeffrey gerði tímamótauppgötvun í DNA greiningu og hér er fylgst með rannsóknarlögreglumanninum David Baker nota þessar aðferðir í fyrsta sinn í morðrannsókn.

20:05
**SHETLAND**
Jimmy Perez starfar í afskekktum bæ á Hjaltlandseyjum og fær inn á borð til sín afar snúin sakamál. Vandaðir breskir sakamálaþættir frá BBC.



22:00
**BEFORE I GO TO SLEEP**
Spennutryllir um unga konu sem vaknar algerlega minnislaus á hverjum morgni. Með aðalhlutverk fara Nicole Kidman og Colin Firth.



Krakkastöðin 19:00
**HETJUR VALHALLAR – ÞÓR**
Frábær íslensk teiknimynd í fullri lengd fyrir alla fjölskylduna í leikstjórn Óskars Jónassonar.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## Lífið í vikunni 26.12.15-02.01.16



### BÚIN AÐ FÁ NÓG AF SVIÐSLJÓSINU

Arna Ýr Jónsdóttir, sem var kjörin Ungfrú Ísland í byrjun september þessa árs, tók þátt í Miss World í Kína fyrr í mánuðinum. Hún hyggst leggja sprotann á hilluna og byrja aftur í skóla á nýju ári. Hún lenti í sæti 21 til 22 og var því hársbreidd frá því að vera í efstu 20 sætunum.

### SEGIR SKILIÐ VIÐ TÖLVUNA



Mörgum þykir mikið áreiti fylgja tölvum og internetinu og þess vegna ákvað rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdal að hætta að vinna á tölvu og færði sig yfir á ritvélina.

### PRAKKARINN TACO

Kötturinn hennar Vigdísar Hauksdóttir, sem ber nafnið Taco, gerði allt vitlaust á heimilinu yfir hátíðarnar. Kötturinn reyndi að fella jólatréð og leika sér með jólakúlurnar.



### VINNA Í PLÖTU ERLENDIS

Vinna með Grammy-verðlaunahafa Hljómsveitin Kaleo er stödd í fríi hér á landi en eftir jólin heldur hún af landi brott til Nashville þar sem bandið klárar sína fyrstu plötu á erlendri grund.



HEFST Í DAG

Allt að 60% afsláttur

Risa ÚTSALA

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is
558 1100

# Stjörnur sem strengja áramótaheit

Nýtt ár hefur gengið í garð og notar margur Íslendingurinn þessi miklu tímamót til þess að taka til í sínu lífi. Fjölmargir strengja áramótaheit til þess að setja sér markmið og ná einbeitingu í sínum verkefnum og lífinu almennt. Fréttablaðið sló á þráðinn til nokkurra stjarna hér á landi og spurði hvort þær strengdu áramótaheit.

### SKÝTUR ÁRINU UPP BÓKSTAFLEGA



„Ég er aldrei með áramótaheit. En ég fer alltaf vandlega yfir árið sem er að líða, skrifa allt niður sem gerst hefur, gott og slæmt. Ég skrifa svona lista og fer yfir allt í einrúmi, svo hugsa ég fallega til komandi árs og hugleiði það sem mig langar að leggja sterkari áherslur á. Svo lími ég listann við flugelda og skýt árinu upp í bókstaflegri merkingu á miðnætti.“ Ágústa Eva Erlendsdóttir, leikkona.

### ENDURSKOÐAR SJÁLFIÐ



„Já, ég er svo sannarlega spennt fyrir árinu 2016 enda mörg ævintýri sem bíða rétt handan við hornið. Ég er búin að festa óvenju margar dagsetningar á nýja árinu sem allar eru stútfullar af spennandi ferðalögum og viðburðum. Ég endurskoða alltaf sjálfið á þessum árstíma og set mér niður gróf markmið fyrir árið sem fram undan er. Ég er svo sem ekkert að strengja heit heldur set ég mér frekar markmið. Nokkur eru á íþróttasviðinu en þar vil ég ná betri hlaupahraða, hjólahraða og læra skriðsundið betur en ég er arfaslök sundkona. Mig langar líka óskaplega mikið að stunda skíðaíþróttina meira og kynnast gönguskíðum betur.“ Friðrika Hjördís Geirsdóttir fjölmiðlakona

### KENNIR DÓTTIR SINNI MUNINN Á RÉTTU OG RÖNGU

„Ég ætla að leyfa mér meira, vaka lengur, spila fleiri tölvuleiki, vakna snemma og fá mér bragðaref, fara svo aftur upp í þegar ég er búinn með hann. Ætla að hanga mikið með bestu vinkonu minni henni dóttur minni og kenna henni muninn á réttu og röngu. Að Kenny sé hollur og það megi leggja í stæði fyrir fatlaða svo lengi sem maður er fljótur að versla. Ég ætla að skrifa mikið og búa til meira sjónvarp, t.d. sápuóperu sem gerist í Húsdýragarðinum. Annars er ég bara að hugsa upphátt, ætli ég biðji ekki bara ljósmyndara fréttablaðsins um að smella nýrri mynd af mér og þá er ég sáttur." Steindi Jr. grínisti og gleðigjafi.



### NÝ PLATA OG AUGLÝSIR EFTIR KÆRASTA



„Ég hef sjaldan verið spenntari fyrir nokkru ári eins og núna. Ég mun gefa út nýja plötu á þessu ári og árið er undirlagt af henni. Mitt helsta áramótaheit er að ég þarf að gefa mér tíma og svigrúm til að vinna hana og þarf að vera duglegur að skipuleggja mig. Það er langt síðan ég gaf út plötu með frumsömdu efni, ég var alveg búinn að gleyma hvað ég elska mikið að vera í hljóðveri því ég hef lítið annað gert en að troða upp síðustu árin,“ segir Páll Óskar. Hann er líka að leita að kærasta og gerir miklar væntingar til ársins. „Ég ætla að leita að huggulegum kærasta, ég skil ekki af hverju ég er enn á lausu, ég er búinn að vera alltof lengi á lausu. Mig langar að upplifa það að vera skotinn, ég hef ekki verið skotinn síðan árið 2008. Þetta gengur ekki lengur, það þarf að fara redda þessu og ég vil að tilvonandi eiginmaður minn vinsamlegast gefi sig fram,“ bætir Páll Óskar við léttur í lundu.



### ÚTSKRIFT OG LEIKLIST

„Áramótaheitið mitt er að eignast kærasta svo ég verði látin í friði í jólaboðunum á næsta ári. Ég er ofboðslega spennt fyrir nýja árinu. Mér líður alltaf best þegar árið er jöfn tala svo þetta lofar góðu. Ég útskrifast úr leiklistarnámi í New York í vor og hlakka mikið til að finna mér skemmtileg verkefni í borginni.“ Unnur Eggertsdóttir, leiklistarnemi og söngkona.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILD- IR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

FOLLOW US INSTAGRAM | FACEBOOK | TWITTER | PINTEREST



FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Óttars Guðmundssonar



# Possessjón, obsessjón bolti

Fyrir hartnær 1000 árum var sama tungumál talað um alla Norður-Evrópu. Grannþjóðirnar fóru snemma að einfalda hlutina, breyta málfræðinni og sleppa flókinni fallbeygingu. Íslendingar sitja enn uppi með þetta erfiða tungumál með skrítnum stigbeygingum og fjórum föllum. Á liðnum öldum hafa margir lagt til að þessu tungumáli yrði breytt til alþjóðlegra horfs. Menn hafa þó þrjóskast við og spólað áfram í úreltum fallbeygingum allt fram á þennan dag.

Með stórauknum flóttamannastraumi, ferðamennsku og alþjóðavæðingu eykst þörfin á því að tungumálið verði fært til nútímahorfs. Margir hafa skynjað þetta og lagt sig alla fram við að breyta tungumálinu og laga það að enskri heimstungu.

Engir hafa þó verið eins framsæknir við þetta og þeir á íþróttadeild Stöðvar 2. Menn hafa skilið að íslenskan er úrelt fyrirbæri sem þarf að hanna upp á nýtt með því að skjóta inn enskum orðum og orðasamböndum sem víðast. Þetta er mjög til bóta og eykur skilning barna og unglinga á íþróttum. Íþróttafréttamenn eiga heiður skilinn fyrir að vera hættir að reyna að tala íslensku heldur gefa enskunni lausan tauminn.

Fremstur meðal jafningja á íþróttadeildinni er Arnar Gunnlaugsson Skagamaður. Hann er farinn að tala framtíðartungumál þjóðarinnar, enskíslensku, langt á undan sinni samtíð. Arnar fær móðurmálsverðlaun ársins fyrir viðleitni sína að færa íslenskuna fram á veg til nýrra landvinninga. Hann velur venjulega enskt orð þótt íslenska orðið virðist mun auðveldara og nærtækara. Um daginn lýsti hann einum framkvæmdastjóra í knattspyrnu þannig að hann væri „með obsessjón fyrir possessjón bolta“. Og bætti við: „Þess vegna er hann losing the dressing room.“ Jónas Hallgrímsson hefði ekki getað sagt þetta betur.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Póst dreifing
við komum því til skila
VIÐ ELSKUM SNJÓ EN...
værirðu til í að hafa útiljósin kveikt og stéttina auða ... fyrir okkur?
www.postdreifing.is




ÚTSALAN ER HAFIN

JAFNLAUNAVOTTUN VR

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2016